

# FRÉTTABLAÐIÐ

frettabladid.is

120. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR LAUGARDAGUR 19. JÚNÍ 2021

## Kynntist blóðmóður sinni ekki

Tónlistarkonan Ragga Holm hittir blóðmóður sína aðeins einu sinni. Að sögn erfði hún fíknisjúkdóminn og segir geðhvarfagreiningu hafa auðveldað sér lífið. Hún sé nú loksins komin á réttan kjöl. > 18



### Sér framtíð sína á Íslandi

Joniödu var vísað úr landi árið 2016, í dag útskrifast hún úr íslenskum háskóla. > 2



### Jafnrétti ekki enn náð að fullu

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra ræðir jafnréttismál á kvenréttindadaginn. > 8




### Kenndi sjálfri sér um

Þegar dóttur Ásdísar Olsen var nauðgað kenndi hún sér lengi um að hafa mistekist í uppeldinu. > 16

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## GALAXY BUDS PRO KAUPAUKI FYLGIR ÖLLUM SAMSUNG S21 SÍMUM

Gildir út júní. Aðeins svört heyrnartól í boði.



Verðmæti: 44.995 kr.

ELKO

Hvaðanæfa berast  
fregnir af fylgi  
C-listans.  
Trúið eigi þeim, sem annað segja.  
Konur! Stöndum saman

Myndin af dreifimiðanum kemur frá Kvennasögusafninu á Landsbókasafni. Ingibjörg H. Bjarnason, fyrsta konan á þingi er höfundur miðans.

## Kjölurinn heiðrar konur sem kjósa

ingunnlara@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Kjölur Fréttablaðsins er með sérstöku sniði í tilefni af kvenréttindadeginum.

Vitnað er í dreifimiða úr kosningabaráttu kvennaframboðsins 1922, en eins og margir vita skiluðu kosningarnar 1916 engu fyrir konur.

Fjölmíðlar sögðu á sínum tíma að kvennaframboð væri út í hött, þar sem konur væru óreyndar í stjórnmálum, en í dag birtast skilaboð baráttukvennanna á kili mest lesna dagblaðs landsins.

„Hvaðanæfa berast fregnir af fylgi C-listans. Trúið eigi þeim, sem annað segja. Konur! Stöndum saman.“

Hægt er að lesa náið um baráttu kvenna í stórvirkinu Konur sem kjósa eftir Kristínu Svövu Tómasdóttur, Ragnheiði Kristjánsdóttur, Erlu Huldu Halldórsdóttur og Þorgerði H. Þorvaldsdóttur. ■

## Ætli það sé sól að finna á Akureyri?



Það er sífellt algengari sjón að sjá ferðamenn spóka sig um í Reykjavík þessa dagana, þegar flugfélögin eru búin að taka upp áætlunarflug til Íslands. Þessir ferðamenn virtust vel undir íslenska veðráttu búnir vopnaðir regnhlífum á Skólavörðustíg og létu rigninguna ekki trufla sig. **FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR**

## Óvist með framtíð Litlu kaffistofunnar

benediktboas@frettabladid.is

**VIÐSKIPTI** „Þau eru búin að vera að leigja hjá okkur við góðan orðstír og við erum ekki búin að ákveða næstu skref. Hvort það verði auglýst eftir nýjum leigutaka eða lokað alfarið,“ segir Jón Árni Ólafsson, sviðsstjóri hjá Olís. Í vikunni var tilkynnt að Litlu kaffistofunni yrði lokað í lok júní.

Katrín Hjálmsdóttir hefur séð um reksturinn í fimm ár. „Við erum orðin sátt við þessa niðurstöðu. Við eigum stóran kunnahóp sem verður söknuður af. En við sjáum ekki grundvöll til að halda áfram,“ segir Katrín, sem hugsar með hlýhug til síðustu fimm ára. „Ég hef hitt og kynnst fullt af fólki og kunningskapurinn náð lengra en fyrirtækið.“

Katrín ásamt fjölskyldu sinni var, áður en þau tóku við rekstrinum,



Litlu kaffistofunni verður lokað í lok mánaðar. **FRÉTTABLAÐIÐ/GVA**

fastagestur á Litlu kaffistofunni. Hún þekkir því vel til. „Okkur fannst gott að stoppa hjá Stebba. Við komum oft og fengum okkur brauð og þetta var svolítið eins og að koma í heimsókn í sveitina. Við reyndum að halda í það eins og við gátum og bæta við,“ segir hún.

Jón Árni bætir við að fyrir liggja að kaffistofan verði eitthvað lokað þegar Katrín og fjölskylda skella í lás í lok mánaðar. ■

## Útskrifast úr HR eftir að hafa flúið ofsóknir í heimalandi

Joniada Dega segist viss um að hún hefði ekki fengið sömu tækifæri til náms í heimalandi sínu, Albaníu, og henni hafa hlotnast hér á Íslandi. Hún útskrifast í dag, 23 ára, með meistaraáráðu í heilbrigðisverkfræði.

birnadrofn@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** „Ég sé framtíð mína fyrir mér á Íslandi,“ segir Joniada Dega heilbrigðisverkfræðingur. Joniada fæddist í Albaníu en flutti til Íslands ásamt fjölskyldu sinni, sem flúið pólitískar ofsóknir í heimalandi sínu árið 2015. Í febrúar ári síðar var fjölskyldunni neitað um hæli hér á landi og send aftur til Albaníu í maí sama ár, Joniada hafði þá stundað nám við Flensborgarskólann.

Í júlí 2016 fékk fjölskylda Joniödu dvalarleyfi til árs í senn, en börnin hafa þó þurft að sækja um framlangingu á dvalarleyfi á hálfis árs fresti. Í dag útskrifast Joniada Dega með meistaraáráðu í heilbrigðisverkfræði frá Háskólanum í Reykjavík, aðeins 23 ára gömul.

„Að mínu mati er heilbrigðisverkfræði hlekkur á milli verkfræði og læknisfræði og höfðaði til mín þar sem þetta er starf sem stuðlar að því að gera heiminn að betri stað,“ segir Joniada. Þá segir hún menntunina fela í sér fjölbreytta starfsmöguleika, svo sem við kennslu eða rannsóknir á sjúkrahúsum, hjá eftirlitstofnunum eða lyfjafyrirtækjum.

Joniada hefur nú þegar fengið starf við rannsóknir hjá Svefnbyltingunni, þverfaglegu rannsóknarverkefni við Háskólann í Reykjavík. Hún segist spennt fyrir starfinu, sem sé þó háð því að hún fái hér atvinnuleyfi. „Ég er í þjálfun núna á meðan ég bíð eftir leyfi Útlendingastofnunar til að hefja störf þar í samræmi við lög.“



Joniada vann verkefni sitt í samstarfi við Blóðbankann. **FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON**



**Reynsla mín á Íslandi er orðin að minningu sem mun endast alla ævi og ég er þakklát fyrir að vera hér.**

Joniada Dega heilbrigðisverkfræðingur.

Joniada segist líta á Ísland sem heimili sitt og vonast til að menntun hennar geti nýst íslensku heilbrigðiskerfi. Meistaraverkefni sitt vann Joniada í samstarfi við Blóðbankann þar sem hún spáði fyrir um þörf og framboð á blóði fyrir bankann.

Niðurstöður verkefnisins sýna fram á að árið 2028 verði eftirspurn eftir rauðum blóðkornum orðin meiri en framboð. Þó muni aukning kvenblóðgjafa smám saman valda framboðsskortri síðar en spáð var. „Ég vil nota tækifærið og hvetja konur til að gefa blóð,“ segir Joniada og bætir við að konur séu einungis 30 prósent þeirra sem gefi blóð á móti 70 prósentum karla.

Spurð að því hvort hún telji að hún hefði getað menntað sig á sama hátt í Albaníu og hér á Íslandi segir Joniada svo ekki vera. „Ég hef fengið tækifæri til þess að læra í einum virtasta háskóla landsins hjá afburðakennaraliði sem veitir gagnvirka kennslu með því að nota nútímalegar aðferðir og verkfæri,“ segir hún.

„Reynsla mín á Íslandi er orðin að minningu sem mun endast alla ævi og ég er þakklát fyrir að vera hér,“ segir Joniada. ■

**ÚÚ**  
ÚRVÁL ÚTSYN

**BEINT FLUG TIL TENERIFE**

**INNIFALIÐ FLUG, GISTING & HÁLFT FÆÐI**

GF ISABEL 4\*

GISTING MEÐ HÁLFU FÆÐI

COSTA ADEJE, TENERIFE

23. - 30. JÚNÍ

VERÐ FRÁ: 99.900 KR.

Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA OG 2 BÖRN

WWW.UU.IS | 585 4000 | INFO@UU.IS



blómaval HÚSASMÍÐJAN

# FYRIR ÞIG

# Sumartilboð



**JOTUN**

Pallaolía og viðarvörn



## 20% afsláttur

**JOTUN**  
Trebitt pallaolía 3ja ára ending



Sumarblóm

## 25% afsláttur



**OUTBACK**

**Gasgrill Graphite 3b**  
Grillflötur: 56x38 cm, með ryðfrím brennum og hliðarhellu. 3000390

**39.990 kr**



**weber**

**Gasgrill Q2200**  
Grillflötur: 39 x 54 cm, ryðfrír brennari, rafstýrður kveikjurofi. 3000378

**58.990 kr**



Nýtt

14,21 kw

**NEXGRILL Gasgrill Classic 4B**  
Fjögurra brennara, með hliðarbrennara, breidd grills: 118,2 cm. 3002020

**79.990 kr**



## 20% afsláttur

af öllum sláttuvélum

BLACK+DECKER IKARU-Hogotac

20%

**Sláttuvél Razor 461**  
Bensínmótor 139cc/2,3kW, sláttubreidd 46 cm, 65 ltr., safnari. 5085301

**39.995 kr**



43%

**Stjúpur 10 stk. 1.290 kr**

2.290 kr

**SKOÐAÐU BLAÐIÐ**

husa.is

**Góð ráð hjá Gylfa**

Gylfi Már Ágústsson, sölustjóri og málarameistari veitir ráðgjöf um viðald á pallinum og allri almennri málningarvinnu.

**Selfoss 19. júní**


kl. 10-16



Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.




## Tölur vikunnar



170

Íbúar Urriðaholts í Garðabæ krefjast bættra samgangna í hverfinu.



500

frumvörp voru samþykkt á Alþingi á kjörtímabilinu sem senn lýkur.



333

þreyttu inntökuþróf í læknisfræði í Háskóla Íslands í vikunni.



59

sinnur var lyfinu Rohypnol ávísað í apríl.



1.500

milljónir var sektin sem Eimskip greiddi í ríkissjóð í kjölfar sáttar við Samkeppniseftirlitið.

## Þetta sögðu þau



## Ari Fenger

formaður Viðskiptaráðs

Staðan er sú að Ísland hefur ekki staðið Norður-löndunum jafn langt að baki frá árinu 2013.

Sé rýnt nánar í niðurstöðurnar er Ísland undir meðaltali Norðurlandanna í 15 af 20 undirþáttum. Í fjórum þáttum stendur Ísland 1-4 sætum betur og aðeins í skattastefnu virðist Ísland bera af.



## Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir

dómsmálaráðherra

Mansal er eitt alvarlegasta brot á mannréttindum sem fyrirfinnst.

Gerandinn beitir blekkingum og þvingun til að viðhalda því ástandi að hagnýta aðra manneskju, oftast í fjárhagslegum tilgangi. Mansal er oftast en ekki liður í skipulagðri glæpastarfsemi, svo sem vændi, innflutningi og ræktun fíkniefna og annarri starfsemi á vinnumarkaðnum.



## Ólafur Arnarson

hagfræðingur

Kvótinn sem íslenska ríkið afhendir fyrir 4,7 milljarða er í raun 80 milljarða virði.

80 milljarðar er það verð sem markaðurinn er tilbúinn að greiða fyrir veiðiheimildirnar. Þetta er því ríkisstuðningur upp á um 75 milljarða á ári. Til samanburðar má nefna að alls renna um 77 milljarðar til rekstrar Landspítalans á þessu ári. ■

## Auðveldara að uppræta vinnumansal

Polendur tilkynna sjaldnast sjálfir um brot heldur eru það oftast utanaðkomandi aðilar sem vekja athygli á stöðunni. Fæst mansalsmála enda í réttarkerfinu og erfiðlega gengur að láta brotlega sæta ábyrgð.

urduyrr@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Orð gegn orði og erfiðleikar við að safna sönnunargögnum, er meðal ástæðnanna fyrir að fæst mansalsmál enda nokkurn tímann fyrir dómara. Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands og hluti af samræmingarteymi Bjarkarhlíðar, vonar að nýlegar breytingar á ákvæði almennra hegningarlaga um mansal muni auðvelda rannsókn og saksókn mansalsmála.

Í júlí síðastliðnum var teymi sett á fót í Bjarkarhlíð sem átti að samræma velferðarþjónustu fyrir þolendur mansals. Frá því að teymið var stofnað hefur því borist vel á annan tug mála, flest þeirra um vinnumansal.

„Fæst málanna enda í réttarkerfinu, þetta er oft á gráu svæði og oft enda mál hjá stéttarfelögum eða í einhverjum öðrum farvegi,“ segir Margrét. „Lögreglan hefur haft einhver mál til skoðunar en mér vitanlega hefur ekkert þeirra farið lengra.“

Margrét segir að oft komi upp grunur um mansal sem ekki takist að sýna fram á. Þá er aðalmálið að tryggja þolendum aðstoð eftir aðstæðum.

Margrét segir að erfiðlega hafi gengið að láta þá sem eru brotlegir sæta ábyrgð. Hún segist vona að breytingar á ákvæði almennra hegningarlaga um mansal muni auðvelda það.

Breytingarnar sem samþykktar voru á 227. grein almennra hegningarlaga um mansal eiga að endurspeglar þekktar birtingarmyndir mansals á Íslandi, segir í frumvarpi dómsmálaráðherra. Þá er vonin að



Hátt í annan tug mansalsmála hefur komið inn á borð Bjarkarhlíðar síðasta árið.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÐÖR



Þetta ætti að vera auðveldara núna og meira kjöt á beinunum til að vinna þessi mál. Ég trúir því.

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands.

þær muni auðvelda yfirvöldum að berjast gegn vinnumansali, ásamt öðru.

„Núna er til dæmis í ákvæðinu að mansal þarf ekki endilega að vera í fjárhagslegum tilgangi, þannig þarf ekki lengur að sýna fram á að einhver hafi fjárhagslegan ávinning af,“ segir Margrét. „Þetta ætti að vera auðveldara núna og meira kjöt á beinunum til að vinna þessi mál. Ég trúir því.“

Sjaldnast tilkynna þolendur sjálfir um mansal, heldur er yfirleitt einhver annar sem vekur athygli á stöðu einstaklings. „Flest fólkið hefur aldrei heyrt minnst á mansal og telur sig jafnvel ekki geta leitað úrræða eða hafa rétt á því, af því það samþykkti sjálfst að taka þátt í þessu, til dæmis

að vinna fyrir launum sem eru undir lágmarkslaunum.“

Algengt er að þolendur séu einangradir frá samfélaginu og þá getur þeim reynst erfitt leita hjálpar. Þetta getur sérstaklega átt við um fólk sem kemur annars staðar að og hefur ekki tengslanet, þekkir ekki lagaumhverfið og talar ekki tungumálið.

„Þetta er mikið spor í rétta átt en ég held í rauninni að það verði alltaf einhverjir einstaklingar sem næst aldrei til,“ segir Margrét. „Ég vona samt að meðvitund fólks hafi aukist á síðustu árum og með því að halda umræðunni um mansal gangandi og auka fræðslu þá verði almenningur meðvitaðri og líklegri til að átta sig á því sem er á ferðinni og geti þá látið vita. Það er mjög mikilvægt.“ ■

# ÍS BAND UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI

# RAM 3500

VERÐ FRÁ 7.421.210 KR. ÁN VSK.  
9.202.300 KR. M/VSK.

BREYTINGAVERKSTÆÐI ÍSBAND,  
SMÍÐSHÖFÐA 5, SÉRHÆFIR SIG Í  
BREYTINGUM Á RAM PALLBIFREIÐUM.

BJÓÐUM UPP Á 37" - 40" BREYTINGAPAKKA

BÍLL Á MYND RAM 3500 LARAMIE SPORT MEGACAB MED 35" BREYTINGU



# Þú sparar tíma með appinu

Einfaldari fjármál og  
betri yfirsýn, hvar  
og hvenær sem er.

—  
ÞAÐ ER LANDSBANKI  
NÝRRA TÍMA.





Hraunflæðið hefur aukist mikið.

## Skodað að veita hrauninu í sjóinn

kristinnpall@frettabladid.is

**ELDGOS** Viðbúið er að hraun flæði yfir Suðurstrandarveg og í átt til sjávar á næstu dögum.

Fjögurra metra há og 200 metra langur varnarveggur er það eina sem kemur í veg fyrir að hraunið renni niður í Nátthagakrika. Er nú verið að skoða að veita hrauninu ákveðna leið til sjávar.

Bogi Adolffson, formaður björgunarsveitarinnar Þorbjarnar, segir að ekki verði hægt að heim-sækja gíginn á næstunni. ■

## Auglýsa breytt aðalskipulag

arib@frettabladid.is

**REYKJAVÍK** Reykjavíkurborg hefur sett breytta útgáfu af aðalskipulagi til ársins 2040 í auglýsingu. Tillögnum hefur verið breytt í samræmi við athugasemdir sem bárust.

Meðal þess sem breytist er að landnotkun undir flugvöllinn í Vatnsmýri er framlengd til næstu 11 ára. Háleitari markmið verða sett um breyttar ferðavenjur.

Byggja á íbúðir í Skeifunni, við Kríngluna og við Suðurlandsbraut. ■

## Sýknaður af manndrápi

ingunnlara@frettabladid.is

**DÓMSMÁL** Landsréttur sneri 16 ára fangelsisdómi Héraðsdóms Reykjavíkur yfir Arturas Leimontas. Leimontas var dæmdur fyrir að bana Egidijus Buzelis, í Úlfarsárdal, í desember 2019.

Leimontas hefur ávallt haldið fram sakleysi. Landsréttur sneri dómnum við þar sem engin vitni eða bein sönnunargögn voru fyrir hendi. ■

# Fötluð börn útilokuð í vatnsrennibrautum

benediktboas@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** „Þetta er hugrakkt skref hjá Ægi og við tökum heilshugar undir með honum, enda eitthvað sem þarf að bæta úr,“ segir Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir, verkefnastjóri upplýsinga- og kynningarmála hjá Þroskahjálpi, um þá staðreynd að engar vatnsrennibrautir landsins hafi aðgengi fyrir fatlaða.

Eins og Fréttablaðið hefur fjallað um sendi hinn nýu ára Ægir Þór Sævarsson, sem glímur við vöðva-rýrnunarsjúkdóminn Duchenne,

bréf til bæjarráðs Hornafjarðar vegna sundlaugarinnar þar í bæ. Ægi finnst fátt skemmtilegra en að renna sér niður rennibrautirnar í sundlauginni á Höfn en aðgengi fyrir fötluð börn er þar, líkt og annars staðar, ekki upp á marga fiska.

Inga Björk er sjálf í hjólastól og þekkir þá raun að vilja renna sér. Hún ólst upp í Borgarnesi og þar hélt starfsmaður sundlaugarinnar á henni upp í hæstu hæðir. „Hans væntumþykja olli því að hann var til í þetta en svo stækkaði ég og hætti að biðja um það því mér



Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir, verkefnastjóri upplýsinga- og kynningarmála.

fannst það ekki lengur í boði að láta starfsmann sundlaugarinnar stússast í þessu.

Sum börn láta bera sig upp annaðhvort af fjölskyldumeðlimum

eða starfsmönnum sundlauga sem eru til í þetta.

Öll börn eiga rétt á að lifa innihaldsríku og fjörugu lífi – fötluð börn líka,“ segir Inga Björk.

Henni sviður það að sjá opinbera aðila reisa vatnsrennibrautir á þessu ári bæði í Úlfarsárdal og í Keflavík en gera ekki ráð fyrir aðgengi fyrir fatlaða. „Það eru opinberir aðilar að byggja upp sundlaugararnar. Þau eiga líka að hugsa um fötluð börn og þeirra hagsmuni. Nú eru þessi börn útilokuð,“ segir Inga Björk. ■

# Nýfæddir Hafnfirðingar fá gjafakassa frá bænum eins og tíðkast í Finnlandi

Í haust eða um áramót mun Hafnarfjarðarbær byrja að gefa nýfæddum bæjarbúum og fjölskyldum þeirra gjafapakka með ýmsum hlutum sem nýtast fyrstu mánuðina. Slíkar gjafir hafa tíðkast í Finnlandi lengi og fleiri staðir hafa tekið síðinn upp.

kristinnhaukur@frettabladid.is

**HAFNARFJÖRÐUR** Hafnarfjarðarbær mun færa nýfæddum bæjarbúum og foreldrum þeirra gjafir um það leyti sem barnið á að fæðast. Munu þær innihalda ýmsa hluti sem nýbakaðir foreldrar þurfa fyrstu mánuðina.

„Þessi hugmynd kom fyrst upp hjá okkur þegar við sáum hvernig nokkur sveitarfélög í Finnlandi gera þetta,“ segir Valdimar Víðisson, formaður fjölskylduráðs Hafnarfjarðar. „Þar fá fjölskyldur kassa að gjöf.“

Finnar hafa gefið slíka kassa síðan á fjórða áratug síðustu aldar og er það orðið að sterkri hefð þar í landi. Þar berst kassinn á fjórða mánuði meðgöngunnar en mæður hafa val um að fá frekar 170 evrur, um 25 þúsund krónur. Langflestar velja kassann, enda er verðmæti hans meira en 170 evrur.

Í finnska kassanum hafa meðal annars verið samfellur, húfur, vettlingar, buxur, náttföt, svefnpokar, útigalli, smekkir, pelar, hitamælar, brjóstapúðar, barnapúðar, hárburstar, handklæði, bleiur, blautklútar, bækur og leikföng. Þá hefur honum fylgt sæng og dýna og því hægt að nota hann sem rúm.

Kassinn hefur breyst frá ári til árs



Í finnsku gjafakössunum eru meðal annars samfellur, bleiur, smekkir og leikföng.

MYND/YOUTUBE



Okkur er mjög umhugað um að halda því á lofti að Hafnarfjörður sé góður staður til að búa á.



Valdimar Víðisson, formaður fjölskylduráðs Hafnarfjarðar.

en yfirleitt er fatnaðurinn í litum sem taldir hafa verið kynhlutlausir, oftast hvítum. Á undanföllum árum hefur verið hugað að því að hafa vörurnar í honum umhverfisvænar.

Síðastliðin fimm ár hafa fleiri lönd eða svæði fylgt frumkvæði Finna. Meðal annars Argentína, Skotland og New Jersey-ríki í Bandaríkjunum. Í Nunavut-fylki í norðurhluta Kanada var ákveðið að gefa kassa til þess að takast á við háan ungbarnadauda meðal innfæddra.

Aðspurður um hvernig hinn hafnirski kassi verður útfærður, segir Valdimar að það verði gert í samstarfi við heilsugæsluna og ljósmæður. „Fyrstu skrefin eru að forvinna og hanna gjöfina. Vonandi

verður hægt að koma þessu í framkvæmd í haust en þá í síðasta lagi um áramót,“ segir hann.

Nokkur umræða hefur verið um íbúafækkun í Hafnarfirði undanfarna mánuði eftir að íbúafjöldinn fór undir 30 þúsunda mark. Valdimar segir Hafnarfjörð hins vegar mjög fjölskylduvænt sveitarfélag og að þessi gjöf sé líður í þeirri stefnu að tryggja að svo verði áfram.

„Við höfum verið að setja upp ærslabelgi hér og þar í bænum, verið með systkinaafslætti, um jólin er alltaf mikið um að vera og svo eru hér góðir grunnskólar og leikskólar. Okkur er mjög umhugað um að halda því á lofti að Hafnarfjörður sé góður staður til að búa á,“ segir Valdimar. ■

# Parket

Parki  
INTERIORS

Gríðarlegt úrval af viðarparketi ásamt vatnspolnu harðparketi og vínyparketi má finna í sýningarsal okkar á **Dalvegi 10-14**.

Komdu við og ræddu við sérfræðinga Parka og fáðu faglega ráðgjöf



Dalvegi 10-14, 201 Kópavogi • 595 0570



Finndu okkur á **Facebook!**  
facebook.com/Parki.interiors

# Sumarsmellur!

20%

AF SUMARBLÓMUM,  
SÍGRÆNUM PLÖNTUM,  
HANDVERKFÆRUM,  
BASTKÖRFUM  
TRJÁM, RUNNUM  
SILKIBLÓMUM  
OG KERTUM

MARKAÐSTORGJØ  
50-70%  
AF ÝMSUM VÖRUM

OPIÐ 10-21  
ALLA DAGA

AFSLÁTTUR GILDIR FRÁ 19.-30. JÚNÍ



GARÐHEIMAR  
Stekkiarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# Stolt af því sem áunnist hefur í jafnréttismálum

Kvenréttindagurinn er í dag, 19. júní, og af því tilefni segir Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra mikilvægt að taka markmiðum kvennabaráttu ekki sem gefnum hlut. Hún segir faraldurinn hafa sýnt fram á mikilvægi kvennastétta og er stolt af því sem áunnist hefur í jafnréttismálum á kjörtímabilinu.

birnadrofn@frettabladid.is

**JAFNRÉTTISMÁL** „Það er mikilvægt að velta fyrir okkur merkingu þessara tímamóta því þó að okkur finnst oft sem markmiðum kvennabaráttu sé náð, þá skiptir það nefnilega máli að taka þeim ekki sem gefnum hlut,“ segir Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra í grein sem birtist á vef Fréttablaðsins, frettabladid.is, í dag í tilefni kvenréttindadagsins 19. júní. Á þessum degi árið 1915 fengu konur 40 ára og eldri kosningarétt á Íslandi og fimm árum síðar allar konur.

Í samtali við Fréttablaðið segist Katrín leggja sig fram um að ræða jafnréttismál sem víðast. „Það er bara svo ofboðslega mikilvægt að ræða þessi mál og líka þar sem fólk er ekki vant að ræða þau, til dæmis eins og á NATO-fundi,“ segir Katrín.

Hún segist stolt af því sem áunnist hefur í jafnréttismálum á kjörtímabilinu og nefnir þar sérstaklega lengingu fæðingarorlofs og aukinn rétt kvenna til þungunarrofs. „Lög um þungunarrof höfðu verið óbreytt frá því á áttunda áratugnum



og breytingarnar eru stórt skref í því að byggja á sjálfsákvörðunarrétt kvenna, þetta er grundvallarmál,“ segir Katrín.

Þá segist Katrín einnig stolt af áætlun um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, sem samþykkt hefur verið á Alþingi. Um er að ræða áætlun sem felur í sér að komið verði á skipulögðum forvörnum gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni.

Forvarnirnar verða samþættaðar kennslu og skólastarfi á öllum skólastigum og munu einnig eiga sér stað á frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum og í tómstundastarfi.

Katrín segir forvarnir mikilvægan



**Stóra verkefnið núna finnst mér vera það hvernig við getum komið í veg fyrir að það sé brotið á fólki.**

Katrín Jakobsdóttir.

þátt í því að uppræta ofbeldi. „Við erum búin að vera að gera réttarbætur hinum megin til þess að bregðast við því þegar brotið er á fólki, stóra verkefnið núna finnst mér vera það hvernig við getum komið í veg fyrir að það sé brotið á fólki,“ segir hún.

Katrín segir nauðsynlegt að ræða ofbeldi frá öllum sjónarhornum, líka frá sjónarhorni gerandans. „Og taka þessa umræðu upp á yfirborðið, hvað það er sem veldur þessu og af hverju þetta er bara talið eðlilegt.“

Víða um heim hefur hallað á réttindi kvenna í kórónuveirufaraldurinum og aðspurð segir Katrín helstu birtingarmynd þess hér á landi vera aukið heimilisofbeldi, en tilkynningum vegna heimilisofbeldis hér-

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra reynir að ræða jafnréttismál á sem fjölbreyttustum vettvangi og við sem flesta, svo mikilvægt þykir henni mál-efnið.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ERNIR

lendis fjölgaði mikið eftir að faraldurinn skall á. Þá hefur bæði konum sem leitað hafa í Kvennaathvarfið og Bjarkarhlíð fjölgað.

„Þetta virðist vera alþjóðleg tilhneiging í faraldurinum,“ segir Katrín. „Við förum í það að styðja sérstaklega við Kvennaathvarfið og réðumst í ákveðna vitundarvakningu um heimilisofbeldi,“ bætir hún við.

Spurð að því hvort konur hér-landis líkt og erlendis hafi dottið út af atvinnumarkaði frekar en karlar í faraldurinum, segir Katrín svo ekki vera. Hlutföll þeirra sem misstu vinnuna hafi verið tiltölulega jöfn. „Við höldum einnig skólunum að mestu opnum, en við höfum séð það gerast annars staðar að konur fari frekar heim að sinna börnunum þegar þeim er lokað,“ segir Katrín.

Þá segir Katrín faraldurinn hafa verið áminningu um mikilvægi stórra kvennastétta á Íslandi, til að mynda stéttir kennara og heilbrigðisstarfsfólks. „Við eigum mikil verðmæti í þessu kerfi okkar og þessum konum.“

Katrín segir nauðsynlegt að minna sjálfan sig á að jafnrétti sé ekki enn náð og að mikilvægt sé að fylgja eftir þeim verkefnum sem lagt hafi verið af stað með á kjörtímabilinu. Næsta stóra verkefni segir hún launamun kynjanna, vel hafi tekist til með jafnlauanavottun „en það sem þarf að taka til skoðunar næst er munurinn á stéttum þar sem við erum með stórar kvennastéttir annars vegar og stórar karlastéttir hins vegar.“ ■



Við opnum sýningu á tillögum að nýju hverfisSKIPULAGI Breiðholts 19. júní nk. klukkan 14.

HverfisSKIPULAG byggir á víðtæku samráði, óskum íbúa og vistvænum áherslum í þróun hverfisins. Kynntu þér nýju tillögurnar á hverfisSKIPULAG.is.

Dagskrá

Ávarp – Alexandra Briem, forseti borgarstjórnar

Kynning á tillögum

Umræður



Reykjavíkurborg  
Umhverfis- og skipulagssvið





# Straumurinn er í Öskju!



## Yfir 30 gerðir rafmagnaðra bíla

Askja býður glæsilegt úrval 100% rafbílanna, tvinn- og tengiltvinnbílanna frá Mercedes-Benz, Kia og Honda. Við erum sérfræðingar í rafbíllum og svörum öllum þínum spurningum um allt sem þeim tengist.

**Komdu í reynsluakstur, við tökum vel á móti þér.  
Opð í dag frá kl. 12–16.**

## Uppgjörð



Jón Þórisson  
jon@frettabladid.is

**B**rátt verður sólin hæst á lofti og dagur lengstur. Þó að veðurfar hafi ekki verið með besta móti á landinu undanfarið er landsmönnum fremur létt í sinni. Faraldurinn er að koðna niður samhliða fjölda bólusettra. Fagnað hefur verið af minna tilefni.

Þá tekur við það risavaxna verkefni að hefja uppbyggingarstarfið á ný. Þótt ágætlega hafi miðað í að draga úr atvinnuleysi og umfram það sem búist var við, ganga samt þúsundir um án atvinnu og heimili hafa mörg orðið fyrir fjárhagslegum skakkaföllum vegna minni tekna heimilishaldsins. Fjöldi fyrirtækja hefur verið lagður í dvala vegna tekjubrests og ekki vist að takist að vekja þau öll til lífsins á ný.

Hvergi er samt dauflégra um að litast en í fjármálum ríkisins. Mótvægisáðgerðirnar sem gripið var til hafa kostað ríkissjóð mikið og svo bætist við að tekjusaumdráttur hins opinbera er umtalsverður. Samanlagður halli á ríkissjóði á síðasta og þessu ári verður nær 600 milljarðar króna.

Í þetta gat þarf að staga og það verður ekki gert að öllu leyti með lántökum þótt íslenska ríkið búi við tiltrú á fjármálamörkuðum heimsins.

Í vikunni urðu þau ánægjulegu atvik að hluti Íslandsbanka var seldur að hluta úr ríkiseigu.

Um 24 þúsund hluthafar bættust við þetta í eigendahóp bankans og þarf að leita langt aftur til að finna sambærilegan fjölda hluthafa í íslensku fyrirtæki. Margt bendir til að uppistaðan í þessum fjölda sé almenningur.

Að líkindum eru íslenskir lífeyrissjóðir meðal nýju hluthafanna, þar sem tugir þúsunda launþega eiga hagsmuni. Það verður því varla annað sagt en að salan hafi verið sigurför fjármálaráðherra og níföld umframeftirspurn glöggur vitnisburður um álit fjárfesta á rekstri bankans og framtíðarhorfum.

Við sölu aflar ríkissjóður sér dýrmætta 55 milljarða sem eiga munu sinn þátt í að greiða fyrir vandræðin sem faraldurinn hefur valdið. Og þetta var aðeins 35 prósent eignarhlutur.

Strax eftir að niðurstaða sölnnar varð ljós og búið að tilkynna áskrifendum hvaða skerf þeir hefðu tryggt sér, hófust viðskipti með hlutina, þótt þeir verði ekki teknir til viðskipta á opinberum markaði fyrir en síðar í mánuðinum. Þessi fyrstu viðskipti benda eindregið til að heildarmarkaðsverð bankans verði talsvert umfram það sem lagt var til grundvallar við sölu nú. Íslenska ríkið mun því fá herra verð fyrir hvert prósent þegar meira verður selt af bankanum. Þannig mun sala hans eiga sinn trausta þátt í að lækka skuldir ríkissjóðs og tryggja að við látum ekki komandi kynslóðum eftir að fást við þær.

En salan er líka sterk vísbending um að áfram þarf að halda við sölu ríkiseigna. Fjármálaráðherra segir í viðtali hér í blaðinu í vikunni að halda verði augum opnum fyrir frekari tækifærum til að losa um eignarhlut ríkisins að fullu. „Ef aðstæður á næsta ári leyfa er ekki eftir neinu að bíða. Til lengri tíma litid sé ég fyrir mér að ríkið skrái Landsbankann sömuleiðis á markað en verði áfram meirihlutaeigandi.“

Vonandi tekst að hrinda þessum áformum í framkvæmd. Því ráða kjósendur í haust. ■

”  
Í þetta gat þarf að staga og það verður ekki gert að öllu leyti með lántökum þótt íslenska ríkið búi við tiltrú á fjármálamörkuðum heimsins.

## ■ Gunnar



## ■ Mín skoðun

## Sýndarsíðferði samtímans



Sif Sigmarsdóttir

**B**retaníu-bolurinn er tiskuflik sumarsins. Þverröndóttur bómullarbolurinn, eins konar óopinber þjóðbúningur Frakka, leit fyrst dagsins ljós sem einkennisklæðnaður sjóhersins í Norður-Frakklandi árið 1858. Bolinn prýddu tuttugu og ein rönd, að sögn ein fyrir hvern sigur Napóleons Bónaparte gegn Bretum. En Bretaníubolurinn er ekki eina franska uppfinningin sem komin er aftur í tisku.

Við upphaf mánaðarins rættist draumur krikketleikarans Ollie Robinson er hann lék fyrsta leik sinn á stórmóti fyrir enska landsliðið. Sama dag breyttist draumurinn í martröð. Meðan á leiknum stóð komu upp á yfirborðið áratuga gamlar færslur á samfélagsmiðlinum Twitter eftir Robinson sem báru vott um rasisma og kvenfyrirlitningu. Robinson baðst afsökunar. En syndaaflausn átti ekki upp á pallborðið hjá enska krikket-sambandinu. Þótt Robinson hafi verið unglingur þegar hann lét ummælin falla var hann rekinn úr liðinu.

## Opinber aftaka

Sagan segir að síðustu ár ævi sinnar hafi Maximilien Robespierre, einn þekktasti forgöngumaður frönsku byltingarinnar, hafst við í bergmálshelli eigin ágætis. Hann bjó í íbúð í París með fólki sem dæði hann, umkringdur speglum og málverkum af sjálfum sér. Robespierre hafði verið þekktur fyrir að vera réttlátur maður. Hann var lögfræðingur og friðarsinni sem barðist gegn dauðarefsingum og þrælshaldi. Það var óbilgjörn trú Robespierre á eigið siðgæði sem varð til þess að hann gerðist vægðarlausasti böðull byltingarinnar. Á tíma „ögnarstjórnarinnar“ 1793 til 1794 voru sautján þúsund manns teknir af lífi. Ekki aðeins þeir sem unnu gegn byltingunni með beinum aðgerðum fengu að kynnast fallöxinni. Samkvæmt „lögum um grunaða“ töldust þeir einnig sekir sem „með framferði, tengslum,

tungumáli – töluðu eða rituðu – afhjúpuðu sig sem ... óvini frelsisins“.

Samfélagsmiðlar eru fallöxi samtímans. Leiki minnsti grunur á að bærast með einstaklingi hugsanir sem ganga gegn ríkjandi málstað biður hans opinber aftaka. Ollie Robinson er ekki eina íþróttastjarnan sem dæmd var úr leiki í síðferðiskapphlaupi samtímans í mánuðinum. Nýverið fór myndband um samfélagsmiðla þar sem Eiður Smári Guðjohnsen sést pissa á almannafæri. Samstundis bærust af því fréttir að starf Eiðs hjá Knattspyrnusambandi Íslands hengi á bláþræði. Eiður hefur nú verið sendur í tíma-bundið leyfi.

Við fyrstu sýn kann að virðast sem enska krikketsambandið og KSÍ fari fram með góðu fordæmi; ljótir hlutir eru ekki liðnir. Sé betur að gáð sést að viðbrögðin eru jafnholl almennu velsæmi og síðferðisvitund Robespierre.

Rannsókn sem gerð var við Stanford-háskóla sýnir að þeir sem flagga mest andstöðu sinni við rasisma eru líklegri til að sýna af sér rasíska hegðun. Í sálfræði kallast fyrirbærið „síðferðisleyfi“ (e. moral licensing). Fólk sem telur sig góðar manneskjur finnst það hafa meira svigrúm en aðrir til að sýna af sér slæma hegðun. Sama gildir um fyrirtæki. Ný rannsókn sýnir að hjá tæknifyrirtækjum í Bandaríkjunum sem lýstu opinberlega yfir stuðningi við „Black Lives Matter“-hreyfinguna unnu tuttugu prósentum færri svartir starfsmenn en hjá fyrirtækjum sem gerðu það ekki.

KSÍ tekur þátt í sýndarsíðferði samtímans. Það má ekki pissa úti á götu. En það er í lagi að spila fótbolta í Katar þar sem mannréttindi eru höfð að engu. Það er í lagi að flagga styrktaraðilanum Kók sem gengur gegn öllum hugmyndum um hollustu og hreysti. Engum var hót að atvinnumissi þegar kreditkort KSÍ var notað í leyfisleysi á nektarstað í Sviss um árið. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

20

NÁÐU TIL FJÖLDANS!

44% 68%

18-80 ára lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali\*

55-80 ára lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali\*

Sími: 550 5050 – [soludeild@frettabladid.is](mailto:soludeild@frettabladid.is)

\*Samkvæmt prentmælingum Gallup

# KRÓNAN

# Mmm ...

## Hvernig hljómar að grrrrilla takkó?



# KVEIKJUM Á SUMRINU



Jarritos ávaxta gosdrykkir  
**249** kr. stk.



Ferskir maís stönglar  
**199** kr. stk.



Avocado frá mexíkó  
**299** kr. stk.



Fingies jalapeño/osta bitar  
Verð frá:  
**599** kr. pk.



SS rifið grísakjöt 400 g  
**998** kr. pk.



Sauce shop hot sauce  
**599** kr. stk.



Banderos vefjur mini 8 stk.  
**265** kr. pk.



Afgreiðslutímar á [www.kronan.is](http://www.kronan.is)

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/það myndabrengl.

## Tímabilið fór á flug í hálfleik í Hamborg

Lemgo mun leika í Evrópukeppni í handbolta karla á næstu leiktíð eftir um það bil áratuga fjarveru en Bjarki Már Elisson er einn af lykil-leikmönnum liðsins. Þegar þrjár umferðir eru eftir af þýsku efstu deildinni er Bjarki Már þriðji markahæsti leikmaður deildarinnar.

hjoarvaro@frettabladid.is

**HANDBOLTI** Bjarki Már Elisson, landsliðsmaður í handbolta, er sáttur við afraksturinn á keppnistímabilinu sem senn fer að ljúka. Lið hans, Lemgo, situr í sjöunda sæti þýsku efstu deildarinnar þegar þremur umferðum er ólokið en liðið hefur nú haft betur í sex síðustu leikjum sínum í deild og bikar.

Lemgo varð bikarmeistari í upphafi júnímánaðar eftir sigur gegn Melsungen, sem leikur undir stjórn Guðmundar Þórðar Guðmundssonar landsliðsþjálfara og er með landsliðslinumanninn Arnar Frey Arnarsson innanborðs. Bjarki Már segir að það hafi verið ákveðinn vendipunktur í hálfleik í leik liðsins gegn Kiel í undanúrslitum bikarkeppinnar.

„Við vorum sjö mörkum undir í hálfleik á móti Kiel í undanúrslitaleiknum. Þá tókum við þá ákvörðun að njóta þess að spila í bikarúrslitaleiknum í Hamborg, sem er ávallt mikil upplifun að taka þátt í. Þar náðum við að fækka þeim mistökum sem við vorum að gera, slaka á og í kjölfarið gekk bara allt upp.

Sá sigur veitti okkur mikið sjálfstraust og við höfum ekki litið til baka síðan þá og það var aldrei spurning í bikarúrslitaleiknum hvorum megin sigurinn myndi enda. Svo höfum við unnið fjóra deildarleiki eftir bikarúrslitaleiknum og erum í finni stöðu í deildinni.

Árangurinn í deild og bikar er í raun framar þeim væntingum sem við höfðum fyrir tímabilið,“ segir Bjarki Már um tímabilið, en hann skoraði níu mörk þegar Lemgo lagði Erlangen að velli á þjóðhátíðardegi Íslendinga.



Bjarki Már Elisson, landsliðsmaður í handbolta, varð bikarmeistari með Lemgo í byrjun júní en hann segir árangur liðsins á leiktíðinni sem er að ljúka framar vonum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**Sá sigur veitti okkur sjálfstraust og við höfum ekki litið til baka síðan þá og það var aldrei spurning í bikarúrslitaleiknum hvorum megin sigurinn myndi enda.**

Bjarki Már Elisson.

### Vantar breidd til að ná lengra

Bjarki Már er þriðji markahæsti leikmaður deildarinnar með 221 mark í 35 leikjum en Ómar Ingi Magnússon, sem leikur með Magdeburg, er markahæstur með 247 mörk.

„Við erum með sterkt byrjunarlið og höfum spilað hörkuleiki við toppliðin í vetur. Leikmannahópurinn er hins vegar ekki nógu breiður til þess að gera sig meira gildandi í toppbaráttunni en við höfum gert á leiktíðinni.

Þar af leiðandi erum við sáttir við árangurinn og það er frábært að hafa tryggt sér sæti í Evrópukeppni á næstu leiktíð. Lemgo er gamalt stórveldi sem lenti í fjárhagsvandráðum um 2010 og hefur síðan þá verið að byggja upp sterkan grunn á nýjan leik,“ segir hornamaðurinn knái.

### Gamalt stórveldi að vakna

Lemgo hefur tvisvar sinnum orðið þýskur meistari, 1997 og 2003, varð

bikarmeistari í fjórða skipti í júní-byrjun og unnið Evrópukeppni bikarhafa einu sinni og EHF-keppnina tvisvar sinnum, 2006 og 2010.

„Það verður gaman að fara í Evrópukeppni með liðinu en stuðningsmenn liðsins muna vel eftir því þegar liðinu gekk vel á þeim vettvangi frá um það bil 1990 til 2010.

Það er geggjáð að finna fyrir því að stuðningsmennirnir séu farnir að mæta aftur eftir fjarveru vegna kórónaveirufaraldursins og það var til að mynda frábær tilfinning að fagna bikarmeistaratitlinum með okkar hörðustu stuðningsmönnum.

Við leikmenn fundum það sterkt að stuðningsmenn voru búnir að bíða lengi eftir titli eftir þurrkatíð hvað bikarsöfnun varðar. Nú eru spennandi tímar fram undan hjá félaginu og ég er ánægður með að hafa framlengt samning minn við félagið fyrr á þessu ári. Ég verð hjá

Lemgo allavega eitt tímabil í viðbót og er spennur fyrir næsta vetri,“ segir hann.

### Mun deila viskunnni í Árbænum

Bjarki Már ætlar svo að gefa af sér til uppeldisfélagsins, Fylkis, í sumarfrí sínu en hann mun stýra handboltaskóla hjá félaginu sem verður haldinn 5.-9. júlí næstkomandi.

„Góður vinur minn kom með þessa hugmynd og ég var bara meira en til í þetta. Ég er grjótharður Fylkismaður og þarna ólst ég upp. Það er mér því bæði ljúft og skylt að aðstoða við þjálfun þar. Skráning gengur vel en það eru enn nokkur pláss laus,“ segir Bjarki Már.

Landsliðsfólkið Björgvin Páll Gústavsson og Thea Imani Sturludóttir munu mæta í heimsókn í handboltaskólann. Heppnir einstaklingar í handboltaskólanum geta einnig unnið treyju frá Aroni Pálmarsyni og Janusi Daða Smárasyni. ■

## Sjálfbær, lífvænleg og kolefnishlutlaus borg. Aðalskipulagstillaga í auglýsingu.

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti þann 15. júní 2021 að auglýsa tillögu að Aðalskipulagi Reykjavíkur til ársins 2040. Aðalskipulagstillagan er uppfærð og endurbætt útgáfa þess aðalskipulags (AR2030) sem staðfest var fyrir rúmum sjö árum. Tillagan byggir á sýn og stefnumörkun AR2030, sem samþykkt var í febrúar árið 2014 að undangengnu löngu og ítarlegu samráðs- og kynningarferli.


Breytingartillögur miða allar að því að tryggja betur framfylgd núgildandi meginmarkmiða aðalskipulagsins um sjálfbæra borgarþróun. Breytingarnar snúa einkum að stefnu um íbúðarbyggð innan þéttbýlis borgarinnar. Auk þess eru boðaðar stöku breytingar á völdum atvinnusvæðum og samgönguinnviðum. Tillögurnar gera einnig ráð fyrir því að tímabil aðalskipulagsins verði framlengt til ársins 2040 og því eru sett fram ný meginmarkmið í völdum málaflokkum.

Aðalskipulagstillagan, greinargerð ásamt skipulagsuppráttum, er auglýst samkvæmt 1. mgr. 36. gr, sbr. 31. gr. laga nr. 123/2010. Tillöginni fylgir umhverfisskýrsla, sbr. lög nr. 105/2006 um

umhverfismat áætlaða og önnur fylgiskjöl. Tillagan er einnig auglýst með athugasemdum Skipulagsstofnunar, dagsettar 20. maí 2021.

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8.30-16, frá 21. júní 2021 til og með 23. ágúst 2021. Tillagan er einnig til sýnis á Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b.

Þau sem telja sig eiga hagsmuna að gæta eru hvött til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum skal skila skriflega til Umhverfis- og skipulagssviðs, Borgartúni 12-14 eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 23. ágúst 2021. Vinsamlegast notið uppgið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti. Nálágast má öll skipulagsgögn á aðalskipulag.is og reykjavik.is



# Er þetta eðlilegt?

Sjómenn hafa verið kjarasamningslausir í **rúma 19 mánuði**.

Staðan við samningaborðið er botnfrosin enda er aðalkrafa útgerða í landinu að sjómenn greiði **20% af veiðileyfagjöldum**.

**Veiðileyfagjöld eru greidd af hreinum hagnaði útgerða.**

Nú vilja þau sem nýta sameiginlega auðlind okkar auka hagnað sinn með því að láta **sjómenn greiða** auðlindagjöld fyrir sig.



Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur



VM Félag vélstjóra og málmæknimanna



Sjómannafélag Íslands

ÚTSALA  
**35%**  
AFSLÁTTUR

**BILOXI**  
3ja sæta sófi



77.994 kr. ~~119.990 kr.~~



**ALTARI**  
2ja og 3ja sætasófar

2ja sæta  
87.992 kr. ~~109.990 kr.~~

3ja sæta  
95.992 kr. ~~119.990 kr.~~

ÚTSALA  
**20%**  
AFSLÁTTUR



**BRISTOL**  
Hægindastóll

63.992 kr. ~~79.990 kr.~~

ÚTSALA  
**20%**  
AFSLÁTTUR



ÚTSALA  
**30%**  
AFSLÁTTUR

**SINGLE**  
Borðstofuborð  
ø 130 cm H: 76 cm  
76.993 kr. ~~109.990 kr.~~  
Tvær stækkanir –  
seldar sér  
20.993 kr. ~~29.990 kr.~~

**DURHAM** Hægindastóll.  
Ljósbrúnt leður.  
87.992 kr.  
~~109.990 kr.~~

ÚTSALA  
**20%**  
AFSLÁTTUR



ÚTSALA  
**30%**  
AFSLÁTTUR

**FIERCE**  
Borðstofustóll

25.193 kr. ~~35.990 kr.~~



ÚTSALA  
**20%**  
AFSLÁTTUR

**EMBRACE**  
Borðstofustóll

26.392 kr. ~~32.990 kr.~~



**WOODSTOCK**  
Sófaborð úr olíuborinni  
eik eða svörtum aski. Tvær stærðir.

Stærð: 120x60 cm  
29.992 kr. ~~39.990 kr.~~

Stærð: 80x80 cm  
26.243 kr. ~~34.990 kr.~~

ÚTSALA  
**25%**  
AFSLÁTTUR



**FRIDAY**  
Tungusófi

175.992 kr. ~~219.990 kr.~~

ÚTSALA  
**20%**  
AFSLÁTTUR

ÚTSALA  
**20%**  
AFSLÁTTUR

**COUVIN**  
Glerskápur/svart birki  
151.992 kr. ~~189.990 kr.~~



**VALDAR LUKTIR**

ÚTSALA  
**50%**  
AFSLÁTTUR



**BERMUDA**  
Garðhúsgagnasett.  
Heildarverð:  
127.992 kr. ~~159.990 kr.~~

RIBBON  
BERMUDA & BALI  
**20%**  
KYNNINGAR  
AFSLÁTTUR



**BALI**  
Garðhúsgagnasett. Hornsófi og borð.  
Heildarverð:  
111.992 kr. ~~139.990 kr.~~

**RIBBON**  
Höfuðpúði  
3.920 kr. ~~4.900 kr.~~

**RIBBON**  
Stóll úr lituðu birki  
eða málaðri furu  
36.792 kr.  
~~45.990 kr.~~



**RIBBON**  
Skemill  
20.792 kr.  
~~25.990 kr.~~



Reykjavík 11 – 18 virka daga  
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga  
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 11 – 18 virka daga  
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður  
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is  
558 1100

Verð og vöruupplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur.  
Yfirstríkað verð sýnir fullt verð vöru. Verð gildir til 11. júlí 2021,  
eða á meðan birgðir endast.

# SUMAR ÚTSALA



Allt að **50%** afsláttur



## IMPERIAL

Pigga sæta sófi og hægindastóll úr svarbláu sléttflaeli. Imperial er einnig fáanlegur í ljósbrúnu, olíuvaxbornu leðri.

3ja sæta sófi í sléttflaeli  
**239.992 kr. -299.990 kr.**

Hægindastóll í sléttflaeli  
**151.992 kr. -189.990 kr.**

3ja sæta sófi í leðri  
**279.993 kr. -399.990 kr.**

Hægindastóll í leðri  
**167.993 kr. -239.990 kr.**



STOCKHOLM  
**20%**  
KYNNINGAR  
AFSLÁTTUR

**STOCKHOLM**  
Hornsófi 2H2. Stærð: 252 x 252 x 80 cm **215.992 kr. -269.990 kr.**



**STOCKHOLM**  
Hægindastóll  
**47.992 kr. -59.990 kr.**



**MEDUSA**  
Kampavinsglas **1.692 kr. -1.990 kr.**

*Fallegur borðbúnaður  
- tilvalinn í útileguna  
eða út á pallinn!*

**MEDUSA**  
**15%**  
KYNNINGAR  
AFSLÁTTUR



**MEDUSA**  
Skál 14,5 cm **1.267 kr. -1.490 kr.**



Ásdís Olsen segir reynslu dóttur sinnar hafa orðið sér hvatningu til að gera sérstakan þátt um þolendur kynferðisofbeldis sem sýndur er í kvöld á Hringbraut.



Björk Eidsdóttir  
bjork  
@frettabladid.is

## Ég var með alls kyns hugmyndaskekkjur

Í tilefni Kvenréttindadagsins verður í kvöld sýndur á Hringbraut þáttur um þolendur kynferðisofbeldis í umsjá Ásdísar Olsen. Ásdís á fjórar dætur og segir sára reynslu einnar þeirra hafa breytt hugsunarhætti sínum.

Ásdís Olsen hefur haldið úti þættinum Undir yfirborðið á Hringbraut undanfarin ár, þar sem áherslan hefur verið á afhjúpanði umræðu um mannleg málefni. Hér er um að ræða sérstaka útgáfu þáttarins í tilefni Kvenréttindadagsins sem er í dag, laugardag. Auk þriggja þolenda sem segja sögu sína eru þátttakendur í umræðuþættinum sérfræðingarnir Hanna Björg Vilhjálmssdóttir, kennari í kynjafræði, og Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, talskona Stígamóta.

„Ég á fjórar dætur þannig að málið er mér skylt. Ég hef líka áttað mig á því að ég þarf stöðugt að vera að endurskoda mínar hugmyndir og hugsunarhátt eftir því sem meðvitund eykst og réttisýnin verður meiri. Mín kynslóð ólst upp við bælingu og drusluskömm. Það sagði enginn frá misnotkun og ofbeldi. Þá báru þolendur skömm sína í hljóði, enda mátti ekki skyggja á ímyndina. Ég þurfti að horfast í augu við margar viðhorfaskekkjur þegar áfallið dundi yfir í minni fjölskyldu.

Dóttur minni var nauðgað af besta vini sínum þegar hún var 16 ára saklaus menntaskólustelpa. Ég kenndi mér um að hafa mistekist í uppeldinu. Ég skammaðist mín fyrir að hafa ekki verndað hana og ég vildi ekki að neinn vissi af því að þetta hefði komið fyrir. Ég var með alls kyns hugsanaskykkjur og fordóma gagnvart þolendum og fjölskyldum þeirra. Enn í dag, mörgum árum seinna finnst mér erfitt að viðurkenna að dóttir mín hafi orðið fyrir nauðgun,“ segir Ásdís einlæg.



Dóttur minni var nauðgað af besta vini sínum þegar hún var 16 ára saklaus menntaskólustelpa.

Ásdís Olsen.

### Þurfti að tileinka mér ný viðhorf

„Ég þurfti hreinlega að tileinka mér ný viðhorf og viðbrögð. Við foreldrarinnir fórum í ráðgjöf og fengum þau ráð að aðhafast ekkert heldur vera til staðar og styðja dóttur okkar í sinni eigin úrvinnslu. Hún treysti sér ekki til að kæra og það tók hana langan tíma að ná aftur í styrkinn sinn og losa sig við skömmina. Ég gleymi aldrei þeim degi þegar hún kom heim og sagði; „Ég er tilbúin til að láta hann heyra það og skila skömminni. Það breytti öllu,“ segir Ásdís.


„Gerandinn var í sama menntaskóla og dóttir mín og fékk hún ítrekað kvíðakast þegar hún mætti honum á göngunum og hringdi þá og það okkur foreldrana að sækja sig. Við leitum ráða hjá skólafyrirvöldum en það var ekki hægt að víkja honum úr skólanum. Á endanum var það hún sem tók sér hlé frá námi og þetta er saga sem ég heyrir frá fleiri þolendum, sem þurfa endalaust að líða fyrir þessi brot.“

Ásdís segir þörf á því að varpa ljósi á stöðu þolenda kynferðisofbeldis og það óréttlæti sem þeir verða fyrir. „Einn viðmælandi minn segir einmitt frá því hvernig komið hafi verið fram við hana sem druslu þegar hún var unglíngur




Tanja M. Ísfiörð Magnúsdóttir,  
25 ára B.A. í sálfræði.

„Ég fékk stimpil á mig að ég væri drusla þegar ég var 15 ára af því að ég var með stór brjóst.“ ... „Ég er flutt úr landi en hann er enn þá lögreglumaður og kennir börnum á bíl.“



Sólveig Auðar Hauksdóttir,  
38 ára skurðhjúkrunarfræðingur.

„Ég reyndi að ýta þeim af mér til skiptis en það var allt einhvern veginn í móðu.“



Áslaug Adda Mariúsdóttir,  
27 ára háskólanemi.

„Af hverju ætti ég að bera virðingu fyrir sjálfri mér þegar enginn annar ber virðingu fyrir mér?“ ... „Mig langar ekki að vera í þessum líkama og oft langar mig ekki til að lifa.“

vegna þess að hún var með svo stór brjóst. Það var ótrúlega áhrifaríkt að heyra hennar sögu, hvernig hún var skömmuð fyrir klæðnað og þar fram eftir götunum, því þannig hafi hún verið að vekja upp hvatir hjá körlum.“

### Skelfilegar afleiðingar

Í þættinum birtast viðtöl við þrjár konur sem eru fórnarlömb kynferðisofbeldis auk þess sem tveir sérfræðingar ræða málefnið. „Ég spurðist fyrir inni á spjallþráðum um málefnið og fékk ábendingar frá Stígamótum og fleiri stöðum. Ég tók mörg viðtöl við þolendur

við gerð þáttarins og oft láku tárin niður kinnarnar hjá bæði mér og viðmælendum mínum.“

Aðspurð hvað hafi helst komið henni á óvart svarar Ásdís einlæg; „Að standa sjálfa mig að því að bera skömm yfir því að dóttir mín hafi lent í þessu. Ég þurfti að kljást við tilfinninguna að ég hefði átt að geta komið í veg fyrir þetta. Eins líka eigin fordóma, að halda að ákveðin gerð stúlkna lendi í þessu. Það er skelfilegt að horfast í augu við það hjá sjálfum sér. En það eru margar hugsanaskykkjur afleiðingar af því að hafa alist upp í feðraveldi,“ segir Ásdís og heldur áfram:

„Svo er það hitt, að horfa upp á þessar skelfilegu afleiðingar sem ofbeldið hefur haft í för með sér fyrir þessar konur og hversu mikill skaði fyrir sálina þetta hefur verið. Þær droppuðu allar út úr námi. Allar fóru þær í gegnum skelfileg kvíðatímabil, einhverjar gerðu tilraun til sjálfsvígs og lentu inni á geðdeild. Við erum að tala um mjög alvarlegar afleiðingar.“

### Tvær af þrem fluttar úr landi

Ásdís segir markmiðið hafa verið að vekja athygli á þessum alvarlegu afleiðingum og gefa þolendum svigrúm til að tjá sig og rétta þeirra hlut gagnvart samfélaginu.

„Mig langar að þær viti að þeim sé trúað, að þær hafi verið órétti beittar, að það sé ósanngjarnt og að við stöndum með þeim. Tvær stúlkanna sem ég ræddi við eru fluttar úr landi. Í öðru tilfellinu er stúlkna úr litlu bæjarfélagi og það er lögreglumaðurinn á staðnum sem er gerandinn. Hann er enn þá lögreglumaður og kennir börnum á bíl. Ein er skurðhjúkrunarfræðingur og á 16 ára dóttur og talar sérstaklega um það hversu erfitt það sé að nú sé dóttirin á sama aldri og hún sjálf var þegar ofbeldið átti sér stað. Þessar þurfa ekki að bera sár sín í hljóði lengur,“ segir Ásdís að lokum. ■



Rebekka Rán Egilsdóttir hóf störf hjá Fjarðaáli árið 2007 sem framleiðslu-  
starfsmaður í steypuskálanum en er  
í dag orðin öryggisstjóri fyrirtækisins.



## TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN, KÆRU KONUR!

Frá upphafi hefur markmið Alcoa Fjarðaáls verið að jafna kynjahlutföll og byggja upp vinnustað þar sem jafnrétti og fjölbreytni eru í forgrunni.

Á síðasta ári jókst hlutfall kvenna innan raða Fjarðaáls. Þær eru nú yfir fjórðungur starfsmanna, sem er hæsta hlutfall sem þekktist innan Alcoa samsteypunnar. Okkar markmið er að auka þetta hlutfall enn frekar. Fjöldi kvenna sem ráða sig í sumarstörf hjá fyrirtækinu hefur aukist undanfarin ár og þær eru nú helmingur sumarstarfsfólks.

Fjarðaál  
alcoa.is



Ragga Holm á aðeins eina minningu af blóðmóður sinni á lífi. Fiknivandi móðurinnar erfðist milli kynslóða og glímdi Ragga við marga drauga áður en líf hennar komst á réttan kjöl.

**T**ónlistarkonan og plötu-snúðurinn Ragnhildur Jónasdóttir, ætíð kölluð Ragga Holm, átti óhefðbundna æsku. „Þegar ég fæddist voru foreldrar mínir ekki á þeim stað að geta hugsað um litíð barn,“ útskýrir Ragga. Föðuramma og -afi Rögggu tóku hana í föstur þegar hún var nokkurra mánaða gömul og ólu hana upp þar til hún byrjaði í grunnskóla.

Sex ára gömul flutti hún til föður síns og Ellu, konu hans, sem hún hefur kallað mömmu frá því hún var þriggja ára.

„Ég kynntist aldrei blóðmóður minni og hitti ekki móðurfjölskylduna fyrr en í jarðarförinni hennar,“ segir Ragga. Móðir Rögggu barðist alla tíð við mikla fikn og lifði flest sín ár á útjaðri samfélagsins.

Blóðmóðir Rögggu var aldrei í stakk búin til að geta alið upp barn, en áður en Ragga kom í heiminn eignaðist hún strák sem var einnig sendur í föstur. „Hann var ekki jafn heppinn og ég. Hann fór í föstur til annarrar fjölskyldu og var á milli fjölskyldna í einhvern tíma.“ Móðir hennar eignaðist síðar tvo aðra stráka sem ólust upp annars staðar.

#### Einn dagur lifir í minningunni

„Ég kynntist þessari mömmu aldrei en ég man að ég fékk að hitta hana þegar ég var sjö ára.“ Það er eina minningin sem Ragga á af móður sinni á lífi. „Ég hafði séð einhverjar myndir af okkur saman þegar hún lá inni á meðferðarheimili en var of lítil til að muna eftir því.“

Þessi eini dagur sem mæðgurnar eyddu saman er enn ljóslifandi í minningunni. „Við bökuðum saman skúffuköku og ég fékk að vera hjá henni í smá tíma,“ segir Ragga. Heimsóknin átti að vera upphaf að reglulegum mömmu-helgum en aldrei varð af því. „Ég fór heim eftir þennan dag og hitti hana síðan aldrei aftur.“

Tenging Rögggu við móður sína hvarf þó ekki alfarið þennan dag, þar sem hún fékk árlega jólagjafir frá móðurfjölskyldu sinni á Höfn í Hornafirði. „Ég fékk gjafir frá þeim þar til ég var þrettán ára, en skildi í raun ekkert í því þar sem ég þekkti þetta fólk ekki neitt.“

Ragga kveðst aldrei hafa upplifað löngun til að hitta blóðmóður sína eða móðurfjölskylduna í æsku. „Ég var að einhverju leyti búin að gleyma að ég ætti blóðmóður einhvers staðar annars staðar, enda rosalega heppin með Ellu mömmu.“

#### Vinabeiðni frá mömmu

Þegar Ragga var 24 ára reyndi blóðmóðir hennar að komast í samband við hana. „Árið 2011 fékk ég vina-beiðni á Facebook og þá var það hún.“ Geðshræring yfirtók Rögggu þegar hún sá nafn móður sinnar og kveðst hún ekki hafa vitað hvernig hún ætti að bregðast við. Vina-beiðnin var því aldrei samþykkt. Tveimur vikum síðar gifti móðir hennar sig. „Ég sé fyrir mér að hún hafi verið að reyna að glæða lífi í samband okkar með því að bjóða mér í giftinguna.“

Skömmu eftir brúðkaupið fékk Ragga símtal frá hálfbróður sínum, sem greindi henni frá því að móðir þeirra væri í dái á gjörgæsludeild. „Ég man að ég spurði ekki hvað hefði komið fyrir og fann engar tilfinningar þegar ég fékk þessar fréttir.“

Otal spurningar hafi þó vaknað við símtalið. „Ég vissi ekkert hvað ég ætti að gera eða hvað myndi taka við, hvort þetta væri tækifæri til að kveðja hana á spítalanum eða hefja samtál á ný.“ Að lokum treysti Ragga sér ekki til að taka skrefið.



Ragga Holm átti óhefðbundna æsku og einkenndist lífið seinna af neyslu og geðhvarfasýki. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Andlát móðurinnar rannsakað sem morðmál



Kristlín Dís Ingilínardóttir kristlin @frettabladid.is

Daginn eftir fékk hún símtal um að móðir hennar væri látin, aðeins 43 ára að aldri.

#### Rannsakað sem morð

Andlátíð var rannsakað sem morð og lá eiginmaður hennar undir grun. Fjallað var um málið í öllum fjölmiðlum og í kjölfarið voru fleiri ástríðuglæpir sem framdir hafa verið á landinu rifjaðir upp á forsiðum bláðanna. „Eiginmaður hennar var í þannig ástandi að hann gat ekki með góðu móti gefið skýrslu um málið. Ég veit ekki hvort hann hafi verið í sjokki eða hvort hann hafi ekki munað hvað hafði gerst.“

Hjónin voru bæði fiklar en Ragga kveðst ekki vita á hvaða braut þau voru á þessu stigi lífs síns. „Við krufningu kom síðan í ljós að hún hefði látist af höfuðhöggi sem væri ekki af völdum barsmiða.“

Í seinni tíð fór Ragga að grennslast fyrir um æviskeið blóðmóður sinnar á netinu. „Þar sá ég að þegar hún var á mínum aldri, rúmlega þrítug, bjó hún í stórskemmdri Mözdu.“ Það hafi verið átakanlegt að sjá svart á hvítu hversu erfið ævi blóðmóður hennar hafi verið.

**Fyrirför sér þegar æskuástin fór** Blóðmóður Rögggu var fylgt til grafar á Höfn og þáði Ragga boð í jarðarförina. „Ég fór með mömmu Ellu og þar hitti ég móðurfjölskyldu mína í fyrsta skipti svo ég muni eftir.“

Í jarðarförinni tók Ragga eftir að eiginmaður blóðmóður hennar var hvergi sjáanlegur. „Ég spyr mig hvort það hafi verið af skömm eða of mikilli sorg.“ Enn hafi verið mikill hiti yfir því hvort andlátíð hefði átt sér stað með saknæmum hætti.

Rúmum mánuði eftir jarðarförina fyrirför eiginmaður blóðmóður hennar sér. „Þetta hefur bara verið of mikið fyrir hann. Þetta var æskuástin og þau voru nýsameinuð aftur en svo deyr hún og þá hafði hann engan tilgang til að lifa lengur.“

#### Minnti á móður sína

Haldin var sérstök kistulagning fyrir Rögggu og hálfbróður hennar til að þau gætu séð móður sína. „Þetta var allt mjög óraunverulegt, ég var að horfa á móður mína dána eftir að hafa ekki séð hana í nærri tvo áratugi.“ Það hafi komið á óvart hve líkar mæðgurnar voru í útliti.

„Ég fór ekki að gráta og var mjög

yfirveguð og tilbúin í jarðarförina,“ lýsir Ragga. „Éða ég var það þar til mamma hennar, eða amma mín, labbar upp að mér og spyr hágrátandi hvort ég viti hver hún sé.“ Þá hafi flóðgáttirnar opnast. „Ég fattaði að hún hefði verið að missa dóttur sína og sjá mig í fyrsta skipti síðan ég var smábarn.“ Það hafi loksins runnið upp fyrir henni hve tengd hún væri fólkinu á staðnum.

„Það var svolítið yfirþyrmandi að vera orðin svona mikil dóttir hennar þegar hún dó.“ Fólk hafi leitað til hennar og vottað samúð sína. „Mér fannst ég eiginlega ekki eiga rétt á því af því að ég hafði aldrei verið tengd henni. En svo sá ég alveg hvað fólk sá, þau sáu einu dóttur hennar, hvað ég var lík henni og hversu mikið hún átti í mér.“

#### Villtist í neyslu

Ragga erfði þó fleira en útlit móður sinnar. „Það er alltaf sagt að maður fái sitt litíð af hverju af genum foreldra sinna og ég kenndi alltaf mömmu um hvernig áfengi og annað hafði áhrif á mig.“

Á tímabili fór Ragga að drekka mikið og illa. „Neyslan hafði ekki mikil áhrif á mitt daglega amstur, ég mætti enn þá í vinnuna og sinnti mínum skyldum.“ Það fór þó að bera á brestum og fljótt fór lífsstíllinn að taka sinn toll.

Um vorið 2015 varð Ragga fyrir alvarlegri líkamsárás af hendi manns sem hún kannaðist við. „Ég var heima hjá fyrrverandi kærustu hans og hann ræðst á mig í ófund-sýki vegna þess að hann grunar að það sé eitthvað í gangi okkar á milli.“

Árásarmaðurinn hrinti henni á ofn og sparkaði í höfuð hennar liggjandi. „Ég fékk í kjölfarið stórt ör á andlitið, sem ég horfi á á hverjum einasta degi í spegli og er minnt á hvaðan það kom.“ Maðurinn neitaði að hringja í sjúkrahús svo leigubíll keyrði Rögggu og vinkonu hennar á sjúkrahús.

#### Kæran felld niður

Á sjúkrahúsinu hringdi Ragga í vinkonu sína og tilkynnti að botninum hefði verið náð. „Vinkona mín hringdi á Vog og degi seinna er ég flutt til hennar og fór svo í meðferð.“ Dvölin á Vogu varði í tíu daga. „Ég þurfti að átta mig á aðstæðum og finna drifkraftinn til að hætta að drekka.“

Þá þegar tók hún ákvörðun um að lenda aldrei aftur í álíka aðstæðum. „Ég náði að sjálfsögðu að kenna sjálfri mér um að hafa orðið fyrir líkamsárás og fannst ég vera veikburða.“



Eftir að hafa útskrifast af Vogu kærði Ragga árásina, en kæran var felld niður með þeirri útskýringu að um væri að ræða orð gegn orði. „Það skildi mig eftir í molum að hann hefði ekki þurft að bera ábyrgð á neinu og að vinkona mín hafi ekki þorað að bera vitni gegn honum.“ Í kjölfar árásarinnar var Ragga greind með áfallastreituröskun sem hún hefur unnið í síðan.

#### Endurskrifaði námsbækurnar

Þetta sama ár útskrifaðist Ragga úr tólmstunda- og félagsmálafræði frá Háskóla Íslands með 9,8 í einkunum fyrir lokaverkefni, þrátt fyrir að skólaganga hafi ávallt verið henni erfið. „Það hrjáði mig mikið að vera ofvirk og með athyglisbrest í grunnskóla og menntaskóla,“ segir Ragga, sem skildi ekki hvers vegna hún gat hvorki lært né munað neitt.

„Ég get þakkað Ellu mömmu fyrir að hafa dróslad mér í gegnum þetta nám, annars hefði ég aldrei orðið stúdent.“ Ella lagði blátt bann við að Ragga hætti í menntaskóla þegar hún var ári á eftir jafnöldrum sínum. „Hún vildi ekki að ég gerði sömu mistök og hún en mér fannst þetta vera dauðadæmt.“

Ella lagði mikið á sig til að koma Rögggu í gegnum námið og las allar námsbækurnar hennar og endurskrifaði þær á mannamáli í stíla-



# Sækjum tækifærin saman

## Opinn fundur í Kaldalóni í Hörpu og í beinu streymi fimmtudaginn 24. júní kl. 14–15

Á Íslandi eru ótal tækifæri til uppbyggingar í grænum orkusæknum iðnaði. Stór gróðurhús, ofurgagnaver, rafeldsneytisvinnsla og rafhlöðuverksmiðjur eru nokkur dæmi. En erum við reiðubúin að taka á móti slíkri starfsemi? Höfum við þá innviði sem þarf? Hvernig tryggjum við aðstöðuna, orkuna og samstarf fyrirtækja, ríkisvalds, sveitarstjórna og annarra sem málið snertir?

**Landsvirkjun og Samtök iðnaðarins efna til fundar þar sem horft verður til framtíðar og leitast við að svara þessum spurningum.**



▶ **Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir**  
iðnaðar- og nýsköpunarráðherra



▶ **Jóhann Þór Jónsson**  
forstöðumaður hjá atNorth



▶ **Hörður Arnarson**  
forstjóri Landsvirkjunar



▶ **Sólveig Bergmann**  
yfirmaður samskipta hjá Norðuráli



▶ **Sigurður Hannesson**  
framkvæmdastjóri SI



**Fundarstjórn**  
▶ **Magnús Þór Gylfason**  
forstöðumaður hjá Landsvirkjun



▶ **Pétur Þ. Óskarsson**  
framkvæmdastjóri Íslandsstofu



▶ **Sigríður Mogensen**  
sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs SI



▶ **Kristján Þór Magnússon**  
sveitarstjóri Norðurbings

Streymið er hægt að nálgast á  
[landsvirkjun.is](http://landsvirkjun.is) og [si.is](http://si.is)



bók. „Það bjargaði mér og ég fór frá því að fá 2 í einkunn á söguþrófi í að fá 9,8.“

#### Greind með geðhvarfasýki

Eftir að hafa útskrifast úr háskóla lygndi sjóinn og allt var á uppleið. „Næstu tvö ár var ég edrú en fann samt að það var eitthvað að. Ég fór mikið upp og niður, ég vaknaði og allt var geðveikt og ég var með svakalegan drifkraft og svo vaknaði ég daginn eftir og sá ekki tilgang í að fara á fætur.“

Sveiflukenndar tilfinningarnar skýrðust síðan þegar Ragga var greind með geðhvarfasýki tvö. „Að greinast með bipolar útskýrði margt fyrir mér, vegna þess að fólk með þennan sjúkdóm á alls ekki að drekka.“ Taugabodinn í heilanum stangist á hvert við annað og kalli idulega fram maníu þegar áfengi er haft um hönd.

„Yfirleitt þegar ég er í maníu verð ég rosalega sjálfhverf. Í þessu ástandi umturnast ég og verð skel af sjálfri mér og breytist í einhvern djöful.“

Viðeigandi lyf kölluðu fram áður óþekktan stöðugleika og það var þá sem Ragga byrjaði í rappsveitinni Reykjavíkurdætrum sem hafði lengi verið hennar uppáhaldshljómsveit. „Ég sendi lag á eina þeirra sem var þvilið skref fyrir mig þar sem ég hafði eiginlega ekki gefið neitt út.“ Ragga hafði þó lengi verið þekkt nafn í plötusnúðaheiminum hér á landi og því ekki að undra að dæturnar tóku vel í uppástunguna.

Töluvert stress hafi fylgt því að hitta hljómsveitina í fyrsta skipti. „Þær voru ekki vinkonur mínar á þessum tíma svo ég var allt í einu að fara að vinna með stelpum sem ég leit ótrúlega mikið upp til en þekkti ekki neitt.“

#### Úr grúppiu í hljómsveit

Úr samstarfinu kom lagið Reppa heiminn sem sló rækilega í gegn og ekki leið á löngu þar til Röggur var boðið að vera fastur meðlimur í hljómsveitinni. „Heppilega filuðu þær mig en ég var enn þá geðveikt lítil í mér því þær voru bara stjórnurnar mínar.“

Fljótlega fór Ragga úr því að vera grúppía í að vera vinkona og ferðaðist um allan heim með sveitinni. „Ég var eiginlega í sjokki þegar við stóðum allt í einu fyrir framan sex þúsund manns að spila. Það var tryllt.“

Lífið lék við Röggur sem taldi það því öruggt að byrja að fikta aftur með áfengi. „Við tók þriggja mánaða tímabil þar sem ég hætti að taka lyfin mín og fór í sturlaða maníu,“ viðurkennir Ragga alvarleg.

Tónlistarhátíðin Sónar varð síðan til þess að Ragga klessti á vegg. „Ég var búin að vera á þriggja daga fylleri þegar ég mætti í hljóðprufu um



„Yfirleitt þegar ég er í maníu verð ég rosalega sjálfhverf. Í þessu ástandi umturnast ég og verð skel af sjálfri mér.“



### Mamma opnar þá dyrnar, lokar þeim aftur, fer til pabba og segir honum að hún haldi að ég og vinkona mín séum að gera eitthvað saman.

morguninn.“ Hljómsveitar meðlimir sögðu henni að fara heim að hvíla sig og koma aftur um kvöldið ef hún treysti sér til.

„Ég kom og spilaði mitt versta gigg í lífinu,“ segir Ragga og strýkur ennið. Textinn hafi gleymst og sum lögin líka. „Eftir að hafa jarmað þarna á sviðinu áttaði ég mig á því að ég var búin að missa tókin og hætti aftur að drekka.“

Ragga mælir ekki með því að fólk með greiningar á pari við hennar reyni að drekka. „Fyrir þau sem

halda að maður geti stjórnað þessu vil ég segja af minni reynslu að það er ekki hægt. Það hreinlega virkar ekki.“

Árið 2018 gaf Ragga út plötuna Bipolar sem fjallar um geðhvarfasýkina. „Þessi plata er svolítið sveiflukennd í gegnum maníu og depurð og sambandsslit og mjög „random“ plata með ekkert „concept“ eda neitt, nema bara ég fer upp og ég fer niður.“

Plata Röggur fékk aldrei sömu útreið og tónlist Reykjavíkurdætra sem þurftu að þola ófá opinber skítköst. „Ég hef aldrei fengið álíka athugasemdir á Youtube og Reykjavíkurdætur.“ Við myndbönd rappsveitarinnar hrannist ávallt inn hrottalegar athugasemdir. „Margir sem segja að það eigi að hópnauga meðlimum bandsins og að tónlistin sé eins og að vera nauðgað í eyrun og annað ógeð.“

Mögulega komi það illa við fólk að sjá svo mikið af konum gera tónlist saman. „Þjóðin hefur málað íslenska kvenrappara sem lélega rappara og við fáum ekki sömu tækifæri og strákararnir.“

#### Uppgötvaði sama kynið

Í menntaskóla tók lífið nokkuð óvænta stefnu eftir að Ragga kyssti stelpu í fyrsta skipti. „Það var svo æðislegt og þá áttaði ég mig á ástæðunni fyrir því að mér fyndist stelpur

svona æðislegar.“ Allir strákar hafi bliknað í samanburði við þær.

„Það var ákveðið tiskufyrirbæri þá að stelpur voru að kyssast á skólábóllum og ég nýtti það tækifæri út í ystu æsar.“ Stuttu síðar drap æskuástin á dyr. „Þá uppgötvaði ég lífið upp á nýtt. Við byrjuðum saman í laumi, enda feimnismál á þessum tíma, og vorum saman í nokkur ár.“ Þær vissu aðeins um eitt lesbískt par í Keflavík og héldu því sambandi sínu leyndu fyrir foreldrum sínum.

Ragga þurfti þó aldrei að koma út úr skápnunum fyrir Ellu mömmu sinni og pabba sem komust að hinni sanna upp á eigin spýtur. Það atvikadist þannig að það upphófst rifrildi milli Röggur og móður hennar, sem endaði á því að hún rauk út í skúr þar sem herbergið hennar var staðsett. „Ég bað þá kærustuna mína um að koma yfir og við fórum síðan að sofa og gerðum það sem því tilheyrir.“

Mamma hennar fékk á þeim tímabildi samviskubit og ákvað að kíkja út í skúr. „Hún opnar þá dyrnar, lokar þeim aftur, fer til pabba og segir honum að hún haldi að ég og vinkona mín séum að gera eitthvað saman.“ Þær upplýsingar hafi verið dregnar í efa svo Ella fékk föður hennar til að koma og leggja við hlustir hjá skúrnum. „Og þannig komast foreldrar mínir að því að ég og fyrsta kærastan mín vorum

saman,“ segir Ragga hlæjandi, en hún hefur húmor fyrir atvikinu í dag.

„Fjölskyldan mín hefur alltaf verið mjög opin og það hefur aldrei vottað fyrir fordómum.“ Ekki tóku allir upplýsingunum eins vel og flutti kærasta Röggur því í skúrinn til hennar. „Mömmu og pabba fannst það bara gaman.“

#### Úthverfadrumurinn

Litríkasta tímabili í lífi Röggur er langt frá því að vera lokið, en henni hefur tekist að skapa sér nokkuð stöðugt líf í óstöðugum bransa. Tónlistin, plötusnúdagiggin og útvarpið svari sköpunarþránni og Ragga stýrir þáttum á KissFM alla virka daga.

„Fyrir ári hefði verið hinn fullkomni tími til að rústa öllu, því alltaf þegar velgengnin bankar upp á missi ég tókin.“ Sú varð þó ekki raunin og flutti Ragga úr miðbænum í Hafnarfjörðinn með kærustu sinni til þriggja ára. Þar keyrir hún um á Teslu, reynir að borða hollt og fylgja rútinu.

„Ótrúlegt en satt, þótt mig langi til að verða Avicii-týpa af stórstjórnunni í útlöndum og þrái sviðsljósið var þetta alltaf draumurinn, að eiga fjölskyldu, búa í fallettri íbúð og að allt væri rólegt í kringum mig,“ viðurkennir Ragga. „Ég er búin að læra af mistökum og núna hef ég of miklu að tapa til að leggja líf mitt að veði.“ ■



SÆKTU NÝJA APPIÐ!



Í LOFTINU

# VEISTU HVER ÉG VAR?

LAUGARDAGA 16:00-18:30

## BYLGJAN

989



# Sýnin heim

Við treystum öll á að njóta á hverjum tíma bestu heilbrigðisþjónustu sem unnt er að veita hverju sinni.

Í hálf tveggja ára hefur staðan í skimunum og rannsóknum fyrir leghálskrabbameini verið óásættanleg að mati sérfræðinga og notenda þjónustunnar. Á þetta hefur ítrekað verið bent, án þess að viðhlítandi svör berist.

Ljóst er að núverandi ófremdarástand ógnar heilsu kvenna á Íslandi. Við það verður ekki unað. Við krefjumst þess að sýnin verði færð heim til rannsókna og að komið verði fram með trausta áætlun um raunverulegar úrbætur. Það verði gert án tafar.

Auglýsingin kemur frá styrktaraðilum innan félsbókarhópsins **Aðför að heilsu kvenna**.

Breski hermaðurinn Eric Gray skrifaði bréf til fjölskyldu sinnar árið 1941 skömmu eftir að hafa verið fluttur til Íslands eftir hernámið. Bréfið varpar áhuga-verðu ljósi á Ísland fyrri tíma.

**B**réf sem breski hermaðurinn Eric Gray sendi fjölskyldu sinni skömmu eftir komu hans hingað til lands síðla vetrar 1941, varpar skemmtilegu ljósi á Ísland og Íslendinga í augum breskra hermanna á hernámsárunum.

Sonur Erics, Jeffrey, setti sig í samband við Fréttablaðið á dögnum eftir að hafa fundið bréf föður síns í gömlum hirslum. Eric, sem var fæddur í ágúst árið 1914, sigldi til Íslands í mars 1941, eða tíu mánuðum eftir að Bretar hernámu Ísland eftir að seinni heimsstyrjöldin braust út.



Þetta er í raun eins og bær þar sem einhvers konar gullæði hefur ríkt og við sjáum stundum á myndum.



Bretar hernámu Ísland skömmu eftir að seinni heimsstyrjöldin braust út. Talið er að þessi mynd hafi verið tekin á fyrsta degi hernámsins.

MYND/ÓLAFUR MAGNÚSSON

## Ísland stórfurðulegur staður í augum tuttugu og sex ára bresks hermanns

### Færður óvænt til Íslands

Í samtali við Fréttablaðið segir Jeffrey að faðir hans, þá 26 ára gamall, hafi aldrei ferðast utan Bretlands-eyja þegar að Íslandsferðinni kom. „Það lengsta sem hann hafði farið var til Blackpool á vesturströndinni“, segir Jeffrey, en faðir hans ólst upp í þorpinu Standish, skammt frá Wigan í Lancashire-sýslu, þar sem hann hlaut hefðbundna grunnmenntun til 15 ára aldurs.

Að skólagöngu lokinni vann hann ýmis verslunarstörf en árið 1940 var hann fyrst kallaður í herinn. Fyrstu mánuðina þjónaði hann Konunglega breska flughernum þar sem hann hlaut meðal annars þjálfun sem slökkviliðsmaður. „Hann gerði fastlega ráð fyrir því að vera á Bretlandseyjum til stríðsloka og það kom honum verulega á óvart þegar honum var tilkynnt að hann þyrfti að gegna herþjónustu erlendis. Hann var svo enn meira undrandi þegar hann komst að því að um Ísland væri að ræða.“

### Vissu lítið um Ísland

Jeffrey segir að nánustu aðstandendur Erics, einkum móðir hans, hafi verið mjög forvitin um hagi þessara skrytnu eyjarskeggja norður af Bretlandseyjum sem þau vissu lítið sem ekkert um. „Hann lofaði að skrifa þeim og lýsa landi og þjóð og segja frá því sem fyrir augu bar: landslagi, veðri, efnahagsástandi og fólkinu almennt“, segir hann. Athygli vekur að Eric mátti ekki nefna hvar hann nákvæmlega var staddur. Í bréfinu er talað um „helsta bæinn“ á Íslandi, höfuðstaðinn Reykjavík. Þá mátti hann ekki heldur nefna nafnið á skipinu sem flutti hermennina til landsins.

Eiginkona Erics og móðir Jeffreys starfaði á þessum árum sem saumakona og því er að finna í bréfinu nokkuð ítarlegar lýsingar á klæðaburði Íslendinga. „Hann vissi að hún hefði gaman af því að fræðast meira um klæðnaðinn og það er áhugavert að lesa þessar lýsingar hans.“

Í bréfinu talar Eric sérstaklega um að kveikt hafi verið á ljósa-staurum Reykjavíkur þegar kvöldi tók. Hann átti því ekki að venjast frá Englandi því eftir að stríðið braust út var slökkt á ljósa-staurum í borgum og bæjum til að verjast mögulegum loftárásum.



Einar Þór Sigurðsson  
einarthor@frettabladid.is

### Sjóveikir um borð

Eric sigldi til Íslands ásamt nokkur hundruð hermönnum í seinni hluta marsmánaðar 1941. Segir Jeffrey að tveir tundurspillar hafi fylgt skipinu til Íslands. „Ferðin gekk vel og skipið komst til Íslands nokkuð örugglega. Sem betur fer var veður ágætt og faðir minn fann ekki fyrir sjóveiki, ólíkt öðrum hermönnum um borð“, segir hann.

Á meðan á dvöl Erics stóð á Íslandi vann hann einkum í fjar-skiptastöðvum breska hersins hér á landi, en eins og kunnugt er tóku Bandaríkjamenn við hervörslu hér á landi síðla árs 1941. Hér að neðan má lesa útdrætti úr bréfinu þar sem Eric talar meðal annars um náttúruna, höfuðstaðinn Reykjavík og Íslendinga almennt. ■



Ísland hefur vafalítið verið nokkuð framandi staður í augum hermanna sem komu hingað til lands. Eric virðist þó hafa verið nokkuð hrifinn af landi og þjóð. MYND/ÚR EINKASAFNI



Eric sést hér með kollegum sínum í breska hernum áður en hann hélt til Íslands. Hann dvaldi hér á landi í samtals fjórtán mánuði. Eric er í aftari röð, fyrsti frá vinstri.

MYND/ÚR EINKASAFNI

28. mars 1941

„Elskuleg eiginkona mín,

Ég er kominn til Íslands heilu og höldnu og veit ekki alveg hvað biður mín hér. Um það leyti sem við vöknudum á [ritskoðað] vorum við farnir að sjá til lands og lögðumst við að bryggju í hádeginu. Ég má ekki segja nákvæmlega hvar ég er eða nafnið á skipinu sem ég er á.

Það var fallett um að litast þegar við sigldum til hafnar. Fjöll, þakin snjó, voru allt í kringum okkur en á jörðu niðri var engin snjór. Veðrið hér er svipað veðrinu heima og enn sem komið er höfum við ekki þurft að klæðast aukafötum. Morguninn eftir að við komum var kalt og það var frost. Við þurfum að ganga dagóðan spól til að komast í mat.“

### Reykjavík

„Staðurinn sem ég er á er nokkuð sérstakur. Húsin hér eru flest byggð úr mürsteinum og bárujárni, sum eru skringileg í laginu og staðsett á einkennilegum stöðum. Þetta er í raun eins og bær þar sem einhvers konar gullæði hefur ríkt og við sjáum stundum á myndum. Hér eru engir alvöru vegir – það eru vissulega vegir en þeir eru allir holóttir og forugir. Sumir staðir hér í bæ eru nútímalægir en aðrir virðast mjög gamlir. Samt eru oft flottir bílar fyrir utan þessi hús, sem leggja uppi á gangstéttum, ef gangstéttar skyldi kalla. Bílar sem koma af hliðargötum njóta forgangs og þeim er ekið býsna hratt. Í mínum augum er þetta mjög furðulegur staður, öðruvísi þó á kvöldin vegna ljósanna. Hér eru ljósin ekki slökkt.“

### Fólkið


„Við blöndum ekki geði við heimamenn heldur snum okkar verkefnum. Það sama á við um Íslendinga. Það er dálítið fyndið að heyra þá tala og við tölum stundum við krakkana. Konurnar hér eru heilt yfir glæsilegar en það skiptir engu máli fyrir mig, elskan. Þær klæðast stundum þjóðbúningum og nær pilsíð, sem er yfirleitt svart eða dökkt, niður að öklum. Konurnar eru oft með hárið í fléttu og stundum með einhvers konar hatt á höfði. Í augum okkar eru þær dálítið gamaldags en samt nokkuð flottar. Þær blanda mjög sjaldan geði við hermenn úti á götu.“

Það er amerískur bragur yfir klæðaburði karlanna og er hann nokkuð frábrugðinn þeim enska. Hér virðast karlarnir njóta forgangs.

Kvöld eitt fyrir skemmstu var haldinn dansleikur hér í bæ sem ég fór að vísu ekki á. Þar brutust út slagsmál milli heimamanna og komu lögreglumenn og handtöku þá. Hermennirnir sem hér eru segja að þetta sé nokkuð algengt. Hér eru nokkrir herlög-reglumenn sem geta brugðist við ef til átaka kemur milli hermanna og heimamanna. Ég veit ekki hvernig hermennirnir bera sig að við kvenmenn á böllunum því konurnar hér blanda ekki geði við okkur úti á götu. Mig grunar samt að fólkið hér sé vinalegra en það var áður og mjög margir geta talað ensku.“

### Efnahagur

„Það er mjög dýrt hérna en við erum með okkar eigin verslun þar sem við getum keypt helstu nauðsynjar. Það er öruggara að gera það þannig. Það hefur komið fyrir að við



Bréfið sem Eric skrifaði til fjölskyldu sinnar var alls 11 blaðsíður og þar lýsti hann Íslandi og Íslendingum á ítarlegan hátt.

höfum þurft að skipta peningum okkar í íslenska peninga. Íslenska myntkerfið er dálítið flókið og það borgar sig að vera fljótur að læra inn á það. Margar verslanir hér bjóða upp á amerískar vörur og sumar bjóða upp á vörur frá Englandi.

Aðalatvinnuvegurinn hér er sjávarútvegur og það sést um leið og maður kemur að höfninni. Hér eru einn eða tveir staðir sem selja fisk og franskar og það getur vel verið að ég prófi þá fljótlega. Þetta er svona það helsta sem ég hef að segja að sinni.

Pinn,  
Eric Gray“

# Ennþá meira úrval af listavörum



Listverslun.is



## Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is  
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

# Draumur að klæðast Rauða kross búningi



Urður Ýrr  
Brynjólfsson  
urduryrr  
@frettabladid.is

Sayed Hashem Qureshi kom til Íslands við upphaf kórónaveirufaraldursins í mars 2020. Hann var fyrsti gesturinn í sóttkvíarhótelinu Rauða krossins en rúmlega hálfu ári síðar var hann byrjaður að vinna á þessu sama hóteli.

**S**ayed Hashem Qureshi sótti um hæli á Íslandi eftir að hafa flúið heimaland sitt Afganistan, þar sem hann sætti ofsóknum. „Ég ólst upp í stríði allt mitt líf. Ég lærði í stríði. Þegar ég fór úr húsi þá vissi ég ekki hvort ég myndi koma aftur heim.“

Hann segir þabba sinn hafa verið fyrirmynd sína. „Hann vann erfiðisvinnu alla sína ævi og lagði sig allan fram við að kenna okkur og ala okkur vel upp. Það er erfitt núna, það hafa allir áhyggjur af stríðinu. Margt fólk sér ekki tilganginn í að mennta sig, það veit ekki hvað það getur gert með menntunina og það veit ekki hvenær það mun deyja.“

## Fyrsti gesturinn

Sayed komst til Íslands eftir langt ferðalag og sótti um hæli. „Þegar ég var að leita að lögreglumanni á flugvellið var ég í svo miklu upp-námi að ég gat ekki talað við neinn. Ég hafði aldrei í lífinu verið í þessari stöðu áður,“ segir hann.

Eftir að hann var búinn að gefa sig fram við lögregluna var hann færður á farsóttarheimili Rauða krossins. „Ég vissi ekki hvert var verið að taka mig en ég endaði á þessu hóteli í kringum miðnætti,“ segir hann. „Ég var svo þreyttur og vildi bara fara í sturtu og sofa. En það var ekkert heitt vatn því hótelið hafði verið ónotað svo lengi. Þá var mér sagt að ég væri fyrsti gesturinn á hótelinu.“

Sayed vissi í fyrstu ekki hvað hann væri að gera á þessu hóteli eða hvað hann þyrfti að dvelja þar lengi. „Eftir sjö daga á hótelinu spyr ég hvað ég þurfi að vera lengi. Þá er mér sagt að ég sé í sóttkví. Ég vissi ekki hvað það var, ég hafði aldrei farið í sóttkví áður. Mér var sagt að ég þyrfti að eyða þarna tveimur vikum. Þessar tvær vikur kenndu mér mikið.“

## Af hverju ekki ég?

Sayed vann gjarnan við sjálfboda-liðastörf í heimalandi sínu og hann fann fyrir mikilli samhygð með starfsfólki Rauða krossins. „Þau voru svo góð og vinaleg. Við byrjuðum að tala saman og ég veit ekki hvort að það hafi verið ég eða þau eða hvað, en við vorum með einhverja tengingu. Mér leið eins og ég væri í fjölskyldu. Frá því ég hitti þau fyrst leið mér alltaf eins og ég hefði þekkt þau lengi.“

„Í einangruninni hitti ég Gerði. Hún er 68 ára og er hér að hjálpa fólki. Hún þekkir mig ekki en hún brosir breitt til mín. Hún gleðst yfir því að sjá annað fólk brosa. Og ég segi við sjálfan mig, ef hún getur gert þetta á hennar aldri, af hverju ekki ég? Hún er fyrirmyndin mín.“

Gylfi Þór Þorsteinsson, forstöðumaður farsóttahúsa Rauða krossins, segir Sayed hafa veitt starfsfólkinu mikla hjálp við að eiga samskipti við þá gesti sem komu á hótelið á meðan hann dvaldi þar.

„Hann var hérna hjá okkur í tvær vikur og á meðan komu fleiri hælisleitendur og erlendir ferðamenn í hús, sem töluðu tungumál sem við gátum ekki fengið túlka fyrir einn, tveir og þrír. Hann talar einhver átta tungumál þannig að hann gat leiðbeint okkur og hjálpað okkur með alls konar hluti á meðan hann var hérna í sóttkví,“ segir Gylfi.

## Líður og biður

Eftir dvöl sína á hótelinu var Sayed fluttur í flóttamannabúðirnar í Ásbrú. „Fyrsta daginn minn þar spurði ég: Hvar er skrifstofa Rauða



Sayed Hashem Qureshi klæddur Rauða kross búningnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Ég gekk oft fram hjá húsinu en ég gat ekki séð þau og ég vildi ekki trufla þau. Ég var ekki viss hvort þau myndu eftir mér.“

Sayed Hashem Qureshi.

krossins?“ Hann fór beinustu leið þangað og skræði sig sem sjálfboda-liða. „Ég sagði þeim að ég væri hér og ég væri til í að gera hvað sem er. Mig langaði ekki til að vera í búðunum allan daginn.“

Tæpum tveimur mánuðum seinna flutti Sayed í félagsbúð í Reykjavík og færði þá sjálfboda-liðakrafta sína til Rauða krossins í Hafnarfirði. „Þá voru tveir mánuðir liðnir síðan ég fór af sóttkvíarhótelinu og ég hafði ekkert hitt þau síðan þá. Ég gekk oft fram hjá húsinu en ég gat ekki séð þau og ég vildi ekki trufla þau. Ég var ekki viss hvort þau myndu eftir mér,“ segir hann.

Eftir fimm og hálfan mánuð á Íslandi fékk Sayed úthlutað íslensku kennitölu og flutti í sérhúsnæði. Stuttu síðar fékk hann símtal. „Ég svara og heyri þá í Gylfa. Hann hafði fundið mig fimm og hálfum mánuði seinna. Margir höfðu dvalist á sóttkvíarhótelinu síðan þá og ég hélt að þau myndu ekki muna eftir mér. En hann sagði að hann þyrfti að tala við mig.“

## Endurfundur

Farsóttahúsin voru farin af stað aftur og það vantaði starfsfólk. Þá varð Gylfa hugsað til Sayed, sem hafði veitt þeim svo mikla hjálp þegar hann dvaldi sjálfur á sóttkvíarhótelinu. Það reyndist þó ekki auðvelt að finna hann.

„Þegar hann kom hingað var hann ekki með neitt símanúmer, tölvupóst eða neitt, þannig að ég þurfti einhvern veginn að hafa uppi á honum, án þess þó að vita í rauninni nokkuð um hann,“ segir Gylfi. „Þannig að ég fékk aðstoð Útlendingastofnunar og okkar tengils hjá lögreglunni við að reyna að finna símanúmerið hans. Svo hringdi ég bara í hann og réði hann.“

Sayed var þá nýkominn með íslenska kennitölu og þar með atvinnuleyfi. „Ég gat unnið, ég var kominn með dvalarleyfi og kennitölu. Ég spurði ekki einu sinni hvort þetta væri launavinna, mig langaði bara til að vinna fyrir þau. Sama þó þetta væri sjálfboda-liðastarf.“

Sayed langaði til þess að endurgjalda starfsfólkinu þá góðmennsku sem það hafði sýnt honum. „Mig hafði lengi dreymt um að klæðast Rauða kross búningnum. Þetta var besti dagur lífs míns,“ segir hann.

## Skrifað í skýin

Þannig var það að aðeins hálfu ári eftir að hafa sjálfur dvalið á



Sayed ásamt samstarfsfólki sínu Öddu Þóreyjardóttur og Gerði Helgadóttur.

„

Þetta er fólkið sem gerði mig að þeirri manneskju sem ég er núna og ég er svo glaður að vera með því.“

Sayed Hashem Qureshi.

sóttkvíarhótelinu var Sayed kominn í vinnu þar. Honum leið strax eins og heima hjá sér. „Ég þekkti reglurnar og ég átti auðvelt með að setja mig í spor gestanna og skilja hvernig þeim liður þegar þeir gista hérna,“ segir hann.

Sayed segir það ómetanlegt að hafa fengið að kynna fólkinu á sóttkvíarhótelinu og segir það hafa breytt lífi sínu til hins betra. „Þetta er fólkið sem gerði mig að þeirri manneskju sem ég er núna og ég er svo glaður að vera með því,“ segir hann.

Sayed átti oft erfitt þegar hann dvaldi sjálfur á sóttkvíarhótelinu en segir að starfsfólkið hafa skipt sköpum fyrir sig. Hann segist vera glaður að geta gefið af sér á ný og trúir varla heppni sinni. „Það var eins og þetta væri skrifað í skýin.“ ■



# ALLT

KYNNINGARBLAÐ

LAUGARDAGUR 19. júní 2021



Rakei Jónasdóttir hefur glímt við beinþynningu og leitaði að íslenskri, náttúrulegri vöru til að takast á við það. Hún valdi Stronger Bones og er mjög ánægð með þá vöru.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Magnesium freyðitöflur

Betri slökun – góður svefn



Fæst í flestum apótekum og stórmörkuðum

Góður liðsfélagi í dagsins önn



**EYLIF**

Heilsan er dýrmætust  
[www.eylif.is](http://www.eylif.is)

## Heilsan er dýrmætust

Rakei Jónasdóttir starfar sem snyrtifræðingur og vinnur oft mjög langa vinnudaga. Rakei hefur verið greind með beinþynningu og þarf að fá nægilegt kalk og D-vítamín. Hún segir að Stronger Bones frá Eylif hafi reynst sér mjög vel til að styrkja sig. **2**



Bætiefnalínan frá Eylif samanstendur af Happier Guts, Active Joints, Stronger Bones og Smoother Skin & Hair.

Rakel segist hafa verið að prófa allar vörur frá Eylif og líkað þær virkilega vel. „Þar sem ég hef verið með beinþynningu hef ég þurft að passa mjög vel upp á að fá nægt kalk og D-vítamín,“ segir hún. „Þegar ég heyrði um Stronger Bones frá Eylif var ég mjög spennt að prófa þessa vöru, þar sem hún inniheldur náttúrulegt kalk og auk þess ríkulegt magn af stein- og snefilefnum sem öll eru fengin úr náttúrunni. Ég hef fulla trú á að hrein, íslensk hráefni séu betri fyrir líkamann en þau efni sem eru venjulega í kalktöflum,“ segir hún. „Það er síðan bara bónus að þetta eru tugguöflur sem eru mjög góðar á bragðið.“

Rakel segir að Stronger Bones hafi reynst sér mjög vel. „Ég vildi taka á vanda mínum og sporna við beinþynningunni án þess að taka inn lyf. Ég finn mikinn mun á mér með Stronger Bones og það hefur komið mér á óvart hversu góð áhrif það hefur á meltinguna,“ segir hún.

„Ég hef líka prófað Smoother Skin & Hair frá Eylif sem virkar mjög vel á bæði húð og hár. Kollagenið er efni sem er frábært fyrir húðina og ég hef fundið mun á henni og hárinu. Mér finnst nauðsynlegt að taka inn kollagen,“ segir Rakel og tekur fram að hún sé sérstaklega ánægð með vörurnar frá Eylif. „Ég hef deilt ánægju minni með öllum sem ég þekki og hafa áhuga á að bæta heilsuna. Ég ætla að halda áfram að nota þessar vörur enda finn ég mikinn mun á mér,“ segir hún.

#### Heilsuvörur frá Eylif

Vörulínan Eylif býður upp á fjórar vörur, Active Joints, Stronger Bones, Smoother Skin & Hair og Happier Guts, vörur sem hafa reynst vel fyrir liðina, húðina, beinin og meltinguna. Vörurnar eru unnar úr hreinum, íslenskum hráefnum,



framleiðslan fer fram á Íslandi og öll hráefnin koma úr sjálfbærum auðlindum. Ólöf Rún Tryggvadóttir er stofnandi vörulínunnar Eylif, en hugmyndin að henni kom til vegna þess að hana langaði að setja saman þau frábæru hráefni sem eru framleidd á Íslandi á sjálfbæran hátt, úr náttúrulegum auðlindum frá Íslandi og auka þannig aðgengi fólks að þessum hráefnum. Framleiðslan fer fram á Grenivík og þróun varanna er í samstarfi við sérfræðinga frá Matis.

Eins og áður segir eru fjórar tegundir frá Eylif komnar á markað, Active Joints, Stronger Bones, Smoother Skin & Hair og Happier Guts. Nýjasta varan er Happier Guts sem er sérstaklega hönnuð fyrir meltinguna og inniheldur íslensk hráefni ásamt meltingar-ensímum.

„Active Joints er vinsælasta varan og inniheldur hún fjögur íslensk næringarefni og margra ára rannsóknir sýna fram á jákvæð áhrif þeirra á heilsu. „Við vöndum til verka og sækjum í sjálfbærar auðlindir úr sjó og af landi. Við notum hreina, íslenska náttúruafurð, náttúruleg og hrein hráefni sem ekki eru erfðabreytt og stuðla að sveigjanlegri liðum, því með sveigjanlegri líkama erum við færari til að takast á við verkefni í dagsins önn, segir Ólöf Rún.“

#### Hrein, íslensk gæðahráefni

„Eins og áður sagði notum við hrein, íslensk hráefni sem eru framleidd á sjálfbæran hátt í Eylif vörurnar,“ segir Ólöf Rún. „Þau helstu eru kalkþörungar, GeoSilica kísill, smáþörungar (astaxanthín), kollagen, kítósan sem er ensím úr

rækjuskel og íslenskar jurtir.

Kalkþörungarnir vaxa villtir neðansjavar við Vestfirði og finnast helst í Arnarfirði, þar sem þeir eru tíndir neðansjavar. Við notum kalkþörungana sem aðalefni í Stronger Bones og Active Joints. „Áhrif og virkni þeirra eru einstök og þeir hafa verið rannsakaðir mjög ítarlega undanfarin ár. Margar rannsóknir hafa staðfest einstaka eiginleika þeirra og góð áhrif á líkamann,“ segir Ólöf Rún.

GeoSilica er náttúrulegur hágæðakísill sem er tekinn úr náttúrulegu jarðhitaefni við Hellisheiðarvirkjun. Virkni hans hefur verið staðfest með rannsóknum,“ upplýsir Ólöf Rún.

Astaxanthín er framleitt í lokuðu kerfi með hreinu, íslensku vatni, en framleiðslan er bæði vistvæn og sjálfbær og fer fram í

Rakel er snyrti-fræðingur og vinnur oft langa vinnudaga. Hún þarf því að huga vel að vítamínunum. Rakel valdi vörurnar frá Eylif.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ERNIR

**Þegar ég heyrði um Stronger Bones frá Eylif var ég mjög spennt að prófa þessa vöru þar sem hún inniheldur náttúrulegt kalk og auk þess ríkulega af stein- og snefilefnum sem öll eru fengin úr náttúrunni.**

Reykjanesbæ. Rannsóknir hafa líka staðfest virkni astaxanthín, eða smáþörungna, en það er öflugt andoxunarefni, „Allar jurtirnar sem eru notaðar í Eylif vörulínuna eru handtíndar og þurrkaðar af íslensku fyrirtæki í Hafnarfirði.

Kítósan er ensím sem unnið er úr rækjuskel og fer framleiðslan fram á Siglufirði. Kítósan eru náttúrulegar trefjar sem hafa reynst vel fyrir meltinguna og binda raka í húð. Kítósan er þekkt efni sem hefur lengi verið notað í fæðubótarefni og er staðfest heilsufullyrðing frá Evrópsku matvæla- og heilbrigðisráðgjafum um að það hafi áhrif á kólesteról í blóði til hins betra.

Fæst í öllum apótekum, Hagkaup, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaupum, Nettó og á eyllif.is þar sem er að finna nánari upplýsingar, en hægt er að fá fría heimsendingu. Fæðubótarefni kemur ekki í staðinn fyrir fjölbreytta fæðu. Ekki ætlað börnum eða barnshafandi konum. Ekki er ráðlagt að taka meira en ráðlagður dagskammtur segir til um. Geymist þar sem börn ná ekki til. ■

# Icebreaker

  
icebreaker®

Icebreaker Merino ull - fyrir alla þá sem vilja hlýjan ullarfatnað sem stingur ekki og dregur ekki í sig lykt.



Everyday leggings ♂♀  
11.990 kr.



Oasis ♀  
Hálfrennd  
15.990 kr.



Oasis ♂♀  
Síðerma  
14.990 kr.



Sphere ♂  
Síðerma  
13.990 kr.



Barna bolur 🐾  
7.490 kr.

Barna leggings 🐾  
7.490 kr.



Léttir hanskar  
4.890 kr.



Quantum ♀  
Heilrennd  
27.990 kr.



Quantum ♂  
Heilrennd  
27.990 kr.



Sokkar  
Hike+ Light  
3.990 kr.



Oasis ♂♀  
Hálfsíðar leggings  
13.590 kr.



Anatomica ♂  
Nærbuxur  
6.590 kr.



Siren Tank ♀  
Hlýrabolur  
8.390 kr.



Tech ♂  
Hálfrennd  
19.990 kr.



Tech Lite ♀  
Stutterma  
11.990kr



Tech Lite ♂  
Stutterma  
12.990 kr.



Elemental ♂  
Heilrennd  
31.990 kr.



Sprite Racerback ♀  
Toppur  
8.490 kr.



Zone ♀  
Síðerma  
19.990 kr.

Stingum af ...

**GG**  **SPORT**



Í vefverslun okkar á [ggsport.is](http://ggsport.is) má finna meira úrval af öllu sem þarf í ævintýrið þitt!



@ggsport.is



@gg\_sport

Smíðjuvegur 8, Græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • [ggsport.is](http://ggsport.is)  
Opnunartími: Virkir dagar 10:30 - 18, Laugardaga 11-15

# Kröftug og breiðvirk blanda

Arctic Star sæbjúgna-hylkin innihalda riflega 50 tegundir næringarefna sem hafa ýmis heilsueflandi áhrif, eins og að draga úr stirðleika og liðverkjum, auka blóðflæði og styrkja ónæmiskerfið.

Sandra Yunhong She, framkvæmdastjóri hjá Arctic Star, segir sæbjúgu hafa verið notuð í Asíu um langt skeið við margs konar kvillum. „Í Kína eru þau stundum kölluð „ginseng hafsins“ en Kínverjar eru stærstu neytendur sæbjúgna í heiminum. Þau eru notuð þar til að meðhöndla háan blóðþrýsting, draga úr liðverkjum og auka kynorku og eru einnig vinsæl í Indónesíu þar sem þau eru talin búa yfir lækningamætti vegna græðandi eiginleika og eru meðal annars notuð á magasár.“

## Kollagen og vítamín

Arctic Star hefur verið með sæbjúgu á markaðinum í um fimm ár og hafa vörurnar frá þeim hlotið góðar undirtektir. Nú hefur Arctic Star bætt við úrvalið með sérstakri blöndu af sæbjúgum, D-vítamíni og kollageni. Sæbjúgun (Cumamaria Frondosa) sem Arctic Star notar eru veidd í Norður-Atlantshafi við strendur Íslands og innihalda mikið magn kollagens. Þau eru veidd úr sjónum en að sögn Söndru eru villt sæbjúgu með umtalsvert meiri virkni en eldisræktuð sæbjúgu.



Sandra Yunhong She segir sæbjúgu mikið notuð víða í Asíu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN



Það nýjasta frá Arctic Star eru sæbjúgnahylki sem eru D3-vítamínbætt.

„Sæbjúgun sem við notum eru ekki eldisafurð. Þetta er lindýr sem vex á botni sjávar og þessi ákveðna tegund inniheldur mjög hátt hlutfall prótíns eða um 70% og einungis 2% fitu. Blandan inniheldur að auki fiskiprótein sem unnið er úr þorskröði ásamt steinefnum og vítamínum.“ Ávinningur af neyslu kollagens er talinn margþættur. „Blandan hefur sérstaklega góð og styrkjandi áhrif á liði, húð, neglur og hár. Við bættum svo við C-vítamíni en það eykur virkni kollagensins og styrkir brjós, bein og húðina, ásamt því að efla starfsemi taugakerfisins og ónæmiskerfisins. Þá er C-vítamín talið verja frumur líkamans gegn oxunarálagi og draga úr þreytu og sleni.“ útskýrir Sandra.

„Við höfum einnig bætt við D-vítamíni en það styrkir líka ónæmiskerfið, stuðlar að eðlilegri upptöku líkamans á kalsíum og fosfóri ásamt því að styrkja bein, tennur og vöðva.“

## Ríkulegt magn aminosýra

Sæbjúgu innihalda einnig mikinn fjölda aminosýra en þær eru undirstaða og byggingarefni prótína. „Meðal aminosýra sem er að finna í sæbjúgum má nefna metíonín sem er blóðaukandi, eykur orku líkamans ásamt því að stuðla að myndun húðpróteins og insúlíns. Þá er einnig að finna aminosýruna lýsín sem talin er efla þroska heilans, stýra heilakönglinum, mjólkurkirtlum, eggjastokkum

og vernda frumur líkamans gegn hrörnun. Lýsín er líka mikilvægur þáttur í starfsemi lifrar og gallblöðru og tryptófan er talið aðstoða við myndun magasafa og insúlíns. Aminosýran valín er líka í sæbjúgum, en hún er sögð stuðla að eðlilegri virkni í taugakerfi og hefur góð áhrif á gulbú, brjóst og eggjastokka,“ segir Sandra.

„Aðrar aminosýrur sem er að finna í sæbjúgum eru meðal annars treónín sem stuðlar að jafnvægi aminosýra, leucine sem getur lækkað blóðsykur í blóðinu og styrkt húðina auk þess sem sár og bein gróa betur. Einnig má nefna isoleucine sem hefur jákvæð áhrif á kirtlastarfsemi líkamans, milta, heila og efnaskipti og fenýlalanín sem styrkir nýrun og þvagblöðruna ásamt því að auka virkni ónæmisfruma líkamans og þannig stuðla að myndun mótefna.“

Sandra byrjaði að taka inn sæbjúgnahylki upp úr þritugu og segist raunar ekki hafa veikt síðan hún hóf reglulega inntöku á þeim. „Ég var alltaf með flensu á hverju ári en það hefur ekki gerst núna í langan tíma eða frá því að ég byrjaði að taka þetta daglega. Húðin á mér varð mun betri og hár og neglur urðu sterkari. Þetta er griðarlega öflug blanda.“

Framleiðandi sæbjúgna er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á arcticstar.is. Arctic Star sæbjúgnahylki+D3 fást í flestum apótekum og heilsuþúðum ásamt Hagkaupum og Fjarðarkaupum. ■

# Oft erfitt að vera áhorfandi í stúkunni

Mikil spennan ríkir í Þorlákshöfn í dag en í kvöld er fyrsti heimaleikur Þórs Þorlákshafnar í úrslitaeinvíginu um Íslandsmeistaratitilinn í körfubolta.

Það er stór dagur í dag fyrir íbúa Þorlákshafnar, en þá taka heimamenn í liði Þórs á móti liði Keflvíkinga í úrslitum Domino's-deildar karla í körfubolta. Leikurinn í dag er fyrsti heimaleikur Þórs í úrslitunum en óhætt er að segja að liðið hafi komið flestum körfuboltaspekingum á óvart þegar það vann Keflvíkinga í fyrsta leik á nokkuð sannfærandi hátt.

Einn þeirra sem biður spennur eftir leiknum í kvöld er Grétar Ingi Erlendsson sem lék með liðinu á árum áður. „Eftir að ferlinum lauk þá færði ég mig upp í stúkuna í klappliðið enda unun að horfa á fyrrum liðsfélaga ásamt risandi ungstirnum taka við keflinu og byggja ofan á þann mikla árangur sem náðst hefur í körfuboltanum hér í Þorlákshöfn. Það getur þó stundum verið erfitt að vera einungis áhorfandi enda lifir maður sig af öllum krafti inn í leikinn.“

Þetta er í annað skipti sem lið Þórs Þorlákshafnar kemst í lokaúrslit en liðið komst síðast í úrslit á sínu fyrsta ári í efstu deild, árið 2012. „Þá vann Grindavík okkar lið 3-1. Sú úrslitakeppni reyndist vera mikil og dýrmæt reynsla fyrir okkur sem leikmenn og auðvitað klúbbinn enda markaði þessi sería upphaf stöðugleika árána í úrvalsdeild.“

## Stemning og kraftur í samfélaginu

Hann segir Þorlákshöfn vera mikið körfuboltasamfélag og að bæjarbúar séu ótrúlega stoltir af leikmönnum sínum í bæði karla- og kvennaflokki. „Hér hefur verið haldið vel á spöðunum í gegnum



Grétar Ingi Erlendsson lék áður með Þór Þorlákshöfn en er núna kominn upp í stúku að hvetja sína menn. MYND/AD-SEND



Liðsmenn Þórs Þorlákshafnar reyna að næla í fyrsta Íslandsmeistaratitil sinn í körfubolta.

tíðina sem hefur orðið til þess að við höfum alið af okkur keppnisfólk í hæsta gæðaflokki. Það er ekki sjálfgefið að svona lítið samfélag eigi lið í efstu deild og því síður að kjölfestuleikmenn liðsins séu uppaldir heimamenn. Bæjarbúar hafa líka verið tilbúnir

til að leggja á sig mikla og óeigingjarna vinnu til að dæmið gangi upp. Þetta fólk á allt mikið hrós skilið en það verður þó að taka Jóhönnu Hjartardóttur aðeins út fyrir mengið og hrósa henni sérstaklega, enda er hún móðir körfuboltans hér í bæ.“

Grétar segir það vera ómetanlegt fyrir þetta litla bæjarfélag, sem telur tæplega 2.300 íbúa, að eiga öflugan fulltrúa í svo vinsælli íþrótt. „Það verður bara svo mikil stemning og kraftur í samfélaginu þegar vel gengur og jafnvel ótrúlegasta fólk fer að stoppa mann

” Eftir að ferlinum lauk færði ég mig upp í stúkuna í klappliðið enda unun að horfa á fyrrum liðsfélaga ásamt risandi ungstirnum taka við keflinu og byggja ofan á þann mikla árangur sem náðst hefur í körfuboltanum hér.

á fönnum vegi til að ræða körfubolta.“

## Löng bið eftir leiknum

Biðin eftir leiknum í kvöld verður án efa löng fyrir marga stuðningsmenn liðsins en leikurinn hefst kl. 20.15. „Ég geri ráð fyrir því að stemningin verði rosaleg í bænum í dag. Strákarnir tróðu sokk upp í ansi marga með stórsigri í fyrsta leik. Ég er fullviss um að þeir vilji fylgja þeim sigri eftir með geggjúðum leik í dag og færa okkur þar með skrefinu nær því að landa fyrsta Íslandsmeistaratitli félagsins.“

Hann segir daginn í dag vera frekar hefðbundinn en hann muni að sjálfsögðu senda góða strauma til félaga sinna enda fást annað sem hann geti í raun gert. „Svo reyni ég auðvitað að leggja mitt af mörkum til að hvetja þá áfram. Ég treysti þó mun meira á Græna drekkann í þeim efnum enda er þar að finna fólk með sérfræðiþekkingu í að keyra upp stemningu. Ég fullyrði að það er ekki til betri stuðningsmannasveit á landinu.“

En hvað ætlar Grétar Ingi að gera ef Þór Þorlákshöfn vinnur Íslandsmeistaratitilinn? „Við skulum orða það þannig að það verður fagnaður þar excellence!“ ■

# Kvenréttindadagur

KYNNINGARBLAÐ

LAUGARDAGUR 19. júní 2021

Kynningar: BHM, Isavia.



Þótt Ísland standi framarlega í jafnréttismálum á heimsvísu segir Tatjana þó enn langt í land, enda verði fullu jafnrétti ekki náð hér fyrr en allir þjóðfélagshópar sitji við sama borð. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Vonbrigði að Ísland sé ekki paradís á jörð

Serbneska kvenréttindakonan Tatjana Latinovic fann ástina í örmum Íslendinga í fyrrum Júgóslavíu. Hún er fyrsti formaður Kvenréttindafélags Íslands af erlendum uppruna og segir jafnrétti ekki náð fyrr en allir hafi sömu stöðu. **2**



Þórdís Lilja Gunnarsdóttir  
thordisg@frettabladid.is

„Kvenréttindi eru mér hugleikin því í þeim felst barátta fyrir betri heimi.“

Þetta segir Tatjana Latinovic, fyrst kvenna af erlendum uppruna til að stýra Kvenréttindafélagi Íslands í 114 ára sögu þess.

„Stefna Kvenréttindafélags Íslands er að leggja félagið niður þegar jafnrétti á Íslandi hefur verið náð, en það er því miður ekki enn raunin. Það gerist ekki fyrr en við öll í samfélaginu höfum sömu stöðu.“

Tatjana segir vissulega merkilegt að erlend kona gegni formennsku í jafn rammíslensku og rótgrónu félagi, en að það sé engu að síður eðlilegt framhald.

„Ég hef verið viðriðin jafnréttismál frá því ég flutti til Íslands árið 1994 og unnið markvisst að kvenréttindum frá árinu 2003, þegar ég var ein stofnenda Samtaka kvenna af erlendum uppruna. Þar vildum við gefa erlendum konum hér á landi rödd, sýna fjölbreytileikann í þeirra hópi og berjast fyrir réttindum þeirra. Okkur var strax tekið fagnandi af íslensku kvenna-hreyfingunni og þáverandi stjórn Kvenréttindafélagsins hjálpaði okkur mikið. Við vorum því strax boðnar velkomnar í net íslenskra kvenréttinda og það styrkti okkur mjög,“ segir Tatjana, sem var nýlega endurkjörin formaður félagsins til tveggja ára.

„Kvenréttindafélag Íslands er meira en aldargamalt en þó síungt og opið fyrir breytingum samfélagsins. Það er spennandi vettvangur og mikilvægt að gömul félög geri sig enn gildandi í samfélaginu, en sem stjórnandi legg ég áherslu á fjölbreytileika, opnara samfélag og að vera fulltrúi sem flestra.“

### Ósýnilegir aðskotahlutir

Tatjana, sem er serbnesk, varð ástfangin af Íslendingnum Dagbjarti Helga Guðmundssyni, sem dró hana með sér til Íslands fyrir 27 árum.

„Við kynntumst við störf hjá Alþjóðlega Rauða krossinum í fyrrverandi Júgóslavíu en fluttumst til Íslands 1994. Ég ólst upp í mjög jafnréttissinnaðri fjölskyldu og man að mér þótti saga íslenskra Rauðsokka merkileg og íslenskar konur áberandi duglegar, sterkar og hógværar,“ greinir Tatjana frá, um sín fyrstu kynni af Íslandi.

Hún segir lífið á Íslandi hafa verið strembið á köflum fyrsta kastíð.

„Það hjálpaði mér mikið að vilja strax læra íslensku og hvað fjölskyldan og fólkíð í kringum mig var hvetjandi og fullt stuðnings. Bæði tungumálið og það að upplifa sig sem hluta af íslensku samfélagi er mikilvægt, en ógrynni kvenna af erlendum uppruna, og sem hafa búið hér lengi, rétt eins og ég, upplifir sig sem ósýnilega aðskotahluti, sem er sannarlega miður. Það er svo eitt að læra íslensku en annað ef enginn vill tala við þig. Innflytjendur vilja flestir læra íslensku á einhverjum tímapunkti, en það liggur misvel fyrir fólki og því fylgja mikil umskipti á lífinu að flytjast til annars lands. Flestir þrá að verða hluti af íslensku samfélagi, en hvernig það gengur fer eftir því hvernig nánasta umhverfi tekur á móti þeim. Því er þungbært að fólk sem hefur lagt á sig að læra íslensku finnist það vera ósýnilegt í íslensku samfélagi.“

### Meiri ábyrgð í uppeldi drengja

Kvenréttindafélagið hlaut nýverið evrópskan styrk til að halda fræðslufundi fyrir femínísk samtök í Króatíu um stöðu kvenréttinda á Íslandi og voru fjórir fundir fram í júní, sem hægt er að horfa á á YouTube-rás félagsins.

„Þar tóluðum við um jafnlauna- staðalinn, MeToo-byltinguna,



## Konurnar sögðust hafa flutt til Íslands vegna þess að hér átti að ríkja svo mikið jafnrétti, en svo mætti þeim allt annar veruleiki. Þær finna hreint ekkert fyrir jafnréttinu á eigin skinni og það finnst mér sárt.

sögu kvenréttinda á Íslandi og ég var með mínar króatísku áherslur. Þá var áhugavert að sjá hversu viðfangsefnin hér og þar eru lík og urðu króatísku konurnar fyrir svolitlum vonbrigðum. Þær höfðu talið sér trú um að Ísland væri paradís á jörðu þegar kæmi að kvenréttindum, og mér þótti leitt að slá ryki á þá draumsýn, því þegar upp var staðið reyndust viðfangsefnin í báðum löndum svipuð,“ segir Tatjana, um samþæfilegan veruleika íslenskra og króatískra kvenna.

„Atvinnuþátttaka kvenna er mikil í Króatíu og þar er fæðing-arorlofskerfi, þó ekki eins gott og hér. Annars held ég að allar konur í heiminum séu eins í grunninn og ég veit að við getum fundið mikinn samhljóm hver hjá annarri. Því hvet ég íslenskar konur til að gefa erlendum kynsystur sínum gaum; konum sem eiga engan að á Íslandi og líta á sig sem aðskotahlut, því við konur erum eins að upplagi og eigum ótal margt sam-eiginlegt.“

Karlar eru ekki konur, en konur eru menn. Því segir Tatjana árið-andi að karlar verði bandamenn kvenna í jafnréttismálum.

„Það er líka ábyrgðarhluti hvernig við öllum upp drengina okkar og högum okkur, því feðraveldið bitnar líka á þeim. Að við kennum þeim að jafnrétti sé ekki einungis málefni kvenna heldur alls samfélagsins. Drengir njóta góðs af því. Við þurfum að kenna þeim að bera virðingu fyrir ólíkum kynjum og að láta ekki undan pressu um að vera einhvern veginn vegna þess eins að þeir eru karlmenn. Við þurfum að kenna þeim að sinna sjálfum sér, sínu og öðrum.“

### Finna ekki fyrir jafnréttinu

Kvenréttindafélag Íslands er með elstu kvenréttindafélögum heims, stofnað af Bríeti Bjarnhéðinsdóttur árið 1907 og hefur staðið vörð um réttindi kvenna allar götur síðan.

„Bríet fékk hvatningu frá konum sem börðust fyrir kosningarétti kvenna úti í heimi og það var fyrir tilstuðlan hennar að íslenskar konur, fjórútu ára og eldri, fengu kosningarétt til Alþingis þann 19. júní 1915. Þátttaka kvenna í íslenskum stjórnámum er okkur

enn mjög hugleikin. Við erum ekki flokkspólítískt félag en tölum alla flokka upp og hugum að kynja-jafnrétti,“ útskýrir Tatjana.

Í ár fékk Kvenréttindafélagið styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna og réði til sín sumarstarfsmann sem mun kynjagreina umræðuna í aðdraganda alþingiskosninga í haust.

„Við skrifum líka umsagnir við frumvörp og förum með þær fyrir nefndir alþingismanna ef kynjavinkill finnst í frumvörpum, sem er langoftast, og við vitum að alþingismenn kunna mjög vel að meta þegar við förum með slík mál fyrir nefndir,“ segir Tatjana, í mjög svo vaxandi félagi þar sem mikil gróska er ekki síst hjá ungu kynslóðinni.

„Það er mikil vakning í jafnréttismálum á Íslandi og brynt að sofa ekki á verðinum. Í MeToo-byltingunni var ég í lokuðum spjallhópi yfir 600 erlendra kvenna sem sögðust hafa flutt til Íslands vegna þess að hér átti að ríkja svo mikið jafnrétti, en svo mætti þeim annar veruleiki. Þær veltu fyrir sér hvi að hafa jafnrétti þegar það gagnast þeim ekki neitt? Þær finna hreint ekkert fyrir jafnréttinu á eigin skinni og það finnst mér sárt. Þess vegna segi ég og undirstrika, að á Íslandi ríkir ekki jafnrétti fyrr en allir njóta góðs af því. Við vitum líka að sum kvennastörf eru eingöngu unnin af útlendum konum á lágum launum, en hvað gerist ef þær fara? Koma þá ungr íslendingar og vinna þau á jafn lágum launum? Allt er þetta tengt jafnrétti, og enn er langt í land.“

### Konur þurfa meira en klapp

En þótt margt hafi áunnist í kvenréttindamálum hefur Tatjana miklar áhyggjur af stöðu kvenréttinda í heiminum.

„Ég hef áhyggjur af auknum popúlisma í stjórnámum, eins og við sáum hjá Donald Trump og nú í Póllandi og Ungverjalandi. Þá hefur heimsfaraldurinn haft skelfileg áhrif á kvenréttindi víða um heim og við erum duglegar að vekja athygli á því. Á tímum Covid-19 hefur heimilisofbeldi aukist mikið. Þá hafa kvennastéttir verið í framlínu heilbrigðiskerfisins og álag á barnafjölskyldur aukist, en niðurstöður rannsóknna hér á landi

og ytra sýna að konur hafa tekið á sig enn meiri byrði en karlar á heimilunum í Covid,“ upplýsir Tatjana og heldur áfram:

„Einnig hefur félagið Femínísk fjármál rýnt í viðbrögð íslenskra stjórnvalda í heimsfaraldurinum og séð að þar hallar verulega á konur. Þær hafa síður fengið björgunarpakka ásamt því að störf þeirra hafa verið í meiri hættu, eins og á hárgreiðslu- og snyrtistofum þar sem var lokað þegar verst var. Þá hafa fleiri ný störf verið sköpuð fyrir karla en konur.“

Helstu baráttumál Kvenréttindafélagsins nú eru meðal annars að allir hópar í samfélaginu fái sömu réttindi.

„En líka launamál kvennastétta, ofbeldismál og að endurreisn efnahagslífsins eftir Covid verði á jafnréttisgrundvelli. Við stöndum á tímamótum og nú er einstakt tækifæri til að gera hlutina rétt og með jafnréttisglæraugum. Heimsfaraldurinn hefur sýnt okkur hvers virði kvennastéttirnar eru og hvað þær báru á herðum sér, og á kvennafridaginn förum við í herferð til að vekja athygli á að konur lifa ekki á þakklætinu einu saman. Þá var klappað fyrir heilbrigðisstarfsfólki víða í Evrópu, en klapp er ekki nóg. Það þarf líka að sýna og meta kvennastörf að veruleikum og með launum til jafns við karla.“

### Framfarir koma ekki af sjálfu sér

Í dag, á kvenréttindadegi íslenskra kvenna, mun Tatjana vitja leiðis Bríetar Bjarnhéðinsdóttur, stofnanda Kvenréttindafélags Íslands, í Hólavallakirkjugarði.

„Kvenréttindadagurinn er mikilvægur og ekki síst til að minnst þess veruleika sem íslenskar konur bjuggu við áður. Rétt rúm hundrað ár eru síðan barist var fyrir kosningarétti kvenna, sem okkur þykja sjálfsögð réttindi í dag. Öll 20. og 21. öldin er lituð baráttu kvenna fyrir sjálfsögðum mannréttindum, eins og þegar Rauðsokkur börðust fyrir dagvistun barna en voru þá sakaðar um að hata börn. Í dag þætti fólki skrytið ef ekki væru til leikskólar. Sama á við um fæðing-arorlofið, en sjálfar þurftu konur að berjast fyrir öllum þessum framförum. Þær komu ekki af sjálfu sér,“ segir Tatjana. ■

# DOMUSNOVA KYNNIR MEÐ STOLTI OKKAR KONUR



- ◆ Starfsfólk okkar starfar eftir gæðahandbók til að tryggja gæði í vinnubrögðum
- ◆ Hjá okkur starfa margir lögfræðingar sem er mikilvæg stoð fyrir okkar viðskiptavini
- ◆ Við seljum mikinn fjölda fasteigna á ári hverju og byggjum þannig á mikilli reynslu
- ◆ Við veitum frábæra þjónustu allt söluferlið

LÁTTU FAGFÓLK **SELJA** ÞÍNA EIGN  
**DOMUSNOVA**  
Fasteignasala

HLÍÐASMÁRA 4 KÓPAVOGI - AUSTURVEGI 6 SELFOSSI & STILLHOLTI 16-18 AKRANESI  
SÍMI 527 1717 - WWW.DOMUSNOVA.IS

# Verða betri borgarar eftir þetta nám



Sandra Guðrún Guðmundsdóttir sandragudrun@frettabladid.is

Fyrir fjórtán árum síðan bauð nýútskrifaður kennari, Hanna Björg Vilhjálmssdóttir, upp á valáfanga í kynjafræði í Borgarholtsskóla. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar. Kynjafræði er nú kennd í flestum framhaldsskólum landsins og jafnréttismál og feminismi eru á allra vörum.

Þegar Hanna Björg fór af stað með áfanga í kynja- og jafnréttisfræðslu var það valáfangi. Hann varð fljótt vinsæll og vakti athygli. Fjölmíðlar sýndu áhuga og Hanna Björg fór í fjölda viðtala.

„Það skipti auðvitað máli að fjölmíðlar sýndu þessu áhuga. En ég setti fljótlega fram þá kröfu að gera kynjafræði að skyldufagi. Fullt af nemendum völdu fagið en ég fékk bara þau sem voru áhugasöm. Mig langaði líka að ná í karlremburnar. Mig langaði að kynna efnið fyrir þeim sem höfðu ekki áhuga,“ segir hún.

Nemendur Hönnu Bjargar fóru í lið með henni og gerðu verkefni til að kynna áfangann, fóru í viðtöl og skrifuðu greinar.

„Það er í raun óvenjulegt og eins-



Hanna Björg hefur kennt kynjafræði í Borgarholtsskóla í 14 ár.

MYND/ADSEND

Fullt af nemendum völdu fagið en ég fékk bara þau sem voru áhugasöm. Mig langaði líka að ná í karlremburnar. Mig langaði að kynna efnið fyrir þeim sem höfðu ekki áhuga.

Markmiðið með þessari fræðslu er að breyta viðhorfum og skilja valdaójafnvægið í samfélaginu. Að nemendurnir skilji hvernig vinnumarkaðurinn er skakkur og stjórn málin eru rammskökkt. Það er frelsandi að skilja þetta. Ég vil meina að nemendur verði betri borgarar eftir þetta nám.

## Vinna með eigin viðhorf

Hanna Björg er í starfshóp um eflingu kynfræðslu í grunn- og framhaldsskólum, sem skipaður var af mennta- og menningarmálaráðherra.

„Hópurinn þarf að skila af sér skýrslu og þar er hart lagt að stjórnvöldum að innleiða meiri kynjafræði. Því kynfræðsla í mínum huga getur ekki verið án kynjafræði og kynjafræði getur ekki verið án kynfræðslu. Þetta þarf að haldast í hendur. Þú ert ekki með kynfræðslu og sleppir því að tala um klám. Þar sem að ofbeldi og kynlíf er sett saman og normaliserað, sem er algjör viðbjóður,“ segir Hanna Björg.

„Ég er viss um að þetta mun taka meira og meira pláss í skólakerfinu. Það verður að gera það ef við ætlum að ná jafnrétti í samfélaginu. Það þarf að breyta viðhorfum og viðhorfin verða til í skólakerfinu. Þau verða til í öruggu rými kennslustofunnar. Þar sem nemendur spegla viðhorf sín og tilfinningar með öðrum nemendum og vinna þannig með sín eigin viðhorf. Þetta er uppgötvunarnám. Ég er ekki að innræta og hella í þau þekkingunni heldur eru þau að greina samfélagið.“

Þegar krakkarnir skoða poppkultúrinn og ræða af hverju það er normaliserað í samfélaginu að kynörvandi efni á netinu sé fullt af ofbeldi og kvenhatri þá finnst þeim það skrítið, að sögn Hönnu Bjargar.

„Það eru margir strákar búnir að segja við mig: Hanna, ég er hættur að horfa á klám. Málið er að það er ekki eins og strákar vilji fróa sér yfir einhverjum viðbjóði. Þeir sækja ekkert í það. Þessu eru troðið ofan í þá,“ útskýrir hún.

„Þegar ég spyr þau: Hvað haldið þið að stórt hlutfall af kynörvandi efni á netinu sé ofbeldisfullt og niðurlægiandi þá svara þau: Það er svona 90–100%. Þetta er hópurinn sem veit það.“

Hanna Björg segir að frá því að hún hóf að kenna kynjafræði árið 2007 sé orðin meiri meðvitund um feminisma í samfélaginu.

„Þú flettir ekki blaði án þess að þar sé allavega einu sinni fjallað um jafnréttismál. Það er fjallað um þau svo víða. Þetta er orðinn hluti af almennri umræðu í samfélaginu. En á sama tíma erum við að ströggla og það er bullandi bakslag, í mínum huga var OnlyFans bakslag, svo ég taki dæmi. En helsti munurinn frá 2007 er að þessi umræða er kominn í miðjuna.“ ■

Ég er viss um að þetta mun taka meira og meira pláss í skólakerfinu. Það verður að gera það ef við ætlum að ná jafnrétti í samfélaginu.

dæmi að nemendur „agiteri“ fyrir því að eitthvert fag verði skyldufag. Samtök framhaldsskólanema eru búnin að álykta um það oft en einu sinni og Kvenréttindafélagið er búið að álykta um það líka. Stuðningur hefur komið víða að,“ segir Hanna.

## Voru algjörlega ósáttir

Kynjafræði er frá því í byrjun þessa árs orðin skylduáfangi fyrir alla nemendur Borgarholtsskóla. Það var áður orðin skylduáfangi fyrir bóknámsnemendur en nú þurfa nemendur í verknámi líka að sitja áfanga í kynjafræði vilji þeir útskrifast frá skólanum. Hanna Björg segir það vera stórsigur.

„Verknámið í Borgarholtsskóla, þó það sé að breytast rólega, er að mestu hefðbundin karlafög, málmíðn og bilíðngreinar,“ útskýrir Hanna Björg.

„Það er skemmtilegt að segja frá því að fyrsti verknámshópurinn í skyldu var núna á síðastliðinni önn og strákar voru ekkert rosa hressir. Þeir voru algjörlega ósáttir við þetta, en þeir fóru sáttir.“

Hanna Björg segir að það sé valdeflandi fyrir nemendurna að skilja hvernig staðalímyndir virka og að skilja hvernig kynferðisofbeldi tengist kvenfyrirlitningu og valdaskekkju.

„Það er líka mikilvægt fyrir stráka að skilja, því þeir eru oft gerendur í kynferðisofbeldi og kynferðislegri áreitni, hvaða afleiðingar þetta hefur. Hvað þetta er mikil smættun og lítilsvirðing,“ segir hún.

„Allir nemendur eru gullmolar. Það þarf bara ákveðna natni til að ná til þeirra og nota óhefðbundnar kennsluáferðir. Við notum óhefðbundnar kennsluáferðir í þessu fagi af því við erum að vinna með tilfinningar og skoðanir nemenda.

## Baráttan heldur áfram!

Samfélagið allt hefur tekið stakkaskiptum á síðustu áratugum en lengi má gott bæta.

Til lengri tíma litið hefur launamunur kynjanna á vinnumarkaði dregist saman en lítið hefur hins vegar gerst á allra síðustu árum. Konur í VR vinna því enn **launalaust í rúman mánuð á ári** hverju. Það er óásættanlegt.

Krafan um jafnrétti á vinnumarkaði er ein af grundvallarkröfum verkalyðshreyfingarinnar.



# Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands\*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

\*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára



## vinnvinn

## Viltu vera í Vinnvinn teyminu?

Árangur og farsæld viðskiptavina og samstarfsaðila er lykilatriði í okkar velgengni og það sem við brennum fyrir. Við erum þekkt fyrir að skapa virði, veita faglega ráðgjöf og sérfræðipækkingu.

Með skapandi nálgun og starfsgleðina að vopni leitum við sífellt betri leiða að bættum árangri fyrir samstarfsaðila okkar.

Við höfum þrjú grunngildi sem skilgreina hver við erum og hvað við gerum: Ástríða – Árangur – Sköpunargleði.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um færni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsjón með starfinu hefur Jensína K. Böðvarsdóttir (jensina@vinnvinn.is) hjá Vinnvinn.

Við hjá Vinnvinn hlökkum til að mæta í vinnuna alla daga vikunnar vegna þess að við elskum það sem við gerum. Nú leitum við að ráðgjafa sem hefur brennandi áhuga á fólki, er lipur í samskiptum og hefur metnað til að ná árangri í starfi. Svona eins og við! Árangur annarra er okkar velgengni svo við leggjum gríðarlegan metnað í okkar starf.

### Starfssvið:

- Mat og greining á umsækjendum, viðtöl og umsagnaleit.
- Ráðgjöf við stjórnendur í fyrirtækjum og innan stjórnsýslu á sviði ráðninga.
- Fyrirlögn og túlkun persónuleikamats, hæfnisprófa og verkefna.
- Eftirfylgni ráðninga.
- Ráðgjöf til einstaklinga í atvinnuleit.
- Önnur tilfallandi verkefni á sviði ráðninga.

### Hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Ástríða fyrir fólki.
- Brennandi áhugi á mannauðs- og vinnumarkaðsmálum.
- Lipurð og framúrskarandi samskiptahæfileikar og hæfni til að vinna í teymi.
- Árangursdrifni, frumkvæði og drifkraftur.
- Ögun í vinnubrögðum og sveigjanleiki.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í töluðu og rituðu máli.

### Umsóknarfrestur er til og með 29. júní nk.

Umsóknir óskast fylltar út á [www.vinnvinn.is](http://www.vinnvinn.is).

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

vinnvinn  
RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF

## Marketing Specialist

atNorth is a high-density computing technology company headquartered in Hafnarfjörður, Iceland.

atNorth's flagship Infrastructure-as-a-Service (IaaS) product, HPCFLOW, is an AI and HPC IaaS solution that allows HPC operators to consume HPC infrastructure in the most efficient manner possible.

atNorth operates one of Europe's largest data center campuses in Iceland, harnessing groundbreaking colocation data center technology and smart cluster operations all powered by renewable energy. atNorth's data center solutions are flexible: delivering cost efficiency to atNorth's customers through responsible use of resources.

Are you an enthusiastic marketing talent with passion for high-tech, that can communicate and drive new conversations about the value of atNorth's Nordic data center facilities in Sweden and Iceland?

atNorth is expanding and we seek to hire a driven communicator and conversation starter to develop and execute on our Go-To-Market plan with emphasis on delivering value to customers, international companies looking to gain more operational and cost efficiency by leveraging smart data center design while ensuring sustainable and futureproof deployment of technology infrastructure.

Among responsibilities will be to define and execute on a Go-To-Market strategy for atNorth's solutions and services and support and drive new discussions through different channels with target customers.

### Requirements for this role:

- Be able to work across teams and borders with atNorth's international team of professionals.
- Excellent communication skills in English, both written and spoken.
- Marketing experience.
- Track record of successful marketing projects.
- Great initiative and an ability to work independently.

### The application deadline is June 29th.

Apply for the job at [www.vinnvinn.is](http://www.vinnvinn.is).

The application must be in English, accompanied by a curriculum vitae and a detailed cover letter stating the reason for the application and the reasons for the person's ability to perform in the job.

Jensína K. Böðvarsdóttir (jensina@vinnvinn.is) and Hilmar G. Hjaltason (hilmar@vinnvinn.is) at Vinnvinn, oversee the recruitment process.

vinnvinn  
RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF

# Öryggis- og gæðastjóri

Tempra leitar að traustum og árangursdrifnum aðila með mikla samskiptahæfni til þess að hafa umsjón með öryggismálum og vinna að öryggisstefnu fyrirtækisins ásamt því að sjá um uppbyggingu, rekstur og þróun gæðakerfis hjá fyrirtækinu. Starfið heyrir beint undir framkvæmdastjóra.

## Starfssvið

- Umsjón með öryggismálum og kerfisbundin vinna að umbótum
- Ábyrgð á rekstri gæðakerfis, eftirfylgni og vinna að stöðugum umbótum
- Innleiða og viðhalda öryggis- gæða- og umhverfisstjórnunarkerfi sem stenst alþjóðlegar vottunarkröfur, s.s. BRC, ISO 14001, ISO 45001 og CE vottanir
- Umsjón með umhverfismálum
- Umsjón með skráningu og úrvinnslu á frávikum
- Skipulagning og umsjón með innri og ytri úttektum
- Innkaup á öryggisbúnaði
- Umsjón með áhættugreiningum og greining á ferlum
- Fræðsla og ráðgjöf til starfsmanna um gæða- og öryggismál
- Eftirlit og samskipti við opinbera aðila varðandi öryggis- og gæðamál
- Önnur verkefni sem tengjast öryggis- og gæðamálum í fyrirtækinu

## Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, s.s. á sviði matvæla- eða verkfræði
- Þekking og reynsla af öryggisstjórnun, gæðastjórnun og rekstri gæðakerfa
- Þekking á ISO 14001, ISO 45001, BRC og CE vottun er kostur
- Góð samskiptafærni, frumkvæði, drifkraftur og áreiðanleiki
- Góð færni í íslensku og ensku, bæði í ræðu og riti
- Þekking og reynsla á Navision kostur



Tempra framleiðir umbúðir til flutnings á ferskum matvælum og einangrun til byggingaframkvæmda úr frauðplasti. Fyrirtækið leggur áherslu á að veita hraða og örugga þjónustu, hafa ávallt á boðstólum vöru að jöfnum gæðum sem uppfyllir þau skilyrði sem til hennar eru gerð og leggur metnað sinn í að vera fremst á sínu sviði á Íslandi. Hjá Tempru starfa um 30 manns.

## Umsóknarfrestur er til og með 30. júní nk.

Nánari upplýngar veitir Hlynur Atli Magnússon, [hlynur@hagvangur.is](mailto:hlynur@hagvangur.is)

Umsóknir með ítarlegri ferilskrá og kynningarbréfi óskast fylltar út á [hagvangur.is](http://hagvangur.is).

# Framkvæmdastjóri

Íslenski dansflokkurinn óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra til að stýra daglegri starfsemi flokksins. Framkvæmdastjóri heyrir undir og vinnur náið með listrænum stjórnanda flokksins. Í boði er mjög áhugavert starf í lifandi og skapandi umhverfi.

## Helstu verkefni og ábyrgð

- Umsjón með öllum fjármálarekstri flokksins
- Samskipti við íslensk stjórnvöld, innlenda og erlenda samstarfsaðila
- Ábyrgð á samninga- og áætlanagerð, stefnumótun og skýrslugerð
- Umsjón með starfsmannamálum
- Erlend og innlend samstarfsverkefni
- Fjáraflanir
- Önnur tilfallandi verkefni

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Reynsla af fjármálum og rekstri
- Reynsla af stjórnunarstörfum
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Frumkvæði, drifkraftur og stefnumótandi hugsun
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Þekking og áhugi á menningarstarfi



Íslenski dansflokkurinn er sjálfstæð ríkisstofnun. Hlutverk hans er að sýna listdans, stuðla að nýsköpun í innlendri listdanssmíði og vera vettvangur til eflingar og framþróunar danslistar á Íslandi. Íslenski dansflokkurinn hefur byggt upp nafn og viðurkenningu á alþjóðlegum vettvangi á undanförunum árum. Listrænn stjórnandi er forstöðumaður dansflokksins og aðsetur er í Borgarleikhúsinu. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu flokksins [www.id.is](http://www.id.is)

## Umsóknarfrestur er til og með 1. júlí nk

Umsóknir óskast fylltar út á [hagvangur.is](http://hagvangur.is).

Með umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu rökstudd.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Stefania Hildur Ásmundsdóttir, ráðgjafi, [stefania@hagvangur.is](mailto:stefania@hagvangur.is)

# Framkvæmdastjóri bankasviðs

Seðlabanki Íslands óskar eftir að ráða traustan leiðtoga í starf framkvæmdastjóra bankasviðs. Viðkomandi heyrir beint undir seðlabankastjóra og situr í framkvæmdastjórn bankans.

Bankasvið er eitt af kjarnasviðum bankans og er hlutverk þess að hafa áhættumiðað eftirlit með starfsemi fjármálfyrirtækja. Eftirlitið felur m.a. í sér reglubundna vöktun á starfsemi fyrirtækjanna á grundvelli gagnaskila og mat á áhættu og stýringu hennar. Sviðið framkvæmir ítarlegt könnunar og matsferli (e. SREP) á fjármálfyrirtækjum þar sem viðskiptaáætlanir eru rýndar og mat lagt á áhættu er varða eiginfjár- og lausafjárstöðu. Sviðið ber ábyrgð á að setja fjármálfyrirtækjum viðeigandi varúðarkröfur og hafa eftirlit með framfylgni þeirra og annarra lögbundinna krafna.

## Helstu verkefni

- Stýrir og leiðir starfsemi bankasviðs
- Mótar stefnu og framtíðarsýn sviðsins í samræmi við stefnu og markmið bankans
- Ber ábyrgð á þróun aðferðarfræði við mat á áhættum fjármálfyrirtækja
- Ber ábyrgð á upplýsingagjöf um áhættu og stöðu fjármálfyrirtækja til annarra starfseininga og nefnda bankans
- Byggir upp sterka liðsheild stjórnenda og sérfræðinga á sviðinu
- Tryggir traust samstarf við önnur svið og deildir innan bankans
- Ber ábyrgð á samskiptum sviðsins við eftirlitsskylda og opinbera aðila
- Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi, m.a. á vettvangi European Banking Authority og við aðra seðlabanka

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, einkum á sviði viðskipta- eða hagfræði
- Reynsla af stefnumótun og innleiðingu breytinga
- Sterkir leiðtogahæfileikar og góð stjórnunarreynsla
- Yfirgripsmikil þekking og reynsla af eftirlitsstörfum og/eða af fjármálamarkaði
- Góð þekking á starfsemi fjármálfyrirtækja
- Góð færni í að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Færni í mannlegum samskiptum og árangursríkri teymisvinnu
- Frumkvæði, drifkraftur og metnaður til að ná árangri í starfi

Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfsstöð í Reykjavík. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Með umsókn um starfið þarf að fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu rökstudd.

Við ráðningar í störf hjá Seðlabanka Íslands er tekið mið af jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun bankans. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi samtaka starfsmanna fjármálfyrirtækja. Umsóknir gilda í sex mánuði og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Vakin er athygli umsækjenda á því að um ráðningarferlið gilda m.a. stjórnsýslulög nr. 37/1993, upplýsingalög nr. 140/2012 og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Nánari upplýsingar veita Geirlaug Jóhannsdóttir, [geirlaug@hagvangur.is](mailto:geirlaug@hagvangur.is), og Íris Guðrún Ragnarsdóttir framkvæmdastjóri mannauðs, [iris.g.ragnarsdottir@sedlabanki.is](mailto:iris.g.ragnarsdottir@sedlabanki.is). Umsóknarfrestur er til og með 5. júlí nk.



Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins sem heyrir undir forsætisráðherra. Markmið bankans er að stuðla að stöðugu verðlagi, fjármálastöðugleika og traustri og öruggri fjármálastarfsemi. Þá skal bankinn sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisforða og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi. Hjá Seðlabankanum starfar öflug liðsheild og leggur bankinn ríka áherslu á metnaðarfullt og hvetjandi starfsumhverfi sem einkennist af trausti, fagmennsku, þekkingu og framsækni.

# Við leiðum fólk saman



## Fjármálasérfræðingur - Skóla- og frístundasvið

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir starf fjármálasérfræðings laust til umsóknar. Leitað er að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi í fjármála- og rekstrarþjónustu skóla- og frístundasviðs. Næsti yfirmaður fjármálasérfræðings er fjármálastjóri sviðsins og helstu verkefni tengjast fjármálaþjónustu, reikningsskilum og gerð fjárhagsáætlunar fyrir starfsstaði sviðsins. Undir skóla- og frístundasvið heyrir rekstur leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva Reykjavíkurborgar, starfsemi Námsflokka Reykjavíkur og skólahljómveita. Jafnframt greiðir sviðið framlög til sjálfstætt starfandi dagforeldra, leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla og hefur eftirlit með starfsemi þeirra. Skóla- og frístundasvið þjónustar yfir 20 þúsund börn og fjölskyldur þeirra. Útgjöld sviðsins eru u.þ.b. 59 milljarðar kr. á ári í tæplega 200 rekstrareiningum. Umsókn fylgi starfsferilskrá og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veita Kristján Gunnarsson, fjármálastjóri og Guðmundur Guðbjörnsson, deildastjóri í síma 411-1111  
Netföng: kristjan.gunnarsson@reykjavik.is / guðmundur.gudbjornsson@reykjavik.is

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Umsjón með fjárhagslíkani grunnskóla
- Gerð fjárhagsáætlana.
- Mánaðarleg uppgjör og frávikagreining.
- Fjárhagslegt eftirlit til að tryggja að útgjöld séu innan fjárheimilda.
- Greiningarvinna og fjárhagseftirlit.
- Fjárhagsupplýsingagjöf til stjórnenda.

### Hæfniskröfur

- Háskólagráða í viðskiptafræði eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Mastersgráða kostur.
- Reynsla af vinnu við uppgjör og áætlanagerð æskileg.
- Reynsla af lykiltalagreiningu æskileg.
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu er æskileg
- Þekking á rekstri grunnskóla er kostur.
- Góð íslenskukunnátta ásamt færni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Frumkvæði, sjálfstæði og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Skipulagshæfni, nákvæmni og öguð vinnubrögð.
- Lipurð í samskiptum.

Umsóknarfrestur er til og með 5.júlí 2021.

Laun eru samkvæmt samningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.  
Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is)

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristján Gunnarsson í síma 411-1111 og tölvupósti [kristjan.gunnarsson@reykjavik.is](mailto:kristjan.gunnarsson@reykjavik.is)

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglí það margbreytilega samfélag sem borgin er.

## Starf í Hallgrímskirkju

Hallgrímskirkja í Reykjavík  
auglýsir eftir kórstjóra í 50% starf.



Krafist er háskólamenntun í kirkjutónlist eða kórstjórn auk reynslu af kórstjórn.

Aðalverkefni kórstjórans er að byggja upp og stjórna nýjum KÓR HALLGRÍMSKIRKJU.

Kórstjórnin vinnur í nánu samstarfi við organista og presta kirkjunnar og tekur virkan þátt í helgihaldi og tónlistarlífi safnaðarins.

Mikil áhersla er lögð á hæfni í mannlegum samskiptum.

Launagreiðslur miða við launataxta kjarasamnings FÍH.

Umsóknir merktar „Starfsúmsókn“ ásamt prófskírteinum, ferilskrá og kynningarbréfi sendist til Hallgrímskirkju v/Hallgrímstorg, 101 Reykjavík, eða á netfangið [bjornsteinar@hallgrimskirkja.is](mailto:bjornsteinar@hallgrimskirkja.is).

Matsnefnd leggur tillögu um ráðningu fyrir sóknarnefnd. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf um miðjan ágúst nk. Öllum umsóknum verður svarað.

Nánari upplýsingar veitir Björn Steinar Sólbergsson organisti í síma 856 1579.

## Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

### Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, [hrannar@frettabladid.is](mailto:hrannar@frettabladid.is)  
Arna Rut Kristinsdóttir, [arnarut@frettabladid.is](mailto:arnarut@frettabladid.is)

## Finance Controller

Elkem Ísland óskar eftir að ráða í starf controller á fjármálasvið fyrirtækisins. Við leitum að öflugum aðila til að taka þátt í skemmtilegum og krefjandi verkefnum í lífandi, alþjóðlegu umhverfi.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Umsjón með reikningshaldi fyrirtækisins
- Ábyrgð á mánaðar- og ársuppgjöri ásamt samstæðureikningsskilum með fjármálastjóra
- Kostnaðargreining og eftirfylgni
- Þátttaka í áætlavinnu og umbótaverkefnum
- Undirbúningur lokafærslna og áætlana
- Greiningarvinna og stuðningur við aðrar deildir
- Umsjón með skjölun vegna milliverðlagningar
- Leiðandi í stafrænni umbreytingu
- Umsjón með skilum á gögnum til endurskoðenda og opinberra aðila

### Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræða og reynsla af sambærilegu starfi
- Meistaránám á sviði reikningshalds er kostur
- Þekking og skilningur á helstu reikningsskilareglum
- Mjög góð Excel kunnátta, reynsla af PowerBI eða svipuðu er kostur
- Góð talnagleggni, greiningarhæfni og nákvæmni
- Geta til að vinna undir álagi og vaxtarhugarfar
- Lipurð í mannlegum samskiptum og metnaður til að ná árangri
- Hæfni til að miðla þekkingu og upplýsingum á íslensku og ensku



Rekstur verksmiðju Elkem Ísland ehf. á Grundartanga hófst árið 1979, en eigandi fyrirtækisins er Elkem AS í Noregi. Fyrirtækið er með þrjú ljósbogaofna sem framleiða kísilafurðir. Hjá Elkem Ísland starfa að jafnaði um 170 manns en þó hafa um 250 lífsviðurværi sitt með beinum hætti af starfsemi verksmiðjunnar. Elkem Ísland er fjölbreyttur og lífandi vinnustaður þar sem áhersla er lögð á að skapa sterka líðsheild og vinnuumhverfi sem veitir einstaklingum tækifæri til að vaxa og þróast í starfi.

Umsóknarfrestur er til og með 30. júní nk.  
Umsóknir óskast fylltar út á [hagvangur.is](http://hagvangur.is).

Með umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu rökstudd.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Stefania Hildur Ásmundsdóttir, ráðgjafi, [stefania@hagvangur.is](mailto:stefania@hagvangur.is)



# Framkvæmdastjóri fjármála

Reginn leitar að öflugum leiðtoga í starf framkvæmdastjóra fjármála. Starfið er krefjandi stjórnunarstarf en hlutverk framkvæmdastjóra fjármála er meðal annars að styðja við áframhaldandi mótun og vöxt félagsins þ.m.t. taka þátt í stefnumótun og innleiðingu. Starfið heyrir beint undir forstjóra og er hluti af framkvæmdastjórn Regins.

## Meðal verkefna

- Ábyrgð á daglegri fjármálastjórn samstæðu Regins og dótturfélaga þ.m.t. fjárreiðum félagsins, uppgjörum, greiningum, virðismötum, líkana- og áætlanagerð og sjóðastýringu
- Leiða fjármögnun og endurfjármögnun og annast samskipti við fjármálastofnanir
- Leiða og bera ábyrgð á samskiptum við endurskoðendur félagsins, endurskoðunarnefnd og viðeigandi opinbera aðila
- Stýra og móta vinnslu og framsetningu stjórnendaupplýsinga til framkvæmdastjórnar og stjórnar félagsins
- Leiða og móta fjárfestatengsl félagsins þ.m.t. samtal og samskipti við fjárfesta, fjármálastofnanir og greiningaraðila

## Hæfniskröfur

- Reynsla úr fjármálaumhverfi ásamt framúrskarandi þekkingu á sviði efnahags og fjármála
- Viðtæk þekking á fjármálum, fjárreiðum og uppgjörum fyrirtækja
- Þekking af umhverfi skráðra félaga er kostur
- Háskólamenntun á sviði viðskipta- og hagfræði eða sambærileg menntun, framhaldsmenntun æskileg
- Góð þekking á fjármálahugbúnaði og framúrskarandi tölvukunnátta
- Almenn reynsla af stjórnun og stjórnunarstörfum
- Framúrskarandi samskiptafærni og þjónustulund ásamt góðu valdi á íslensku og ensku í ræðu og riti



Reginn hf. er íslenskt fasteignafélag sem fjárfestir í, leigir út og annast rekstur á atvinnuhúsnæði. Fasteignasafn Regins telur 116 fasteignir og er heildarstærð safnsins um 385 þúsund fermetrar. Félagið er hlutafélag í dreifðu eignarhaldi og skráð í Kauphöll Íslands.

Reginn hefur í gildi jafnlauna- og jafnréttisstefnur ásamt jafnlaunakerfi sem fyrirbyggir beina og óbeina mismunun vegna kyns. Við ráðningar er leitast við að jafna hlutföll kynjanna að uppfylltum hæfniskröfum.

**Umsóknarfrestur er til og með 7. júlí nk.**

Nánari upplýsingar veitir Sverrir Briem,  
**sverrir@hagvangur.is**  
Sótt er um starfið á **hagvangur.is**.

## Rafmagns verk- eða tæknifræðingur

Mannverk óskar eftir að ráða öflugan starfsmann í verkefna- og framkvæmdastjórnun sem tilbúinn er að takast á við krefjandi verkefni á raforkusviði og skemmtilegar áskoranir með góðri líðsheid.

### Helstu verkefni

- Verkefna- og framkvæmdastjórnun á sviði há- og lágspennu
- Samræming hönnunar og á tæknilegum útfærslum
- Undirbúningur verkefna
- Innkaup, áætlanagerð og eftirfylgni
- Kostnaðar-, gæða- og framvindu eftirlit

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði rafmagnstækni eða -verkfræði
- Farsæl starfsreynsla
- Menntun í rafiðn er kostur
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Metnað til að ná árangri í starfi
- Góð kunnátta í ensku

### Umsóknarfrestur er til og með 29. júní 2021.

Umsókn óskast send á [jmg@mannverk.is](mailto:jmg@mannverk.is). Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf.



Mannverk ehf. var stofnað á vordögum 2012. Fyrirtækið sérhæfir sig í þróunarverkefnum, stýriverktöku, verkefna-, hönnunar- og byggingarstjórnun ásamt almennri framkvæmdaráðgjöf. Mannverk er ábyrgt og framsækið fyrirtæki og leggur áherslu á öfluga líðsheid. Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess [www.mannverk.is](http://www.mannverk.is)



## Akademísk staða við lagadeild

Lagadeild Háskólans í Reykjavík leitar að öflugum starfsmanni til að sinna kennslu og rannsóknum. Ráðið verður í stöðu lektors, dósentis eða prófessors út frá hæfismati.

### STARFSSVIÐ

- Kennsla við lagadeild
- Rannsóknir
- Leiðbeina nemendum í rannsóknarverkefnum
- Tilfallandi verkefni innan deildarinnar
- Starfið veitir tækifæri til þess að hafa áhrif á þróun rannsókna og kennslu í lögfræði við háskóla sem hefur nýsköpun og frumkvöðlastarf að leiðarljósi

### HÆFNISKRÖFUR

- Doktors- eða fullnaðarpróf í lögfræði
- Reynsla af fræðiskrifum í lögfræði
- Reynsla af kennslu á háskólastigi
- Áhugi á miðlun þekkingar til nemenda, fræðasamfélags og almennings
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi

Umsóknnum skal skilað á vef Háskólans í Reykjavík eigi síðar en **31. júlí 2021** ásamt ferilsskrá, lista yfir birtar fræðigreinar, lýsingu á rannsóknarsviði og upplýsingum um kennsluferil.

Tilgreina þarf tvo meðmælendur. Eintak af allt að þremur mikilvægustu ritrýndum birtingum umsækjanda má gjarnan fylgja með.

Nánari upplýsingar veita Eiríkur Elís Þorláksson, deildarforseti lagadeildar ([eirikureth@ru.is](mailto:eirikureth@ru.is)) eða Ester Gústavsdóttir, mannauðsstjóri HR ([esterg@ru.is](mailto:esterg@ru.is)). Fyrirspurnir og umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.



## Staða leikskólaskólans í Undralandi á Flúðum

Í Hrunamannahreppi er laus staða leikskólaskólans Undralands.

Leikskólinn er staðsettur í þéttbýliskjarnanum á Flúðum.

Óskað er eftir metnaðarfullum og áhugasömum leiðtoga.

### Starfssvið

- Stjórn og ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri leikskólans.
- Fagleg forysta og forysta í samstarfi við foreldra og grenndarsamfélag.
- Stjórnun og ráðning starfsfólks.
- Vinna að framvindu og þróun í starfi leikskólans.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Leikskólakennaramenntun.
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar æskileg.
- Reynsla af stjórnun leikskóla mjög æskileg.
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í starfi ásamt skipulagshæfni.
- Hæfni og lipurð í mannlegum samskiptum.

Í leikskólanum Undralandi eru að jafnaði við nám 40-47 nemendur í þremur deildum.

Sjá nánar á <http://www.undraland.is>.

Í Hrunamannahreppi búa um 800 íbúar og þar af býr um helmingur í þéttbýlinu á Flúðum. Öflug atvinnustarfssemi er í sveitarfélaginu og blómlegt mannlíf. Grunnskóli, sundlaug, bókasafn og önnur stöðþjónusta er til staðar í þéttbýlinu á Flúðum. Stutt er í helstu ferðamannastaði og náttúruperlur á Suðurlandi.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ fyrir hönd Félags stjórnenda leikskóla. Möguleiki er á að útvega leiguíbúð fyrir leikskólaskólans.

Umsóknarfrestur er til 23. júní n.k. en æskilegt er að starfsmaðurinn geti hafið störf eigi síðar en 1. ágúst nk. eða eftir samkomulagi. Með umsókn skal fylgja starfsferilsskrá ásamt kynningarbréfi þar sem tilgreindar eru ástæður umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsóknnum og fylgigögnum skal skilað á skrifstofu Hrunamannahrepps, Akurgerði 6, 845 Flúðir eða á netfangið [hruni@fludir.is](mailto:hruni@fludir.is)

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri í síma 480-6600 eða á netfangið [jon@fludir.is](mailto:jon@fludir.is).



Erum við að leita að þér?

# Fyrirtæki ársins 2021

hagvangur.is



## Starfsmaður í viðhaldsdeild

Sky Lagoon óskar eftir ábyrgðafullum einstaklingi til að sinna viðhaldi á fasteign, útisvæði og kerfum. Um er að ræða mjög fjölbreytt starf og er æskilegt að viðkomandi hafi áhuga og getu til að ganga í öll tilfallandi verkefni ásamt því að vera sveigjanlegur varðandi vinnutíma í þeim tilfellum sem viðhaldsverkefni falla utan hefðbundins opnunartíma.

### Starfssvið nær meðal annars yfir:

- Daglegan rekstur á kerfum svo sem lóns- og dælukerfi, aðgang- og skápakerfi, eftirlits- og hússtjórnarkerfi
- Tilfallandi viðhaldsverkefni
- Umhirðu og viðhald á útisvæðum

Mikill metnaður hefur verið lagður í að skapa einstakt upplifunarsvæði fyrir gesti og spilar viðkomandi því lykilhlutverk í að sjá til þess að upplifun gesta verði með allra besta móti.

### Hæfniskröfur eru eftirfarandi:

- Vélstjóramenntun eða sambærileg iðnmenntun
- Góð enskukunnátta
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og ábyrgð
- Þjónustulund og snyrtimennska
- Ástríða fyrir störfum sínum
- Hafi næmt auga fyrir útlitslegum smáatriðum

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Vinsamlegast látið ferilskrá og kynningarbréf fylgja umsókninni.

Umsóknir skulu berast eigi síðar en **24. júní** á netfangið [enar@skylagoon.is](mailto:enar@skylagoon.is)



SKY LAGOON

STARF

## Ertu rétti rafvirkinn í stuðið í Soginu?

Við óskum eftir að ráða rafvirkja í öflugt teymi starfsfólks á Sogssvæði við Írafoss, Ljósafoos og Steingrímsstöð. Í starfinu felst viðhald, eftirlit og rekstur aflstöðva og veitumannvirkja. Fjölbreytt og krefjandi starf við ástandsmælingar og greiningar á rafbúnaði.


### Hæfniskröfur

- Sveinspróf í rafvirkjun
- Þekking á viðhaldi búnaðar; loft-, kæli-, vökva- og rafkerfa
- Þekking á teiknforritum, iðntölvum og stjórnkerfum er kostur
- Reynsla af störfum tengdum raforkuvirkjum eða iðnaði er æskileg
- Lipurð í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna með öðrum
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfni til að tileinka sér nýjungar
- Geta til að kynna starf sitt og starfsvettvang fyrir hópum og einstaklingum

### Umsóknarfrestur er til og með 29. júní

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar  
[Landsvirkjun.is](http://Landsvirkjun.is)

Fyrirspurnir má senda á  
[starf@landsvirkjun.is](mailto:starf@landsvirkjun.is)





# Staða umsjónarkennara við Húnavallaskóla

**Laus eru til umsóknar staða umsjónarkennara við 1.- 5. bekk Húnavallaskóla frá 1. ágúst 2021 til 31. júlí 2022.**

Um er að ræða. 100% stöðu til eins árs vegna leyfis. Meðal kennslugreina er almenn kennsla í 1. – 5. bekk sem og dönskukennsla í 7. – 10. bekk. Í Húnavallaskóla grunnskóladeild er samkennsla árganga og teymiskennsla. u.þ.b. 33 nemendur sækja skólann. Í skólanum er góður skólabragur þar sem áhersla er lögð á samstöðu, vináttu og virðingu.

## Hæfniskröfur:

- Leyfisbréf til kennslu á grunnskólastigi, starfsreynsla er æskileg.
- Jákvæðni og sveigjanleiki í samskiptum.
- Góðir skipulagshæfileikar og góð tölvukunnátta.
- Ábyrgð og stundvísi.
- Faglegur metnaður og sjálfstæð vinnubrögði.
- Áhugi á að vinna með börnum og unglíngum.
- Góð íslenskukunnátta æskileg.
- Hreint sakavottorð.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.



## Umsóknarfrestur er til 6. júlí nk.

Umsókninni skal fylgja ferilskrá og staðfesting á kennsluréttindum.

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:  
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is  
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

**GEFÐU  
VATN**

gjofsemgefur.is  
907 2003



**TRAUSTI**  
fasteignasala

Vegmúla 4  
108 Reykjavík  
s. 546-5050  
trausti@trausti.is  
trausti.is

**VIÐ ERUM  
TRAUSTI**



**OPIÐ HÚS**

**HRAFNHÓLAR 6-8  
111 REYKJAVÍK**



Hallgrímur  
s: 896-6020



Kristján  
S: 867-3040

**OPIÐ HÚS MÁNUDAGINN 21. JÚNÍ KL. 17:00-17:30**

Gullfalleg og mikið endurnýjuð 2ja herbergja 81,9 fm. íbúð á 8. hæð með útsýni til suðvesturs og norðurs. Hentar mjög vel til fyrstu íbúðakaupa.

**Nánari uppl. veita Hallgrímur s. 896-6020 og Kristján lgf. s. 867-3040**

Verð: 42,9 millj.



**OPIÐ HÚS**

**LAUFRIMI 28  
112 REYKJAVÍK**



Sólveig  
S: 869-4879



Garðar B.  
S: 898-0255

**OPIÐ HÚS MÁNUDAGINN 21. JÚNÍ KL. 17:30-18:00**

Björt og falleg 3ja herbergja 98,5 fm. íbúð með sérinnangi. Suðursvalir með góðu útsýni. Tilvalin eign fyrir fyrstu kaup.

**Nánari uppl. veita Sólveig lgf. s. 869-4879 og Garðar B. lgf. s. 898-0255**


Verð: 47,5 millj.



**EIGNAMIDLUN**

Grensásvegi 11 108 Reykjavík | Sími 588-9090 | eignamidlun.is

**OPIÐ HÚS**  
20. júní 13:00-14:00



**Furugrund 3** 200 Kópavogur

Glæsilegar vandaðar fullbúnar nýjar íbúðir við Furugrund 3 sem liggur að Fossvogsdalnum. Íbúðirnar eru 2ja og 3ja herbergja og allar með sérinnangi. Einstök staðsetning og mikil veðursæld í grónu hverfi. Stutt ganga er í grunnskóla, leikskóla, íþróttarmiðstöð HK og stutt er í útivistaparadís í Nauthólsvík.

Íbúðirnar afhendast fullbúnar með gólfefnum og vönduðum heimilistækum, ásamt innbyggðum ísskáp og uppvottavél. Aukin lofthæð og lýsingahönnun frá Lumex. Íbúðirnar eru tilbúnar til afhendingar.

Verð frá 55,4 mkr.



Daði Hafþórsson  
Löggiltur fasteignasali  
8249096  
dadi@eignamidlun.is

Hilmar Þór Hafsteinsson  
Löggiltur leigumíðlari og löggiltur fasteignasali  
8249098  
hilmar@eignamidlun.is



SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957

# EIGNAMIÐLUN

Grensásvegí 11 108 Reykjavík | Sími 588-9090 | eignamidlun.is



## Ljósaland 23

108 Reykjavík

🏠 Raðhús ↔ 227,9 fm 🛏️ 7 herbergi

### 138.000.000



**Kjartan Hallgeirsson**  
Löggiltur fasteignasali  
kjartan@eignamidlun.is  
824 9093

### BÓKA SKOÐUN

**OPIÐ HÚS**

22. júní. kl. 17:15-17:45



## Hamraberg 22

111 Reykjavík

🏠 Raðhús ↔ 130,4 fm 🛏️ 5 herb.

### 65.500.000



**Unnar Kjartansson**  
Löggiltur fasteignasali  
unnar@eignamidlun.is  
867 0968

**OPIÐ HÚS**

21. júní kl. 17:00-18:00



## Langagerði 114

108 Reykjavík

🏠 Einbýli ↔ 288,4 fm 🛏️ 9-10 herb.

### 92.900.000



**Þórarinn M. Fríðgeirsson**  
Löggiltur fasteignasali og sölustjóri  
thorarinn@eignamidlun.is  
899 1882

**OPIÐ HÚS**

23. júní kl. 17:00-17:45



## Melabraut 28

170 Seltjarnanes

🏠 Efri sérhæð ásamt bílskúr ↔ 164 fm 🛏️ 5 herb.

### 79.900.000



**Kjartan Hallgeirsson**  
Löggiltur fasteignasali og framkvæmdastjóri  
kjartan@eignamidlun.is  
824 9093

**OPIÐ HÚS**

22. júní kl. 17:00-17:30



## Fífulind 13

201 Kópavogur

🏠 Fjölbýli ↔ 92 fm 🛏️ 3 herb.

### 48.500.000



**Þóra Birgisdóttir**  
Löggiltur fasteignasali  
thora@eignamidlun.is  
777 2882

**OPIÐ HÚS**

22. júní kl. 18:00-18:30



## Lautasmári 8

201 Kópavogur


🏠 Fjölbýli m/bílageymslu ↔ 161 fm 🛏️ 5 herb.

### 74.900.000



**Þóra Birgisdóttir**  
Löggiltur fasteignasali  
thora@eignamidlun.is  
777 2882

**OPIÐ HÚS**  
21. júní kl. 17:00-17:30



## Geirsgata 4

101 Reykjavík

Fjölbýli ↔ 111,8 fm 🏠 2-3 herb.

**99.990.000**



**Unnar Kjartansson**  
Löggiltur fasteignasali  
unnar@eignamidlun.is  
867 0968

**OPIÐ HÚS**  
22. júní kl. 17:00-18:00



## Urðarstígur 15

101 Reykjavík

Endaraðhús ↔ 118,4 fm 🏠 4-5 herb.

**79.900.000**



**Ólafur H. Guðgeirsson**  
MBA Rekstrarhagfræðingur og löggiltur fasteignasali  
olafur@eignamidlun.is  
663 2508

**OPIÐ HÚS**  
22. júní kl. 17:00-17:30



## Hjarðarhagi 36

107 Reykjavík

Með bílskúr ↔ 125,2 fm 🏠 3-4 herb.

**64.900.000**



**Sverrir Kristinsson**  
Löggiltur fasteignasali  
sverrir@eignamidlun.is  
588 9090

**OPIÐ HÚS**  
22. júní kl. 17:30-18:00



## Safamýri 45

108 Reykjavík


Fjölbýli ↔ 82,4 fm 🏠 3 herb.

**45.000.000**



**Bjarni T. Jónsson**  
Viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali  
bjarni@eignamidlun.is  
895 9120

**OPIÐ HÚS**  
23. júní kl. 17:00-18:00



## Rauðagerði 62

108 Reykjavík

Einbýli - Stór pallur ↔ 291,6 fm 🏠 6 herb.

**148.900.000**



**Hreiðar Levy Guðmundsson**  
Löggiltur fasteignasali  
hreidar@eignamidlun.is  
661 6021

**OPIÐ HÚS**  
23. júní kl. 17:00-17:30



## Álfheimar 33

104 Reykjavík

Hæð m/bílskúr ↔ 191,9 fm 🏠 6 herb.

**79.900.000**



**Brynjar Þór Sumarliðason**  
Viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali  
brynjar@eignamidlun.is  
896 1168

**OPIÐ HÚS**  
22. júní kl. 17:00-18:00



## Njarðargata 25

101 Reykjavík

Tvær íbúðir ↔ 126,9 fm 🏠 2 herb.

**76.900.000**



**Ólafur H. Guðgeirsson**  
MBA Rekstrarhagfræðingur og löggiltur fasteignasali  
olafur@eignamidlun.is  
663 2508

**OPIÐ HÚS**  
21. júní kl. 17:30-18:00



## Tryggvagata 23

101 Reykjavík

Fjölbýli ↔ 77,5 fm 🏠 2 herb.

**69.990.000**



**Unnar Kjartansson**  
Löggiltur fasteignasali  
unnar@eignamidlun.is  
867 0968

**OPIÐ HÚS**  
22. júní kl. 17:00-17:30



## Elliðabraut 14

110 Reykjavík

Fjölbýli ↔ 79,2 fm 🏠 2 herb.

**51.900.000**



**Þóra Birgisdóttir**  
Löggiltur fasteignasali  
thora@eignamidlun.is  
777 2882



**Kjartan Hallgeirsson**  
Löggiltur fasteignasali og framkvæmdastjóri  
824 9093



**Guðlaugur I. Guðlaugsson**  
Löggiltur fasteignasali  
864 5464



**Sverrir Kristinsson**  
Löggiltur fasteignasali  
588 9090



**Guðmundur Sigurjónsson**  
Lögfræðingur og löggiltur fasteignasali  
588 9090



**Þórarinn M. Friðgeirsson**  
Löggiltur fasteignasali og sölustjóri  
899 1882



**Þóra Birgisdóttir**  
Löggiltur fasteignasali  
777 2882



**Hilmar Þór Hafsteinsson**  
Löggiltur leigumíslari og löggiltur fasteignasali  
824 9098



**Brynjar Þór Sumarliðason**  
Viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali  
896 1168



**Daði Hafþórsson**  
Löggiltur fasteignasali  
824 9096



**Magnea Sverrisdóttir**  
MBA og löggiltur fasteignasali  
861 8511



**Hreiðar Levy Guðmundsson**  
Löggiltur fasteignasali  
661 6021



**Herdis Valb. Hölludóttir**  
Lögfræðingur og löggiltur fasteignasali  
694 6166



**Bjarni T. Jónsson**  
Viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali  
895 9120



**Ólafur H. Guðgeirsson**  
MBA rekstrarhagfræðingur og löggiltur fasteignasali  
663 2508



**Gunnar Helgi Einarsson**  
Löggiltur fasteignasali  
615 6181



**Kári Sighvatsson**  
Lögfræðingur og löggiltur fasteignasali  
899 8815



**Unnar Kjartansson**  
Löggiltur fasteignasali  
867 0968



**Lára Ómarsson**  
Löggiltur fasteignasali  
824 3934



**Elvar Árni Lund**  
Löggiltur fasteignasali  
693 3518



**Jenny Sandra Gunnarsdóttir**  
Skrifstofustjóri  
588 9090



**María Guðrún Waltersdóttir**  
Ritari  
588 9090



**Ásdís Hrönn Júlíusdóttir**  
Ritari  
588 9090

# Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16  
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

### KRÓKUR

PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bílauppbod.is er uppbodsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppbod - Krókur  
Sími: 522 4610  
www.bilauppbod.is



Nýr 2021 Mitsubishi Outlander Hybrid Spirit+ Tíglamynstruð leður á sætum. 18" álfelgur. 5 ára evrópsk verksmiðjuábyrgð. Verð 5.990.000,-

Sparibill ehf  
Hátún 6A, 105 Reykjavík  
Sími: 577 3344  
www.sparibill.is

## Bílar óskast

### VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?

Kaupi bíla 25-250þús  
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Óska eftir að kaupa Toyota fyrir 150 þús. Helst Toyota Corolla. Þarf að vera í góðu lagi. Toyota Corolla má vera í vetrardekkjum. Uppl. í s: 483 3568

## Bátar

### VEIDIPORTID

Grandagarður 3 • S: 882-9940

6hp 199.000.kr



Gerid verðsamanburð!  
www.veidiportid.is

## Þjónusta

### Bókhald

### \*Accountant

Accountant ehf.  
Laugavegi 178,  
105 Reykjavík  
S. 490-0095  
info@accountant.is  
www.accountant.is

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikæls. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Gef tilboð í búslóðaflutninga í öllum stærðum. Áratuga-reynsla. Guðmundur. 864-7896

### Húsviðhald

### FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Timavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu frjá ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Öll almenn smíði. Innrettingasmíði, húsviðhald, steypusögum, hitalagnir í gólf o.fl. Uppl. í s. 777 8371

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

### RUNARMURARI.IS

Tröppuviðgerðir, Húsviðgerðir, Þakmálning, Málning o.m.fl. runarmur@gmail.com S. 7743800

### Nudd

### NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

### Rafvirkjun

### RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskípti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverttaki. straumblik@gmail.com



Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Smíðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

# Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is  
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

# VINNUPALLAR EHF

- ÖRUGGAR LAUSNIR -



Vinnupallar minna viðhaldsunnendur á að öryggi er margfalt meira virði en slys og tjón. Verum vel búin í krefjandi aðstæðum og komum heil heim.

Jafnrétti er ákvörðun EN ákvörðun er aðeins skoðun ef framkvæmdin fylgir ekki með.

Vinnupallar • Smiðsbúð 10, 210 Garðabæ • vpallar@vpallar.is • www.vpallar.is



# Mikilvægt að geta samræmt vinnu og fjölskyldulíf

Erna Guðmundsdóttir var ráðin framkvæmdastjóri Bandalags háskólamanna – BHM, árið 2017. Hún segir að sitt helsta markmið sem stjórnanda sé að stuðla að því að starfsmenn geti samræmt vinnu og fjölskyldulíf.

Segja má að áhugi Ernu á því sem kallað er „fjölskylduvænn vinnu- markaður“ hafi vaknað þegar hún hóf störf sem lögfræðingur BSRB strax að loknu laganámi. „Á þessum tíma var fjórði sonur okkar hjóna nýfæddur. Það var töluverð áskorun fyrir mig að taka að mér krefjandi starf, samhliða því að reka stórt heimili með mannum mínum. Þáverandi skrifstofustjóri BSRB, Svanhildur Halldórsdóttir, sýndi mér mikinn skilning. Að vissu leyti má segja að sem stjórnandi sé ég alin upp hjá henni. Hún er mikil kvenréttindakona og var meðal annars kosningastjóri Vigdísar Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta. Svanhildur studdi vel við okkur starfsfólkið og gerði ýmislegt til að auðvelda okkur að samræma vinnu og einkalíf. Hún gerði mér það kleift að vinna að heiman að loknu fæðingarorlofi. Hennar vegna fékk ég áhuga á vinnurétti og alla tíð síðan hef ég reynt að feta í hennar fótspor,“ segir Erna.

## Stytting vinnuvikunnar mikið framfaramál

„Í stefnu BHM segir að bandalagið leggi áherslu á að íslenskur vinnu- markaður sé fjölskylduvænn og stuðli að jafnvægi á milli atvinnu og einkalífs, óháð fjölskyldu- aðstæðum. Í þessu sambandi skipta nokkur atriði lykilmáli. Fyrir það fyrsta er mikilvægt að starfsmenn njóti sveigjanleika í starfi, að því marki sem það er hægt. Hóflægur vinnutími er sömuleiðis lykilaatriði í heilbrigðu samspili fjölskyldulífs og vinnumarkaðar. Þess vegna



Erna Guðmundsdóttir segir að við eigum enn langt í land þegar kemur að raunverulegu jafnrétti á milli kynjanna á vinnumarkaðnum.

FRÉTTABLAÐIÐ  
VALLI

er stytting vinnuvikunnar, sem samið var um í síðustu kjarasamningum, mikið framfaramál. Jafnframt er mikilvægt að rýmka rétt til launa í veikindum með tilliti til fjölskylduábyrgðar. Svo má ekki gleyma því að þróun samskiptatækninnar á undanförunum árum hefur haft mikil áhrif á samspil vinnu og einkalífs starfsfólks. Sítinging fólks við vinnustaðinn veldur auknu álagi og getur valdið streitu. Mjög mikilvægt er að tryggja rétt starfsfólks til að aftengja sig vinnunni,“ segir Erna.

Innan BHM eru samtals 28 fag- og stéttarfélag háskólamenntaðs fólks sem starfar á ýmsum sviðum, bæði á opinberum og almennum vinnumarkaði. „Þetta er afar fjölbreytt flóra og starfsaðstæður félagsmanna geta verið mjög ólíkar. Kórónuveirufaraldurinn hefur haft í för með sér að fjarvinna hefur færst mjög í vöxt meðal þeirra félagsmanna sem á annað borð geta unnið að heiman. Fjarvinna getur falið í sér ýmis

tækifæri, bæði fyrir starfsmenn og atvinnurekendur. Þetta kom meðal annars fram í könnun sem við gerðum í vetur meðal félagsmanna aðildarfélaga. Hér hjá BHM höfum við lagt áherslu á að starfsfólkið hafi tækifæri til að vinna að heiman. Þetta kemur sér til dæmis vel fyrir fólk með ung börn sem ekki eru komin með dagfólda eða búin að fá leikskólapláss. Okkar reynsla er sú að starfsfólk leggur sig fram til þess að sýna að það sé traustsins vert hvað þetta varðar. Hvað varðar vinnumarkaðinn í heild þarf hins vegar að móta skýran ramma utan um fjarvinnu og það verkefni biður okkar.“

## Það hallar enn á konur

„Ég hef alltaf lítið svo á að menntun geri konum kleift að standa á eigin fótum. Það er ekki langt síðan konur voru almennt fjárhagslega háðar eiginmönnum sínum. Það hefði verið erfitt fyrir mig að ljúka námi í stjórnfræðingunni og lögfræðingunni með mitt stóra heimili nema af því

ad ég á frábæran eiginmann sem hefur ætíð stutt mig í mínu námi og starfi. Strákarnir mínir hafa því alist upp við að pabbi þeirra taki ekki síður að sér heimilisverkin, sem á að vera sjálfsgætt hjá öllum fjölskyldum.“

Samkvæmt nýlegri skýrslu World Economic Forum er jafnrétti milli kynja óvída meira en á Íslandi. Erna bendir á að þrátt fyrir þetta séu enn of fáar konur í stjórnunar- og áhrifastöðum hér á landi. „Samkvæmt gögnum Hagstofunnar voru konur einungis fjórðungur stjórnarmanna fyrirtækja árið 2017 og rúmlega fimmtungur framkvæmdastjóra fyrirtækja. Þetta skýtur skökku við þegar haft er í huga að 53% kvenna á aldrinum 25–64 ára eru með háskólamenntun en aðeins um 40% karla. Enn þá er meirihluti kvenna á Íslandi í neðri helmingi tekjustigans. Kynbundinn launamunur í tímakaupi háskólamenntaðra sérfræðinga á Íslandi er enn þá 19%. Það er því langt í land

og mér þykir sorglegt að við séum ekki komin lengra.“

## Atvinnuleysi háskólamenntaðra kvenna

„Það hallar líka víða á konur á vinnumarkaðnum, fyrst á barn- eignaraldri og svo þegar þær eru komnar yfir ákveðinn aldur. Enn er það svo að sumir vinnuveitendur veigra sér við að ráða konur á barn- eignaraldri. Til þess að sporna við þessu er mikilvægt að stuðla að því að karlar taki fæðingarorlof til jafns við konur. Okkar reynsla hér hjá BHM er sú að karlkyns starfsmenn fara ekki síður í fæðingarorlof en kvenkyns starfsmenn og nýta sér ekkert síður þann möguleika að vinna að heiman þegar fæðingarorlofi lýkur.“

Á undanförunum árum hefur háskólamenntuðu fólk sem er án atvinnu fjölgað verulega. „Þegar ég var yngri lærði ég að öll menntun væri eins og að leggja inn á banka- bók. Menntun tryggði fólk atvinnu yfir ævina. Atvinnuleysi háskólamenntaðra veldur okkur hjá BHM miklum áhyggjum og við höfum itrekað farið fram á að stjórnvöld bregðist við því með öllum til- tækum ráðum. Í þessu samhengi er það sérstakt áhyggjuefni að atvinnuleysi hefur vaxið mikið meðal háskólamenntaðra kvenna á aldrinum 50–70 ára. Ef konur á þessum aldri lenda á atvinnuleysis- skrá eru þær þar að meðaltali í átta mánuði, tvisvar sinnum lengur að meðaltali en konur á aldrinum 20–30 ára. Við þurfum að skoða þetta nánar í samvinnu við Vinnu- málastofnun því þetta eru konur á besta aldri sem búa að mikilli þekkingu og reynslu.“

„Þó að Ísland skori hæst á alþjóð- legum listum yfir stöðu jafnréttis- mála og margt jákvætt sé að gerast þá eru margar áskoranir sem við þurfum að takast á við sameigin- lega,“ segir Erna. ■

# Baráttunni er ekki lokið

Karen Ósk Pétursdóttir er sérfræðingur í kjara- og réttindamálum hjá BHM. Hún segir að þótt margt hafi áunnist í jafnréttisbaráttunni megi ekki sofna á verðinum.

„Ég kom til starfa hjá BHM í apríl 2019 en hafði áður unnið hjá einu aðildarfélaga bandalagsins frá 2014. Ég ætlaði mér alltaf að vinna hjá Skattinum eða lögreglu, en eftir að ég kynntist því mikilvæga starfi sem unnið er á vettvangi stéttar- félaga varð ekki aftur snúið. Það má segja að ég hafi fundið fjölskyldu mína. Verkefni mín hjá BHM eru fjölbreytt en í grunninn snúast þau um kjara- og réttindatengd málefni sem til umfjöllunar eru á vettvangi bandalagsins eða aðildarfélaga. Verkefni geta verið krefjandi en á sama tíma eru þau skemmtileg og nýt ég þeirra forréttinda að fá að vinna með góðu fólki sem hér starfar. Þessi fjölbreytileiki gerir vinnuna mjög skemmtilega og ég er virkilega stolt af mínum vinnu- stað,“ segir Karen, sem er með BSc-gráðu í viðskiptafræði og tvær meistaraþráður frá Háskóla Íslands, aðra í skattarétti og reikningsskil- um og hina í mannaútsjórnun. „Meðfram vinnu hef ég verið í MSc-námi í mannaútsjórnun og svo skemmtilega vill til að ég útskrifast í dag,“ segir Karen með bros á vör.

## Mjakast áfram í rétta átt

Innan BHM og aðildarfélaganna er mikil áhersla lögð á jafn-



Karen Ósk er þeirrar skoðunar að jafnréttisbaráttan mjakast áfram í rétta átt en samt séu mörg mál sem eiga töluvert langt í land.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
VALLI

réttismál og ein af fastanefndum bandalagsins er helguð þessum málaflokki, jafnréttisnefnd BHM. Karen er verkefnastjóri nefndarinnar. „Hlutverk jafnréttisnefndar er í stórum dráttum að fjalla um jafnréttismál á breiðum grunni og stuðla almennt að virkri umræðu um jafnrétti innan BHM. Nefndin er skipuð fulltrúum frá aðildar- félögum BHM, sem búa yfir við- tækri reynslu og góðri þekkingu á málaflokknum. Á meðal þess sem starf nefndarinnar snýst um er baráttan fyrir því að leiðrétta launamun kynjanna. Meðal annars hefur nefndin fjallað ítarlega

um jafnlaunavottun og jafnlauna- staðalinn, svo dæmi séu nefnd,“ segir Karen.

Karen bendir á að BHM hafi á undanförunum misserum tekið þátt í endurskoðun löggjafar á sviði jafnréttismála. Meðal annars hafi bandalagið átt fulltrúa í nefndum sem komu að heildar- endurskoðun jafnréttis- laga og fæðingar- og foreldraorlofslaga. „BHM tekur virkan þátt í umræðu um jafnrétti á vinnumarkaði og kynbundinn launamun, ekki bara á vettvangi jafnréttisnefndar. Ég er þeirrar skoðunar að jafnréttisbaráttan mjakast áfram í rétta átt en

samt eru mörg mál sem eiga töluvert langt í land. Miklu varðar að halda stöðugt áfram þeirri vinnu sem er komin af stað og sofna ekki á verðinum. Sem dæmi má nefna að margt hefur áunnist við að útrýma kynbundnum launamun en þeirri baráttu er þó langt í frá lokið. Jafnrétti er sameiginlegur hagur okkar allra og það má alltaf gera betur,“ segir Karen.

## Samræming vinnu og einkalífs mikilvæg

Eitt af því sem Karen telur skipta vinnandi fólk miklu máli er möguleikinn á að samræma vinnu og

” Jafnrétti er sameiginlegur hagur okkar allra og það má alltaf gera betur.

Karen Ósk.

einkalíf. „Íslenskur vinnumarkaður þarf að vera fjölskylduvænn og stuðla að jafnvægi milli atvinnu og einkalífs. Fyrir mig persónulega er til dæmis mjög mikilvægt að hafa ákveðinn sveigjanleika því ég er gift og á tvö börn. Svo á ég líka mörg áhugamál, svo það er nóg að gera. Ég vil geta lifað mínu lífi og um leið staðið mig vel í vinnunni. Mér finnst ég vera lánsöm að starfa á vinnustað sem gerir fólk kleift að samræma þetta tvennt.“

Karen bendir á að ýmsar breytingar séu að verða á vinnumarkaði sem séu til þess fallnar að auðvelda fólk að samræma vinnu og einkalíf. „Stytting vinnuvikunnar og auknir möguleikar á fjarvinnu eru dæmi um þessar breytingar. Þær miða að því að fólk geti verið virkir þátttakendur á vinnumarkaði en um leið sinnt fjölskyldu og áhugamálum. Að mínu mati er þetta frábær þróun sem mun skila samfélaginu miklum ávinningi til framtíðar,“ segir Karen. ■

# Höfum sterka rödd

Helga Dögg Björgvinsdóttir er varaformaður Kvenréttindafélags Íslands. Hún segir að áhuginn á jafnréttismálum hafi komið með móðurmjólkinni en móðir hennar, Esther Ragnheiður Guðmundsdóttir, var um tíma formaður þessa sama félags.

sigriddinga@frettabladid.is

„Kvenréttindabaráttan var allt um lykandi þegar ég var að alast upp og ég varð mikill feministi strax sem krakki. Ég var oft með mömmu niðri á Hallveigarstöðum og fékk að leika mér þar. Eftir tvítugsaldurinn fór ég að láta meira til mín taka í jafnréttismálum en líkt og margar ungar konur fór ég að rekja mig á ýmsa vegg, bæði innan háskólans og á atvinnumarkaðnum,“ segir Helga Dögg, sem vinnur hjá upplýsingatæknifyrirtækinu Crayon.

Hún gekk til liðs við Sjálfstæðisflokkinn og var um tíma formaður Landssambands sjálfstæðiskvenna en sagði sig svo síðar úr flokknum. „Mér finnst ég hafa miklu meiri áhrif á samfélagið með því að starfa innan Kvenréttindafélagsins en innan stjórnmálaflokks. Þar gat oft verið strembið að láta sína rödd heyrast. Við konurnar sem vorum í Sjálfstæðisflokknum náðum þó nokkrum málum í gegn og mér fannst til dæmis stórsigur að á landsfundi var sett inn í stefnuskrá Sjálfstæðisflokksins að jafnréttismál yrðu eitt af grunnildum flokksins. Hins vegar upplifði ég að konum gekk illa í prófkjörum og

það var tregða til að hleypa fleiri en einni til tveimur konum ofarlega á lista. Vonandi er það að breytast, en það var mikil ihaldssemi á sumum sviðum innan flokksins þegar ég var þar innanbúðar,“ segir Helga Dögg.

## Góð samstaða í hópnum

Tilurð þess að hún gekk til liðs við Kvenréttindafélagið má rekja til þess að Helga Dögg var fengin til að tala á fundi félagsins um hvernig Sjálfstæðiskonur upplifðu jafnréttismál innan flokksins og hvernig konum farnaðist almennt í stjórnmálum. „Þar hitti ég þáverandi formann og framkvæmdastjóra KRFÍ, sem spurðu hvort ég hefði áhuga á að koma í stjórn en þá var stutt í næsta aðalfund. Ég sló til og bauð mig fram og síðan eru liðin tæp tíu ár. Um tíma var ég ritari en síðustu tvö árin varaformaður,“ segir Helga Dögg, en starfið er unnið í sjálfboðaliðavinnu.

„Þetta er frábær hópur og góð samstaða í hópnum. Innan félagsins eru ólíkar konur en við náum alltaf að tala okkur saman að sameiginlegri niðurstöðu, sem er alveg magnað. Við erum óhræddar við að láta í okkur heyra úti í samfélaginu og finnum að það er hlustað á okkur. Stjórnvöld kalla okkur til, til að heyra hvað okkur finnst um ýmis mál og við skrifum mikið af umsögnum um frumvörp til laga,“ segir Helga Dögg.

## Vill að konur njóti sannmælis

Innt eftir því hver hafa verið hennar helstu baráttumál segir Helga Dögg að þau séu mörg. „En fyrst og fremst



Helga Dögg segir það hafa verið skrifað í skýin að hún hellti sér út í jafnréttisbaráttu. „Ég brenn fyrir því að stúlkurnar okkar þurfi ekki að alast upp við það misrétti að þær eigi mögulega eftir að hafa lægri laun en strákar fyrir sömu vinnu,“ segir hún.

MYND/EYÞÓR ARNASON

að konur njóti sannmælis. Að þegar konu og karli er stillt upp hlið við hlið, með sömu menntun og starfsreynslu, sé konan ekki endalaust vanmetin og karlinn ofmetinn. Það er stundum ótrúlegt hversu oft hallar á konur í þessum eignum. Ég brenn líka fyrir því að stúlkurnar okkar þurfi ekki að alast upp við

það misrétti að þær eigi mögulega eftir að hafa lægri laun en strákar fyrir sömu vinnu. Mér finnst líka mikilvægt að konur hafi möguleika á sama framgangi í starfi og karlar. Oft gleymist að konur hverfa um tíma frá vinnumarkaði vegna til dæmis barneigna, eða vegna þess að þær eru að sinna veikum

börnum eða öldruðum foreldrum. Það hefur ekki bara áhrif á tekjur þeirra akkúrat á þeim tíma heldur líka þegar kemur að því að þær fara á eftirlaun, því þetta hefur kjarskerðingaráhrif á þeirra lífeyri,“ bendir Helga Dögg á.

Hún segir að vissulega séu Íslendingar framarlega í jafnréttismálum miðað við margar aðrar þjóðir. „Á sumum sviðum erum við hálfgerðar rokkstjörnur í þessum eignum en svo er margt sem enn þarf að laga. Við þurfum til dæmis að laga launamálin en meirihluti þeirra sem eru í láglau nastörfum eru konur, en meirihluti þeirra sem er í hálaunastörfum eru karlar,“ segir Helga Dögg.

Þá nefnir hún að #metoo-bylltingin sé ótrúlega mikilvæg fyrir alla. „Hún hefur opnað augu karlmanna fyrir ýmsu sem hingað til hefur ekki verið vandamál í þeirra augum. Um leið og farið er að tala opin skátt um kynbundið ofbeldi átta þeir sig á að það er eitthvað sem ekki er í lagi og þarf að breyta,“ segir Helga Dögg, sem er líka hugsandi yfir umræðu um Only Fans.

„Við þurfum að skoða hvaðan sú hugsun kemur inn í kollinn á drengjunum okkar að það sé í lagi að borga fyrir aðgang að líkama annarra. Við eigum að ala alla upp í að það sé jafn óeðlilegt og að okkur finnst óeðlilegt að ganga um með skotvopn. Ég held að það sé mikilvægt fyrir framtíðina að koma kynjafræði og meiri kynfræðslu inn í námsskrá bæði grunn- og framhaldsskóla. Það væri skref í rétta átt,“ segir Helga Dögg. ■

# Tæknileg og spennandi verkefni fram undan

Raquelita Aguilar tók við starfi forstöðumanns starfrænnar þróunar hjá Isavia í byrjun maí síðastliðinn. Hún segist vera spennt fyrir komandi tímum enda ætli fyrirtækið sér stóra hluti þegar kemur að tækni í rekstri flugvallarins og farþegaupplifun.

Raquelita byrjaði að vinna sem prófari hjá Stokki Software árið 2015 og þróaðist þar í starfi sem gæða- og verkefnastjóri. „Í byrjun árs 2018 tók ég svo við sem rekstrarstjóri. Í júlí sama ár útskrifaðist ég sem tölvunarfræðingur og mánuði eftir útskrift var mér boðin staða framkvæmdastjóra Stokks sem ég sat í þar til ég kom til Isavia. Hjá Stokki öðlaðist ég dýrmæta reynslu sem hefur og mun nýtast mér mjög í starfi mínu hjá Isavia,“ segir Raquelita.

## Fyrri kynni flugvallarins

Raquelita segist hafa kynnst starfsemi flugvallarins þegar hún starfaði í sumarafleysingum hjá lögreglunni 2012–2015. „Ég var meðal annars í landamæraeftirlitinu uppi á flugvelli. Ég er því kunnug þeim hluta flugvallarins þar sem ég lærði meðal annars hverjir mega koma inn á Schengensvæðið og hverjir ekki, ásamt því að þekkja fölsuð skilríki og skilríki sem verið er að misnota.“

## En hvernig kom til að þú sóttir um starfið hjá Isavia?

„Ég var í raun ekki að leita mér að starfi enda ánægð hjá Stokki. Svo var mér bent á starfsauglýsinguna frá Isavia og fannst hún hljóma spennandi. Ég ákvað því að senda inn umsókn. Mig langaði líka til að sjá hvar ég stæði þegar kæmi að því að sækja um svipaða stöðu hjá fyrirtæki eins og Isavia.



Raquelita Aguilar er forstöðumaður nýstofnaðrar deildar Isavia sem snýr að stafrænni þróun fyrirtækisins.

MYND/AÐSEND

Eftir að hafa komist í fyrsta starfsviðtalið opnaðist nýr tækniheimur fyrir mér sem mig langaði að fá að kynna betur,“ segir Raquelita.

## Stafrænar lausnir

Hlutverk einingarinnar sem Raquelita leiðir hjá Isavia er að styðja við þarfir annarra rekstrar-eininga Isavia þegar kemur að upplýsingatækni og stafrænum lausnum. „Eitt af okkar hlutverkum er að þarfagreina, velja tæknilausnir og innleiða þær með hagsmunaaðilum, í samræmi við

stefnu og kröfur Isavia. Við erum einnig að byggja upp vöruhús gagna og erum að leggja enn meiri áherslu á viðskiptagreind og styðja þannig við gagnadrifnari hugsun og upplýstari ákvarðanatöku innan Isavia.“

## Ný deild

Það fyrsta sem Raquelita gerði þegar hún tók við starfinu var að ráða inn nýja starfsmenn í teymið enda var af nægum verkefnum að taka. „Starfið mitt og deildin mín, sem heitir Stafræn þróun, er

alveg ný eining hjá Isavia og þar fæ ég tækifæri til að taka þátt í að móta mjög mikilvæga stöðeiningu hjá fyrirtæki sem hefur sérstöðu í okkar samfélagi og hagkerfi. Það er mikil uppbygging í gangi hjá allri Isavia-samstæðunni, sérstaklega þegar kemur að stafrænni þróun, viðskiptagreind og upplýsingatækni. En það er einungis rúmt ár síðan sviðið sem ég er undir, Stafræn þróun & upplýsingatækni, var stofnað. Þar á undan var ekki mikil áhersla á upplýsingatækni eða stafræna uppbyggingu.

Ég hlakka mikið til að fara að hlaupa almennilega af stað en eðlilega gengur allt aðeins hægar en maður ætlar sér þegar maður er að komast inn í nýtt starf.

Tæknileg uppbygging félagsins sem snertir innviðina, flugvöllinn og farþegaupplifun, er risastórt og margra ára verkefni sem mér finnst alveg hrikalega spennandi og það eru forréttindi að fá að taka þátt í að byggja það upp og þróa. Ég fann strax fyrir mikilli jákvæðni hjá Isavia og allir eru tilbúnir til að fara í breytingar og gera nýja og spennandi hluti.“

## Spenn fyrir næstu verkefnum

Raquelita segist vera full eftirvæntingur að taka við og þróa verkefni næstu ára. „Ég hlakka mikið til að fara að hlaupa almennilega af stað en eðlilega gengur allt aðeins hægar en maður ætlar sér þegar maður er að komast inn í nýtt starf. Næstu verkefni eru helst að stækka teymið enn frekar, innleiða lausnir og ferla þvert á samstæðuna og byggja upp vöruhúsið okkar og viðskiptagreind. Allt þetta mun styðja við framtíðarplön flugvallarins til næstu ára. Við ætlum okkur nefnilega stóra hluti þegar kemur að tækni í rekstri flugvallarins og farþegaupplifun.“ ■



**IVY BEAU** sumarkjöll  
Stærðir 38-48  
Verð kr.8.980



**IVY BEAU** hlýrakjöll  
Stærðir 40-46  
Verð kr. 9.980



**YESTA** pífukjöll  
Stærðir 44-56  
Ver kr. 10.980



**ZE-ZE** sumarkjöll  
Stærðir 38-48  
Verð kr.9.990



**YESTA** Sumarkjöll  
Stærðir 44-56  
Verð kr.12.980


## Flott sumarföt ...



**YEST/YESTA** röndótt skyrta  
Stærðir 36-56  
Verð kr.10.9810



**SUNDAY** stuttermakjöll  
Stærðir 40-52  
Verð kr.16.980



**YESTA** Alicia hlýrabolur  
Fæst í nokkrum litum  
Stærðir 44-60  
Verð kr.5.980



**ZHENZI** Gallaskokkur  
Stærðir 42-56  
Verð kr. 14.980



**FRANSEN** léttúlpa/vendingur  
Fæst líka í svörtu  
Stærðir 40-52  
Verð kr.34.980

## ... fyrir flottar konur



**YEST/YESTA** Stuttermaskyrta  
Stærðir 36-54  
Verð kr.13.980



**YESTA** Opín peysa með hettu  
Stærðir 44-56  
Verð kr.13.980



**ZE-ZE** hettupeysa  
Stærðir 38-48  
Verð kr.12.990



**YESTA** Gallajakki  
Stærðir 44-60  
Verð kr. 12.980



**Duffel sporttaska**  
Fæst líka í bleiku og svörtu  
Verð kr. 5.990



**JANA** sandalar  
Fæst í fleiri litum  
Stærðir 37-42  
Verð kr. 10.990

Ljósmyndari: Úr myndasafni Hermanns Þorsteinssonar og Ingibjarnar Magnúsdóttur ©Ljósmyndasafn Reykjavíkur



**RAFÍÐNAÐARSAMBAND  
ÍSLANDS**



# TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN KONUR!

*Rafiðnaðarsamband Íslands sendir konum á Íslandi  
bestu kveðjur í tilefni dagsins!*

Rafiðnaðarsamband Íslands  
er stoltur bakhjarl UN Women



Aóildarfélög  
sambandsins:



# ÓMÓTSTAÐILEGT HEINZ BRAGÐ ENGINN VIÐBÆTTUR SYKUR & SALT



# HEINZ

ESTD 1869

# Íslensk náttúra og sælkerakræsingar

Herborg Svana Hjelm framkvæmdastjóri og Birgir Rafn Reynisson matreiðslumeistari, tóku nýlega við rekstri hótelsins, sem áður hét Geo Hótel og hefur fengið nýtt nafn, Hotel Volcano.

sjofn@frettabladid.is

Herborg Svana og Birgir eru með töluverða reynslu í veitingarekstri og staðirnir þeirra hafa slegið í gegn, hver með sína sérstöðu. „Við höfum starfað saman í nokkur ár og höfum brallað helling saman,“ segir hún, en þau hjónin reka einnig Fjánhúsið á Granda Mathöll og Hlemmi Mathöll, Trúnó á Hlemmi Mathöll, en nýjasta verkefnið er Hótel Volcano og Fest bistro & bar.“

Herborg segir að þau séu mjög spennnt yfir þessu nýja verkefni og það fari vel af stað. „Svæðið hefur upp á svo ótrúlega margt að bjóða og við sjáum ótal tækifæri í hótélrekstrinum. Það eru fá hótél og veitingastaðir í heiminum sem geta státað sig af því að vera með eldgos í bakgarðinum,“ segir Herborg Svana. Bókanir hafa farið vel af stað og vinsældir hótelsins strax byrjaðar að gera vart við sig. „Við tókum við rekstrinum um miðjan maí og bókanir hafa farið mjög vel af stað. Bókanir í júní eru satt að segja lygilegar. Við erum mjög bjartsýn á framhaldið miðað við stöðuna í dag,“ segir Herborg Svana.

## Gosið hafði áhrif á lokaákvörðunina

Segið aðeins frá tilurðinni, söguna á bak við að þið ákváðuð að taka við rekstri hótelsins og opna Festi bistro & bar.

„Við vorum búin að hugsa þetta síðan í desember, okkur hefur lengi langað að fara út í hótélrekstur. Þetta er mjög spennandi atvinnugrein og mörg tækifæri fram undan eftir Covid. Svo þegar gosið kom, þá var ekkert annað en að skipta um nafn á hótelinu sem áður hét Geo Hótel,“ segir hún.

” Svæðið hefur upp á svo ótrúlega margt að bjóða og við sjáum ótal tækifæri í hótélrekstrinum. Það eru fá hótél og veitingastaðir í heiminum sem geta státað sig af því að vera með eldgos í bakgarðinum.

Herborg Svana

Staðsetningin heillaði þau og sóknarfærin blöstu við. „Húsið er nýtt og falleg hönnun á því. Það er stutt fyrir ferðamenn að koma til okkar en það eru um það bil 20 mínútur frá flugvelli til okkar, um 7 mínútur í Bláa lónið og á gosstöðvarnar, svo stutt er í alla þjónustu. Við erum ótrúlega vel staðsett. Svo má ekki gleyma hvað náttúran í kringum Grindavík er einstök og þess vegna margt í boði fyrir ferðamenn, bæði innlenda sem erlenda að skoða. Svo er auðvelt að fara í góðar hjólaferðir á Reykjanesinu og stutt á golfvöllinn.“

## Ekta bistro matargerð með áherslu á gæði

Þar sem að við höfum mikla reynslu af veitingarekstri þá var það alveg borðleggjandi að opna veitingastað. Það var ekki erfitt að velja nafn á staðinn, en húsið var samkomuhúsið Festi áður en því var breytt í hótél og Birgir vann í Festi áður en því var lokað.“

Festi var upphaflega opnað 4. júní árið 1972 og á því langa og skemmtilega sögu. Herborg og Birgir opnuðu svo Festi bistro & bar 4. júní 2021, við mikinn fögnuð heimamanna. Þeim fannst ekki flókið að finna taktinn í matargerðinni og töfrudu fram flottan bistro matseðil. „Við erum með ekta bistro matargerð og leggjum áherslu á ein-



Birgir og Herborg reka hótelið Volcano en þar er einnig veitingahúsið Festi bistro & bar í Grindavík. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Íslenska lambið og meðlæti er að sjálfsgöðu á matseðlinum og er aðalsmerki kokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

falda og minni rétti. Okkar reynsla er sú að matarskammtar eru að minnka og viðskiptavinir spái almennt í matarsóun.“

## Tónleikar og viðburðir verða fastir liðir

Mikið líf hefur þegar skapast kringum Festi bistro & bar og hafa þau Herborg og Birgir tekið upp gamla síði staðarins Festi, og verið með tónleikahald fyrir matargesti sína. Fyrstu tónleikarnir voru haldnir sjómannadagshelgina en þá spiluðu Jógvan og Vignir Snær og vöktu mikla lukku.

Nú hafði þið verið með viðburði á hótelinu og boðið upp á tónleika, munu verða fastir liðir í framtíðinni?

„Já, við munum gera það. Við viljum halda í þann anda sem var hérna áður fyrir.“ ■

**PRAKT**  
ÍSLENSKIR SKARTGRIPIR

PRAKT Laugavegur 82 101 Reykjavík www.prakt.is

## Flott sumarföt fyrir flottar konur



**YEST/YESTA**  
röndótt skyrtu  
Stærðir 36-56  
Verð kr.10.9810

**IVY BEAU**  
sumarkjöll  
Stærðir 38-48  
Verð kr.8.980

**YESTA**  
pífukjöll  
Stærðir 44-56  
Verð kr. 10.980

**YESTA**  
Sumarkjöll  
Stærðir 44-56  
Verð kr.12.980

LÍTTU VIÐ Á BELLADONNA.IS

Verslunin Belladonna



belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is



# Vegna mikillar sölu vantar okkur allar gerðir eigna á skrá!

## Í fararbroddi í 45 ár



**Ásta María Benónýsdóttir**  
Löggiltur fasteignasali og sölustjóri  
Símanúmer 897-8061  
asta@kjoreign.is



**Dan Valgarð S. Wiium**  
Hdl, löggiltur fasteignasali  
Símanúmer 896-4013  
dan@kjoreign.is




**Davíð Karl Wiium**  
lögfræðingur og í námi til löggildingar  
Símanúmer 847-3147  
david@kjoreign.is



**Jón Bergsson**  
Lögmaður og löggiltur fasteignasali  
Símanúmer 777-1215  
jon@kjoreign.is



**Rakel Salóme Eydal**  
Löggiltur fasteignasali og leigumiðlari  
Símanúmer 533-4040  
jon@kjoreign.is



## Skemmtanir

## GÍTARLEIKARI ÓSKAST!

Góður gítarleikari óskast í hljómsveit, 70' músík.  
Uppl. á [antonben@simnet.is](mailto:antonben@simnet.is) og s. 895 9376

## Önnur þjónusta

## STARFSMENN

til fjölbreyttra starfa um lengri eða skemmri tíma

**PROVENTUS**  
Starfsmannþjónusta

**551 5000**  
[proventus@proventus.is](mailto:proventus@proventus.is)

Ármúla 15, 108 Reykjavík  
[www.proventus.is](http://www.proventus.is)

## Húsnæði

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu eða sölu 50 m<sup>2</sup> bil + milliloft. Hurð 3,7 m. Lager eða geymsla. Leiga: 109 þús. S: 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**  
Sími 555-3464

Parftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. [www.гейmslur.is](http://www.гейmslur.is)

Keypt  
& Selt

## Til sölu

## Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27  
Sími 552 2125  
[www.gitarinn.is](http://www.gitarinn.is)



**Kassagítarar á tilboði**

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)

SAFT



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. [www.myranaut.is](http://www.myranaut.is) s. 868 7204

## Óskast keypt

**STADGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

[www.kaupungull.is](http://www.kaupungull.is)

Opið mán - fös 11-16,  
Skiptiholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Kaupi gamla mynt, isl. & erlenda brons, silfur og gullpeninga. Peningaseðla frimerki póstkort. Verðmet heil sófn. S. 615 2715.

## Skólar &amp; Námskeið

## Námskeið



**ICELANDIC, ENGLISH, NORWEGIAN, DANISH & SWEDISH F. FOREIGNERS - ENSKA, NORSKA, DANSKA, SÆNSKA**

Only 2-5 students per course!  
! Special Icelandic for Thais, Vietnamese and Chinese.  
Sérnámskeið: Íslenska f. Tælendinga, Vietnamá og Kinverja. Einnig Sérnámskeið fyrir Heibrigðisstarfsfólk/Also Special courses for Health Personell. Enska fyrir Leiðsögumenn/ Icelandic for Guides. Start: 21/6, 19/7, 16/8, 6/9, 4/10, 1/11, 29/11. 4 weeks x 5 workdays or Sat/Sun x 10 weeks. AM & PM. Price: 49.500. Labour Unions pay back 50-90% of price. Stéttarfélag endurgreiða 50-90% námsgjalds. [www.iceschool.is](http://www.iceschool.is) - [ff@icetrans.is](mailto:ff@icetrans.is) - [facebook.com/icetrans](https://www.facebook.com/icetrans). IceSchool-Fullorðinsfræðslan, Ármúli 5. 108, s. 8981175.

## Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

## Geymsluskúrar / gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bærustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari upplis; [reisum@simnet.is](mailto:reisum@simnet.is) eða s. 899 0913 Fríða, [www.reisum.is](http://www.reisum.is)

## LOK Á HEITA POTTA



Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.

Metum ástand og gerum við.

[www.fjardarbolstrun.is](http://www.fjardarbolstrun.is)

Fjardarbolstrun S. 561 4188 • 840 0339 • [fjardarbolstrun@gmail.com](mailto:fjardarbolstrun@gmail.com)

## Ferðapjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðapjónustuna, afhendast fullklárúð.

Nánari uppl. [reisum@simnet.is](mailto:reisum@simnet.is) eða í síma 899 0913 Fríða [www.reisum.is](http://www.reisum.is)

Alla fimmtudaga og laugardaga  
[arnarut@frettabladid.is](mailto:arnarut@frettabladid.is)

**ÍSLENSKT**  
LÁTTU ÞAD GANGA

"Hengirúmin" vinsælu komin aftur!  
3.900 kr.-

Heitir og kaldir gæðapottar sem hitta í mark hjá ÖLLUM í fjölskyldunni!



**NORMX**

Íslensk framleiðsla í 39 ár!

**OPIÐ 10-14 Á LAUGARDÖGUM Í SUMAR!**

Auðbrekku 6 200 Kópavogi Sími 565-8899 [normx@normx.is](mailto:normx@normx.is)



LIND FASTEIGNASALA

# FASTEIGNASALAR Á ÖLLUM ALDRI

 <p><b>Hannes Steindórsson</b> Lögg. fasteignasali hannes@fastlind.is</p>	 <p><b>Kristján Þórir Hauksson</b> Lögg. fasteignasali kristjan@fastlind.is</p>	 <p><b>Stefán Jarl Martin</b> Lögg. fasteignasali stefan@fastlind.is</p>	 <p><b>Heimir Hallgrímsson</b> Lögg. fasteignasali heimir@fastlind.is</p>
 <p><b>Rútur Örn Birgisson</b> Lögg. fasteignasali rutur@fastlind.is</p>	 <p><b>Helga Pálsdóttir</b> Lögg. fasteignasali helga@fastlind.is</p>	 <p><b>Vernharður Þorleifsson</b> Lögg. fasteignasali venni@fastlind.is</p>	 <p><b>Lára Þyri Eggertsdóttir</b> Lögg. fasteignasali lara@fastlind.is</p>
 <p><b>Vera Sigurðardóttir</b> Lögg. fasteignasali vera@fastlind.is</p>	 <p><b>Magnús Már Lúðvíksson</b> Lögg. fasteignasali magnus@fastlind.is</p>	 <p><b>Guðrún Antonsdóttir</b> Lögg. fasteignasali garun@fastlind.is</p>	 <p><b>Þorsteinn Yngvason</b> Lögg. fasteignasali thorsteinn@fastlind.is</p>
 <p><b>Bogi Molby Pétursson</b> Lögg. fasteignasali molby@fastlind.is</p>	 <p><b>Stefanía Eggertsdóttir</b> Lögg. fasteignasali stefania@fastlind.is</p>	 <p><b>Hrafn Valdísarson</b> Lögg. fasteignasali hrafn@fastlind.is</p>	 <p><b>Auður Magnúsdóttir</b> Lögg. fasteignasali audur@fastlind.is</p>
 <p><b>Elsa Margrét Elíasdóttir</b> Lögfr. skjalavinnsla elsa@fastlind.is</p>	 <p><b>Gunnar Valsson</b> Lögg. fasteignasali gunnar@fastlind.is</p>	 <p><b>Erla Dröfn Magnúsdóttir</b> Lögg. fasteignasali erla@fastlind.is</p>	 <p><b>Diðrik Stefánsson</b> Lögg. fasteignasali diddi@fastlind.is</p>
 <p><b>Viðar Marinósson</b> Lögg. fasteignasali vidar@fastlind.is</p>	 <p><b>Dagrún Davíðsdóttir</b> Lögg. fasteignasali dagrun@fastlind.is</p>	 <p><b>Elvar F. Frimannsson</b> Í námi til löggildingar elvar@fastlind.is</p>	 <p><b>Sigrún Ragna Sigurðardóttir</b> Lögg. fasteignasali sigrun@fastlind.is</p>
 <p><b>Ásdís Rósa Hafliðadóttir</b> Lögfræðingur asdis@fastlind.is</p>	 <p><b>Hrafnkell Pálmason</b> Lögg. fasteignasali hrafnkell@fastlind.is</p>	 <p><b>Eva Hlín Guðjónsdóttir</b> Lögg. fasteignasali eva@fastlind.is</p>	 <p><b>Gunnar Þórisson</b> Lögg. fasteignasali gth@fastlind.is</p>
 <p><b>Ísak V. Jónsson</b> Atvinnueignir isak@fastlind.is</p>	 <p><b>Tara Sif Birgisdóttir</b> Í námi til löggildingar tara@fastlind.is</p>	 <p><b>Hlynur Bjarnason</b> Lögg. fasteignasali hlynur@fastlind.is</p>	 <p><b>Sirry Agnes Sigurðardóttir</b> Lögg. fasteignasali sirry@fastlind.is</p>
 <p><b>Katrín Perla Gunnarsdóttir</b> Skjalavinnsla perla@fastlind.is</p>	 <p><b>Elías Haraldsson</b> Lögg. fasteignasali elias@fastlind.is</p>		
 <p><b>Sigurður Norðdahl</b> Í námi til löggildingar sigurdur@fastlind.is</p>	 <p><b>Hallís Sævarsdóttir</b> Skrifstofa hallis@fastlind.is</p>		

Bentu á  
þann sem þér  
þykir bestur

# LIND

FASTEIGNASALA

Bæjarlind 4 | fastlind.is | nyjaribudir.is

FÁÐU TILBOÐ Í ÞJÓNUSTU

📞 510 7900





## Þar fór það í vaskann



Sigmundur Ernir Rúnarsson  
ser@hringbraut.is

Mállýskur eru á undanhaldi. Illu heilli. Þær voru slangur síns tíma. Og breikkuðu tungumálið, sköpuðu sérstöðu þess, leyfðu duttlungana, keiparnar og kenjarnar.

Fyrir vikið horfðu menn í forundran á fólk frá öðru málsvæði, hristu höfuðið og hugsuðu með sér, þetta er nú meira hrognamálið.

Enda skildu menn ekki baun í bala hvað þetta aðkomufólk var að raula og tauta.



Geldingastefna móðurmálsins hefur verið við lýði um áratugaskeið. Tungutakið er að fletjast út, sérstaklega hvað sagnir og lýsingarorð varðar, að ekki sé talað um framburð og málfæri alls konar – og nú er svo komið að orðskrá og málbólum af allra handa tagi þykir ekki lengur vera mönnum sæmandi, enda upphafið og hrokafullt að mati svo margra sem vilja ekki reyna um of á þanþol málsins.

Það er búið að bannfæra orðaprjálíð.

Og krafan er ekki einvörðungu sú að tala skýrt og skorinort svo allir skilji heldur gætir líka vaxandi óþols gagnvart sérstæðum framburðareinkennum á borð við gamla góða flámælið, smámælið og gormælið, svo og sjarmerandi sérvisku í ætt við vestfirskan einhljóðaframburð sem glatt hefur eyru manns frá unga aldri.

Jafnvel harðmæli og röddun þykir vera aðfinnsluvert á nýrri öld, sú heimóttarlega áráttu að kveða hart að samhljóðunum. Eins og raunar sá sem þetta skrifar er reglulega minntur á. Hann tali svo hart að fólki bregði stundum við, það stappi nærri því að maður hræki út úr sér orðunum, en þess utan syngi helst til undarlega í fráblæstrinum á eftir löngu sérhljóði sem eigi að heita enn ein della þessa eyfirska klans. Gott ef svona löguðu ósköpin þykja ekki vera afbrigðileg nú til dags, í besta falli broslæg, ellegar asnæg.



**Og krafan er ekki einvörðungu sú að tala skýrt og skorinort svo allir skilji heldur gætir líka vaxandi óþols gagnvart sérstæðum framburðareinkennum á borð við gamla góða flámælið, smámælið og gormælið.**

Og heitir sú Snorrabúð þá stekkur. Því sú var nú tíðin að norðenska var kennd sérstaklega í skólum leiklistarnema. Og frægt er líka þegar fyrstu sjónvarpsþulir landsmanna voru teknir í læri í framsögn á miðjum sjöunda áratug síðustu aldar, en þá voru reyndir sviðsleikarar fengnir til að herða þá til kjafts og tungu. Og varð þeim svo ágengt, segir sagan, að lengi á eftir talaði einn þessara þula um Sykurpokann í París, en átti þá vitaskuld við Sigurbogann.



Fyrri tíma einangrun hélt lífi í gömlum, íslenskum mállýskum. Byggðir voru einangraðar hver frá annarri. Algengt var í dölum landsins að heimilisfólkið færi aldrei út fyrir hann á sínu æviskeiði, kannski karlarnir, stöku sinnum, en sjaldnast konurnar sem ofar allri annarri kröfu áttu að gæta bús og barna, ef og þegar bóndinn neyddist til að bregða sér af bæ eftir sykri og brauði

– og kannski brjóstbirtu í misjafnlega miklum mæli.

En nú er allt breytt – og ekkert eins og áður var. Samgangur af öllu tagi hefur tekið við af einangrun og hollustu við heimahagana.



Sá sem hér fer fingrum um lykklaborðið þarf ídulega að útskýra mál sitt þegar hann les úr ritverkum sínum, svo sem úr minningabókinni Eldhús ömmu Rún þar sem samskiptin við ömmurnar á Akureyri, þær Guðrúnu og Sigrúnu, eru rifjuð upp í anda löngu liðins tíðaranda. Á einum stað í bókinni segir svo:

„Ef ekki vildi betur þurfti amma að taka í nefið. Þá strauk hún saman kornunum sem afi hafði misst á borðið og skellti þeim í nösina. Sagði blíðum rómi að svona lagið færi nú ekki í vaskann.“

Einmitt, vaskann.

Það fór ekkert í vaskinn norðan heiða. Og fer ekki enn.

Heldur vaskann.



Framan af ævinni var maður svo reglulega minntur á þá sérkennilegu sannreind að Akureyri væri danskur bær, svona í sögulegu ljósi – og þótt það megi vissulega færa til sanns vegar, tók það svoltið á taugarnar að þurfa eilíflega að þýða þessar málrósis af Efri-Brekkunni fyrir fólk að sunnan. Eða vestan og austan.

Senan var nefnilega þessi, fyrst talaði maður, hart og ákveðið, eins og maður átti uppruna til – og svo útskýrði maður, talaði hægar, linar. Og svo útskýrði maður aftur. Og jafnvel enn einu sinni til öryggis.



Akureyska var og er svoltið dönskuskotin – og um það verður ekki deilt, en samt sem áður á svo dásamlega vegu, enda er taugin sú

römm, sem rakka dregur, móðurmálsins til, svo gömlu orðatiltæki sé svoltið umsnúið.

Í hverfinu heima voru ekki svalir, heldur altan, stundum líka balkon, en terras var sólþallur, gjarnan með stakketi í kring, eða rekka, en hvort tveggja táknaði grindverk.

Brjóstsykurinn var bolsía, almennt kallað slikeri ásamt öðru sælgæti. Buffet merkti borðstofuskápur, stundum með löber, en það þýddi borðdúkur. Og stórisinn var sjaldnast dreginn frá suðurglugganum í því stóra kamesi svo farvinn færi ekki af buffetinu, sum sé að hann upplitaðist ekki.

Og það forkældist enginn uppi í Hlíðarfjalli, heldur forkelaðist fólk. Ekki heldur þegar maður var að teika niðri í bæ, nokkurn veginn alla aðra bíla en þá sem voru punkteradír.

Og svo flett sé áfram í akureysku orðabókinni var aldrei nokkur móðgáður fyrir norðan, heldur fornemaður. Og fyrirstilla var jafngildi sagnarinnar að þýða. Fríkaddellur voru kjötbollur.

Klatti var grautur, eldaður í kastarholu, lesist potti, kram var brauð sem skorið var með pinnsettu, altsó skurðarhnífi, ristað í ristavél en ekki einhverri brauðrist að sunnan. Og púdda var kjúklingur, tau var sulta og lúða engin lúða heldur heilagfiski.

Svo var líka mikið viskað, hvort heldur menn héldu á viskaleðri eða viskastykki – og vel að merkja, ekki viskustykki, enda hafði diskapurran ekkert með visku að gera fyrir norðan.

Og ef karlar voru elegant voru konur með uppsett.



Allt er þetta að tapast. Og allt er þetta að vatnast út í enskuslettum og alþjóðlegri einsleitni. Ætli það megi ekki heita þróun tungumáls.

Hvort sem okkur líkar betur eða verr. ■

Höfundur er sjónvarpsstjóri Hringbrautar, sem rekin er af Torgi, sem jafnframt gefur út Fréttablaðið.

---

---

**78% LANDSMANNA**  
ERU NÚ BÓLUSETT  
OG AÐ PLANA SUMARIÐ

---

**HELMINGUR**  
**ÞEIRRA LES**  
FRÉTTABLAÐIÐ\*

---

**ERT ÞÚ AÐ NÁ Í RÉTTA FÓLKIÐ?**

---

Með því að auglýsa í Fréttablaðinu og  
á [frettabladid.is](http://frettabladid.is) nærðu til rétta fólksins.

**FRÉTTABLAÐIÐ**

## Merkisatburðir

- 1953** Forseti Íslands undirritar Mannréttindasáttmála Evrópu.
- 1981** Tveir eggjapjófar með á annað hundrað andaregg í fórum sínum eru handteknir á Keflavíkurlugvelli, á leið úr landi.
- 1982** Minnisvarði um Ásgrím Jónsson listmálara er afhjúpaður í Rútsstaðahjáleigu í Flóahreppi, þar sem hann var fæddur.
- 1987** Nýtt útvarphús er tekið í notkun við Efstaleiti í Reykjavík.
- 1994** Björk Guðmundsdóttir heldur sína fyrstu tónleika á Íslandi eftir að hún öðlast heimsfrægd.
- 2015** Höggmynd af Ingibjörgu H. Bjarnason, fyrstu konunni sem kosin var á Alþingi, er vígð. Hún er við Skála, viðbyggingu Alþingishússins.



+

Við þökkum auðsýnda samúð við fráfall og útför eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,  
**Sigurðar Samúelssonar**

**Edda Ögmundsdóttir**  
**Kristján Sigurðsson**  
**Sigurður Sigurðsson**  
**Guðrún Lilja Jónsdóttir**  
barnabörn og langafabarn.



Guðný Jónasdóttir, Guðrún Harðardóttir, Gunnhildur Daðadóttir, Grímur Helgason og Julia Hantschel.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Sérstakur hljóðheimur skapast

Nýr kammerhópur kemur fram á sjónarsviðið á morgun í Hannesarholti og spilar fjögur verk, eitt þeirra, Draumsýn, samdi Gíslí Magnússon fyrir hópinn.

gun@frettabladid.is



Ef fólk getur séð fyrir sér fugla og fiðrildi getur það notið.

„Þetta er frumburður okkar Gunnhildar Daðadóttur saman,“ segir Guðný Jónasdóttir sellóleikari glæðlega um fyrstu tónleika Kammerhópsins Jöklu á morgun í Hannesarholti. Þeir hefjast klukkan 14. Hún tekur fram að þær Gunnhildur eigi fimm börn samtals og hafi því verið dálítið í fæðingarorlofi frá fagvinnu sinni í Sinfó. Nú hafi þeim þótt þörf á að gera eitthvað rötækt, enda hafi þær ákveðið að vera í

sömu kúlu í kófinu, hittast og spila til að halda geðheilsu, með krílin á leikteppum eða í pössun.

Með þeim stöllum leika í Jöklu þau Julia Hanstschel óbóleikari, Grímur

Helgason klarinettuleikari og Guðrún Hrunn Harðardóttir víóluleikari. „Ég kynntist Júlíu þegar ég var í námi í Bretlandi, þar spiluðum við saman í hljómsveit og alls konar hópum. Gaman að hún skuli hafa fengið vinnu hjá Sinfó, það eru ekki margir leiðandi óbóspilarar í heiminum.“

Blásarakvartettar eftir B.Britten, J.C.Bach og B.H.Crusell eru á efnisránni og að endingu leikur Jökla glænýtt verk eftir Gísla Magnússon tónskáld sem nefnist Draumsýn. Guðný segir hann hafa samið það sérstaklega fyrir hópinn. „Það er spennandi verk, algerlega enginn púls en mjög nákvæmlega út skrifað og sérstakur hljóðheimur sem skapast. Ef fólk getur séð fyrir sér fugla og fiðrildi getur það notið hans!“

*Meirgætni, hlýja og virðing Við andlát ástvinar*




**Ísleifur Jónsson** **Steinunn Magnúsdóttir**  
Útfararstjóri Útfararþjónusta  
Farsími 821 5353 Farsími 861 3441



Álfheimum 35, 104 Reykjavík  
Sími 553 5353 og 821 5353  
www.usr.is  
isleifur@usr.is

**Þjónusta allan sólarhringinn**

**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS**  
Auðbrekku 1, Kópavogi

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn:  
**581 3300 & 896 8242**

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er

Sverrir Einarsson [www.utforin.is](http://www.utforin.is) Jóhanna Eiríksdóttir



---

**ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR**  
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



+



Ástkær eigenmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Jón Á. Hjörleifsson**  
rafvirki,  
Garðatorgi 17,  
Garðabæ,  
lést á Landspítalanum 10. júní.  
Útförin fer fram frá Víðalinskirkju Garðabæ miðvikudaginn 23. júní kl. 13.

**Lilja Jónsdóttir**

<b>Halldóra Jónsdóttir</b>	<b>Þóra Hafsteinsdóttir</b>
<b>Hjörleifur Már Jónsson</b>	<b>Víktor Sighvatsson</b>
<b>Jóna Margrét Jónsdóttir</b>	<b>Erla Einarsdóttir</b>
<b>Guðbjartur Jónsson</b>	
<b>Kolbrún Jónsdóttir</b>	<b>Helgi Harðarson</b>
<b>Kristbjörg Lilja Jónsdóttir</b>	<b>barnabörn og barnabarnabörn.</b>

+



Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýju og ómetanlegan stuðning vegna andláts og útfarar ástkærrar eiginkonu, besta vinar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,  
**Jóhönnu Hólmfríðar Óskarsdóttur**  
Sunnubraut 7, Þorlákshöfn.  
Sérstakar þakkir færur við fjölskyldan starfsfólkinu á A6, lungnadeild Landspítalans í Fossvogi, fyrir góða umönnun, ljúft viðmót og hlýju.

**Kári Böðvarsson**

<b>Óskar Ingi Böðvarsson</b>	<b>Kristrún Hafliðadóttir</b>
<b>Tómas Þór Kárason</b>	<b>Rúri Eggertsdóttir</b>
<b>Anna Margrét Káradóttir</b>	<b>barnabörn og barnabarnabörn.</b>

+



Ástkær móðir mín og frænka okkar,  
**Ingunn Halldórsdóttir**  
áður Nökkvavogi 24,  
lést á hjúkrunarheimilinu Grund, miðvikudaginn 9. júní.  
Útförin fer fram frá Langholtskirkju þriðjudaginn 22. júní kl. 15.

**Halldór B. Jónsson**  
**Einar Hjaltested**  
**Margrét Theódóra Hjaltested**  
**Einar Kristinn Hjaltested**  
**Hrefna María, Hrafnhildur, Karólína, Katrín Eva og Ari Gíslí.**

**Svanhildur Elentínusdóttir**  
**María Gísladóttir**  
**María Gísladóttir**  
**Hrefna María, Hrafnhildur, Karólína, Katrín Eva og Ari Gíslí.**

+



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,  
**Aðalheiður Sigvaldadóttir**  
Mánatúni 9,  
lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni þriðjudaginn 8. júní.  
Útför verður gerð frá Háteigskirkju þriðjudaginn 22. júní kl. 13.00.

**Gunnar Heiðar Guðjónsson**

<b>Anna Guðbjörg Gunnarsdóttir</b>	<b>Daði Björnsson</b>
<b>Guðmundur Ingi Gunnarsson</b>	<b>Patrizia Cipriani</b>
<b>Elin Heiður Gunnarsdóttir</b>	<b>David Jens Guðlaugsson</b>
<b>barnabörn og barnabarnabörn.</b>	



Jón G. Bjarnason útfararstjóri



Guðmundur Baldvinsson útfararstjóri



Magnús Sævar Magnússon útfararstjóri



Sigurður Bjarni Jónsson útfararstjóri



**Útfararþjónusta í yfir 70 ár**

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | [utfor@utfor.is](mailto:utfor@utfor.is) | [utfor.is](http://utfor.is)

**VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN**



Hrefna Sigríður við úttalið að Esjubergi sem vígt verður á morgun klukkan 14.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Minnisvarði um kirkjustað

Keltneskt úttali, gert af íslensku handverksfólki, verður vígt á morgun að Esjubergi á Kjalarnesi. Sögufélagið Steini stendur þar á bak við. Formaður er Hrefna Sigríður Bjartmarsdóttir.

gun@frettabladid.is

„Þetta altari er gert til að minnast elstu kirkju á Íslandi sem nefnd er í rituðum heimildum, Landnámu og Kjalnesinga-sögu. Þar segir: Kirkja Örlygs er hér komin um árið 900 – og er þar átt við Örlyg Hrapsson sem kom frá Suðureyjum Skotlands. Hann helgaði kirkjuna írsku dýrlingnum Kólumkilla. Þannig að þetta er tenging okkar við keltneska menningu,“ segir Hrefna Sigríður Bjartmarsdóttir, formaður Sögufélagsins Steina, sem hefur haft umsjón með framkvæmd altaris að Esjubergi.

Frú Agnes Sigurðardóttir, biskup Íslands, mun vigja altarið á morgun, sunnudag, klukkan 14. Í lögum er það eins og keltneskur sólkross og í miðju þess er altarissteinn úr landi Esjubergs.

”

Við í stjórn Steina höfum unnið mikla sjálfböðavinnu, ásamt fleira fólki innan og utan Kjalarness.

Hrefna segir sr. Gunnþór Ingason hafa átt hugmyndina að sólkrossinum og aðra í stjórn Steina eiga sameiginlegan þátt í útlitinu. Einnig notið aðstoðar Sigurborgar Óskar Haraldsdóttur landslagsarkitekts.

Hrefna rekur hugmyndina að altarinu til héraðsfundar Kjalarnessprófestsdæmis árið 1983. „Þegar Sögufélagið Steini var stofnað fyrir ellefu árum var ákveðið að ráðast í framkvæmdina, því hugmyndinni hafði verið haldið vak-

andi. Vorið 2016 tók svo biskup Íslands fyrstu skóflustungu, ásamt fleirum, og við höfum verið að vinna við þetta í fimm ár. Eiginlega var verkið klárað fyrir júl, svo höfum við verið að snurfusa í vor en eigum eftir að gera fræðsluskilti, erum að vinna í þeim,“ lýsir Hrefna. Hún getur þess að við bygginguna hafi áhersla verið lögð á að efni og vinnukraftur kæmu sem mest af Kjalarnesi og meðal annars hafi börn úr skólunum safnað fjörusteinum sem þrýði krossinn. „Við í stjórn Steina höfum unnið mikla sjálfböðavinnu, ásamt fleira fólki innan og utan Kjalarness. Við fengum tvo hleðslumeistara, þau Ara Jóhannesson og Kristínu Auði Keldal, og Guðni Ársæll Indriðason, sem er fæddur og uppallinn Kjalnesingur, smíðaði mót krossins og steypiti hann.“

Messað hefur verið á þessum stað árlega síðan 2010, að sögn Hrefnu. Einnig haldið þar upp á bæði mannréttindag- og barnamenningarhátíð. „Hingað eru allir velkomnir,“ segir hún. „Hér er góður áningarstaður fyrir göngufólk, óháð trúarskóðun.“ ■



+

Ástkær móðir min, amma og langamma,  
**Erla Hjartardóttir**



lést á Landspítalanum í Fossvogi mánudaginn 14. júní. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 23. júní klukkan 11.00.

Á sama tíma verður minningarathöfn um son hennar,

**Haraldur Kristjánsson,**

lést 12. janúar í Los Angeles, Bandaríkjunum.

**Kristján Ragnar Kristjánsson**  
**Krista Takefusa Kristjánsdóttir**  
**Ragnar Orri Benediktsson**  
**Erla Heiðrún Benediktsdóttir**  
**Kristján Haraldsson**  
**David Örn Kristinason**  
**Guðný Ósk Árdal Sveinbjörnsdóttir**  
**Guðrún Helga Sveinbjörnsdóttir**  
**Dagur Steinn Sveinbjörnsson**  
fjölskyldur og barnabarnabörn.



+

Okkar ástkæri  
**Stefán Alexandersson**  
frá Ólafsvík,

lést í faðmi fjölskyldunnar á Landspítalanum þann 14. júní. Útför hans fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju, fimmtudaginn 24. júní kl. 13.

**Laila Michaelsdóttir**  
**Valborg Stefánsdóttir**  
**Íris Stefánsdóttir**  
**Tinna Stefánsdóttir**  
**Alexander Stefánsson**  
**Ólína Elisabet Rögnudóttir**  
og barnabörnin þrettán.



+

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,  
**Axel Axelsson**  
málarameistari,  
Dalbraut 18, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjólí síðastliðinn sunnudag. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju fimmtudaginn 24. júní kl. 13.

**Dagbjört Guðmundsdóttir**  
**Brynhildur Axelsdóttir**  
**Júliús Viðar Axelsson**  
**Sólrun Axelsdóttir**  
**Ivar Örn Axelsson**  
**Einar Ingvar Guðmundsson**  
**Margrét Sif Hafsteinsdóttir**  
**Árni Örn Bergsveinsson**  
**Anna Sigríður Sveinbjörnsdóttir**  
og barnabörn.



+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,  
**Sigurlaug Ásgerður Sveinsdóttir**

verður jarðsöngin frá Dalvíkurkirkju miðvikudaginn 23. júní kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Dvalarheimili aldraðra Dalbæ, Dalvík.

**Guðbjörg Antonsdóttir**  
**Elin Sigrún Antonsdóttir**  
**Anna Dóra Antonsdóttir**  
**Arna Auður Antonsdóttir**  
**Þórolfur Már Antonsson**  
**Árdís Freyja Antonsdóttir**  
barnabörn, langömmubörn og langalangömmubörn.

Sveinn Sveinsson

Hrönn Vilhelmsdóttir



+

Ástkær faðir okkar,  
**Bragi Nielsson**  
læknir,

lést á Dvalarheimilinu Höfða á Akranesi sunnudaginn 13. júní 2021. Útförin fer fram frá Akranesarkirkju, 25. júní kl. 13 og athöfninni verður streymt frá vef Akranesarkirkju.

**Árni Bragason**  
**Röðull Bragason**  
**Baldur Bragason**  
**Margrét Bragadóttir**  
og fjölskyldur.

+

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Sveinn Fjeldsted**  
öryggisgjafi,  
Lundi 21, Kópavogi,



lést á LSH 3. júní sl. Útförin fer fram frá Bústaðarkirkju 22. júní nk. klukkan 11.00. Jarðarförin er opin að 300 manns. Streymt verður frá athöfninni: <https://hljodx.is/index.php/streymi> Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug til okkar.

**Ingibjörg Kristjánsdóttir**  
**Ásta Björk Sveinsdóttir**  
**Kristján Þór Sveinsson**  
**Guðmundur Sveinsson**  
**Jón Júlíus Eliasson**  
**Hulda I. Magnúsdóttir**  
**Hulda Sævarsdóttir**  
afa og langafabörn.



+

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð, stuðning og hlýju vegna andláts og útfarar

**Kristins Herbergs Kristjánssonar**

Fálkahöfða 8, Mosfellsbæ.

**Esther Bergþóra Gunnarsdóttir**  
**Una Hrönn Kristinsdóttir**  
**Herdís Kristinsdóttir**  
**Sigrún Herbergsdóttir**  
**Gunnar Þór Ármannsson**  
**Hólmar Örn Ólafsson**  
barnabörn og barnabarnabörn.



+

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs sonar okkar, bróður, mágs og frænda,

**Páls Jónssonar**

Tröllagili 14, Akureyri.

Þökkum öllum þeim sem önnuðust hann í veikindum hans. Sérstakar þakkir fá Kristnesspítali og Heimahjúkrun á Akureyri.

**Jón Pálsson**  
**Rannveig Jónsdóttir**  
**Þorlákur Axel Jónsson**  
**Sigurður Pétur Jónsson**  
**Þorsteinn Styrmir Jónsson**  
**Björk Axelsdóttir**  
**Gunnhildur H. Gunnlaugsdóttir**  
**Inga S. Guðbjartsdóttir**  
systkinabörn og fjölskyldur



+

Elskulegur faðir minn, tengdafaðir og afi,  
**Sveinn Bergmann Steingrímsson**

Kaplaskjólsvégi 63, Reykjavík,

lést á Hrafnistu Laugarási, miðvikudaginn 16. júní. Útförin auglýst síðar.


**Halldóra Sigríður Sveinsdóttir**  
**Stefán Ívar Ivarsson**  
**Halldór Ívar Stefánsson**



# „Vér mótmælum öll“

Við skorum á okkur sjálf og ykkur öll að fjölga konum í áhrifastöðum og tryggja sömuleiðis jafnrétti og fjölbreytileika í ákvarðanatöku á öllum sviðum samfélagsins. Íslandi til heilla um alla framtíð.


Við þökkum eftirtöldum fyrirtækjum fyrir veittan stuðning:




**BYKO**

**Landsvirkjun**





**LAUSNARORÐ** Visbending f. lausnarorð: Ef bókstöfunum í lituðu reitunum er raðað rétt saman birtist líkamshluti (12). Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 24. júní næstkomandi á [krossgata@frettabladid.is](mailto:krossgata@frettabladid.is) merkt „19. júní“.



## Sudoku

3		2	9				7	5
6				7	5		3	
	7	9	1		6			
				9				6
9	3	6				2		
	8	1	5			3		
	5			2	9			7
8			6	4			2	
						1	4	

		6		2				8
		5				9		
	8		3				4	
	4	8	7				6	3
				2				1
						6		8
2		3	5					4
					7			2
	1		9					

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

## Bridge


### Ísak Örn Sigurðsson

Ísland sendi fjögur landslið á net-Norðurlandamótið „Corona Nordic Championship“ sem fram fór (á Real-Bridge) 29.–30. maí. Áður var búið að segja frá því að landslið Íslands í öpunum flokki náði bestum árangri. Lentu í öðru sæti í þeim flokki. Landsliði Íslands í kvennaflokki gekk misjafnlega og hafnaði í fimmta sæti af sex þjóðum, eftir mikla baráttu. Kvennalandslið Íslands var skipað þremur þörum, Önnu Guðlaugu Nielsen-Helgu Helenu Sturlaugsdóttur, Hörpu Fold Ingólfsdóttur-Mariu Haraldsdóttur og Guðnýju Guðjónsdóttur-Þorgerði Jónsdóttur. Spiluð var tvöföld umferð, allir við alla. Sterk sveit norskra kvenna vann sigur en það gladdi hjarta margra Íslendinga að norska liðið vann sigur í öllum leikjum seinni umferðarinnar, nema gegn Íslandi (11,70-8,30). Íslenska kvennaliðið vann sigur gegn Færeyjum, 14,46-5,54, í síðari umferðinni. Þar kom þetta spil fyrir. Flest borð spiluðu fjóra spaða í NS og fóru niður á þeim samningi, aðallega vegna spaðalegunnar. Niðurstaðan var öðruvísi í leik Íslands og Færeyja. Færeysku stelpurnar spiluðu bara tvo spaða á öðru borðanna og fengu 9 slag. Austur var gjafari og NS

<b>Norður</b>	<b>Vestur</b>	<b>Austur</b>
♠ K954	♠ ÁG87	♠ 10
♥ Á10432	♥ 85	♥ DG76
♦ ÁD	♦ KG852	♦ 104
♣ DG	♣ 62	♣
		<b>K109854</b>
		♠ <b>Suður</b>
		♥ D632
		♦ K9
		♣ 9763

á hættu: Norður/Harpa Fold vakti á einu hjarta á norðurhöndina á hinu borðinu, eftir þrjú pöss. Suður/María svaraði á einum spaða og Harpa lauk sögnum með því að stökkva í fjóra spaða. Útspil vesturs var laufasekan og María drap kóng á ás. Hún var fljót að fá ellefu slag. Hún spilaði aftur laufi og spaða að drottningu. Vestur drap á ás og spilaði hjarta. Því var hleypt á kóng, spaðaniú svinað, hjartaás og hjarta trompað. Vestur sá að yfirtrompun myndi litlu skila og henti tigli. Þá var drottningu í tigli svinað, ás tekinn og hjarta trompað aftur. Vestur henti aftur tigli. Lauf var trompað og vestur fékk bara einn slag til viðbótar á tromp. Talan 650 var mikill gróði fyrir Ísland. ■

## Lausnarorð síðustu viku var RIDDARASPORI



Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur. ■

### LÁRÉTT

- Með einfaldri umgjörð passar þetta nákvæmlega, gamla mín (11)
- Hef gaman af því að sjá sóla og fleiri nýja hluti sem voru að detta inn (10)
- Fljót að skarði ef vindurinn er hagstæður og keppinauturinn leyfir (11)
- Vargur sagði upp láni fyrir fenjablóm (10)
- Hver er tenging pysjanna og þessara ákveðnu frumna? (11)
- Einvigi Ýmis og Krónosar er óneitanlega stórvíðburður (10)
- Sé rollu grípa eins fóður fyrir herskára hrúta (9)
- Drögum höfðingja fyrir dóm út af lambahrygg og ýsu í raspi (10)
- Hvar sem dauður maður fíflast er höfðýrs jata (11)
- Þessi norsk fjörður, ríkir þar virkilega neyð? (9)
- Setur nasl í sekki því að slíkir tynast ekki (10)
- Bið afa að skilgreina sitt innra mark (7)
- Elska punt og gras en segi tilbúinn fjanda hata allt sem grær (8)
- Þessi mörk eru mikið tekin (5)
- Kelduhanar kunna á svona speldi (9)
- Sagði ekki alveg satt um snótina sem snurfusaði mig (8)
- Skvetti hann þá hinu mjúka mjöli úr skinnsocknum (6)
- Breytumst í blika með fjandsamlegum hætti (9)
- Vökvi í æð er bestur fyrir utan annan glaðning (7)
- Þessi visbending hjálpar ekki nokkurn skapaðan hlut (6)
- Eftir hádegisblund veiðir hún þorska, því í höfði þeirra eru vöðvar (9)
- Held ég kaupi yfirdrifið nóg af þessari skepnu (9)
- Rukkuð um leiðréttingu; upphæðin var einn franki (6)
- Renni tungu eftir læri – flokkast það undir fræðandi fjör? (9)

### LÓÐRÉTT

- Hrekkja skal nú hnokka tvo/hæða svo og spotta (9)

- Þykir vænt um eftirlifandi húsfreyjur og húsbónda (9)
- Ýsan er möðkum rúin og æt vel (9)
- Fríður ríkir um ákveðin hörkutól og þeirra hnoð (9)
- Elskar Ægir að eiga kagga, þótt lýti séu legió? (9)
- Vinds er vólva/varpfugl smár en knár (10)
- Þótt plötufurð sé hvorki hröð né óvænt getur hún valdið skjálfta (10)
- Þetta guðsgeldingavarp ber vott um mikið fram-taksleysi (8)
- Þau blöðruðu um þau sem belgdu sig út af poppi (8)
- Komdu heim maður, þetta er skipun! (7)
- Tel að dráttarafli faist helst með þessari aðferð (8)
- Gekk á vegg í mínu streði við að klára vegg (8)
- Afhjúpa grip Ránar í aðdraganda prófsins (12)
- Setja skal stærra bein á flatbökuna en venjulega (9)
- Burt með pest og pat og rugl, annars mun allt fara í hnút (7)
- Sauðurinn í Landsbankanum hundsáði horfurnar (8)
- Lausnin verður marauð ef ég stilli henni aftur upp (6)
- Ræð við hátt í 50 hunda rambi ég á rétt taumhald (5)
- Dansstjarna í uppnámi kúrir hjá keppinaut segir slúðrið (5)
- Seljði þið plöntur fyrir primata? (6)
- Husla fól ef fjandi leyfir (7)
- Sá kjaftfori lenti í léttu skilaboðaróti (7)
- Finn visbendingar um fána (7)
- Spilin kalla á frest fyrir lasin grey (6)
- Var gat á kirnunni sem hann er að mála nuna? (6)
- Þegar morðin eru orðin reglan er mikið að (6)
- Pyttur gleypir risa í gulli slegnum glæsivagni (5)
- Ei mun tjóa að temja Jóa danska (4) ■

## VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Bálviðri eftir Kiran Millwood Hargrave** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Sesar Hersisson, Reykjavík.** ■





Jeep | 4xe

KYNNUM NÝJAN JEEP®

# COMPASS

ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF



\*NÝ HÖNNUN, NÝ INNRETTING, NÝ TÆKNI, NÝR ÖRYGGISBÚNAÐUR

4xe



VERÐ FRÁ

**6.399.000 KR.\***

\*SVARTUR LIMITED.

- STÆRRI VÉL 240 HÖ
- 360° MYNDAVÉL
- LÁGT DRIF
- LEDURSÆTI OG MÆLABORÐ
- SNERTILAUS OPNUN AFTURHLERA
- FJARLÆGÐARSTILLTUR HRAÐASTILLIR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á JEEP.IS

**ISBAND**

UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR  
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18

## Sumarhappdrætti Krabbameinsfélagsins

ÚTDRÁTTUR 17. JÚNÍ 2021

### VINNINGAR

**Kia Xceed Plug-in Hybrid 4.790.777 kr.**  
15610

Greiðsla upp í bifreið eða íbúð að verðmæti 1.000.000 kr.

2283      34326      143119      158018

Úttekt hjá ferðaskrifstofu eða verslun að verðmæti 200.000 kr.

1785	24968	43391	70355	101750	134835
2656	27076	43534	73021	104281	137487
2677	31987	45398	73890	105665	138819
2810	32302	48114	74645	105881	139364
3701	33898	48939	76232	109399	140586
5024	33910	49980	76555	110054	141412
5452	33946	50162	77840	111762	141774
6244	33947	50676	77917	112772	142716
6981	34179	54689	79833	113197	143348
8396	34265	54733	82001	114707	145158
9261	35323	55817	82166	116872	145572
10180	35622	56246	83989	117914	146382
10625	36654	56945	86613	119086	148879
11255	37291	59011	88494	119252	149017
11260	40187	59616	88815	120985	150227
11345	40787	60614	89008	121403	150416
13097	41001	60716	91371	121521	151711
13732	41279	61421	92551	122062	154742
15597	41478	62045	93456	122376	155243
15783	41693	62191	95126	125118	159844
16578	41743	64430	97215	126161	
18545	42146	65674	99550	128021	
21773	42230	67152	99692	129136	
24650	42281	68411	101238	134033	

Úttekt hjá ferðaskrifstofu eða verslun að verðmæti 100.000 kr.

1263	18376	41188	64460	94633	118793	138811
1766	19342	41880	65947	99427	119016	140056
2959	19422	42355	68510	100140	119753	140409
4276	20505	45385	69058	100665	122140	142010
4945	21353	45823	71882	101661	122654	142021
4966	22088	46349	72622	101851	123126	143008
5191	23668	46470	72848	101916	124870	143987
6393	24508	47772	74172	102126	125667	144078
6431	25554	47840	78195	102414	126000	144086
7105	25764	48638	80899	102793	126760	144527
7968	27117	49605	81281	104823	126972	144681
10527	27894	49638	81412	105253	128299	145340
11375	31764	50389	82084	109262	130084	145761
11755	32608	50735	82381	109968	130111	147063
12833	32907	53322	83137	110196	130661	148052
12866	33103	54116	84619	112039	131178	148896
14166	33458	56169	85003	112757	131454	152604
14372	33654	57182	85123	115399	133636	154121
15033	34014	57525	85291	115598	133708	155982
15398	35085	59395	85333	116391	136529	156993
15915	35540	60597	87908	116688	136732	157186
16106	37477	61737	89249	117275	138227	158262
17686	38302	61791	90349	117399	138288	159274
18017	40945	63983	94241	117905	138679	


Krabbameinsfélagið þakkar landsmönnum veittan stuðning.

Handhafar vinningsmiða framvísi þeim á skrifstofu Krabbameinsfélagsins að Skógarhlíð 8, sími 540 1900. Byrjað verður að greiða út vinninga þann 5. júlí nk. krabb.is



Krabbameinsfélagið

## Veðurspá Laugardagur



Í dag veða norðlægir áttir 3-8 m/s. Viðast fremur skýjað og hætt við smáskúrum í flestum landshlutum, einkum þó suðaustan til. Hiti 4-13 stig, hlýjast í uppsveitum á Suðurlandi.

## Flughræðsla og flugókyrrð



Sigurður Þ. Ragnarsson  
vedur  
@frettabladid.is

Suma hrjáir flughræðsla, ekki síst í flugókyrrð enda þótt himinn sé fagurblár. Ef maður veit hvað er að gerast óttast maður síður.

Hafa ber í huga að vindur er ekki alltafláréttur, hann er líka stundum lóðréttur. Algeng orsök ókyrrðar í háloftunum verður þegar vindhraði (láréttur) breytist og þá sérstaklega

hratt. Í flughæðum millilandavéla eru oft mjög hvassir láréttir vindstrengir, stundum nefndir skotvindar (e. Jet Stream). Vindhraði í þeim er oftast á bilinu 130-230 km/klst. en geta náð allt upp undir 450 km/klst. Við þessi skil getur orðið öflug ókyrrð. Þessi vindur er ósýnilegur (engin ský) en finnst vel, flugvélin fer upp og niður og stundum harkalega. Til að skilja þetta er gott að hugsa sér spegilslettan sjó, svo hvessir hraustlega og þá taka að myndast lóðréttar öldur og því stærri sem vindhraðinn er meiri. Sama gerist í háloftunum þegar hvessir. Fleiri tegundir ókyrrðar eru til og mun ég fjalla um þær síðar. Góða helgi.

Sunnudagur      Mánudagur

Reykjavík



Ísafjörður



Akureyri




Egilsstaðir



Kirkjubæjarklaustur



## Pondus



Eftir Frode Øverli

## Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

## Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

ÞJÓÐIN ER AÐ HORFA Á HRINGBRAUT!

33%

30 ára og eldri horfa vikulega á Hringbraut\*

30+

49%

50 ára og eldri horfa vikulega á Hringbraut\*

50+

h

\*Áhorfskönnun MMR - 26. nóv. - 4. des. 2020

# ÚTI, FLÍSAR

FYRIR  
ÍSLENSKAR  
AÐSTÆÐUR

MIKIÐ  
ÚRVAL  
Á LAGER

Flísar á mynd: Klint beige 60x60 cm



Opið virka daga frá 08:00-18:00

 **ALFABORG**  
- allt a gólfið -

Skútvogi 6  
104 Reykjavík  
Sími: 568 67 55  
[alfaborg.is](http://alfaborg.is)



## Nýr Land Cruiser 300 kemur ekki til Evrópu

njall@frettabladid.is

Toyota hefur frumsýnt flaggskip sitt, nýjan Land Cruiser 300 í Dúbaí. Staðsetningin þarf ekki að koma á óvart enda eru stærstu Toyota jepparnir vinsælustu bílarnir í Sameinada arabíska furstadæminu. Billinn kemur í sölu í sumar en því miður verður hann ekki seldur í Evrópu þrátt fyrir að hann mengi minna en fyrri kynslóð.

Billinn byggir á TNGA undirvagninum og er fyrsti grindarbillinn til að nota hann en útgáfan kallast GA-F. Fimmtán ár eru síðan að 200 serían kom fram á sjónarsviðið svo kominn var tími á endurnýjun. Nýjar vélar verða í bílnum, báðar V6 með tveimur forþjöppum, önnur 3,3 lítra dísilvél og hin 3,5 lítra bensín-



Útlit 300 seríunnar er kunnuglegt þótt það sé mun nýttiskulegra.

vél. Toyota hefur ekki gefið upp tækniupplýsingar yfir nýju vélarnar ennþá. Við þær verður 10 þrepa sjálfskipting og auk þess fær 300 línan endurhannað fjöðrunarkerfi. Innréttingin er endurhönnuð og fær breiðan upplýsingaskjá ásamt betra efnisvali en áður. Þrátt fyrir það verður billinn 200 kílóum léttari en 200 serían. ■

## SsangYong að færa sig í rafmagnið

njall@frettabladid.is

Meðal þess sem SsangYong hefur tilkynnt eru áætlanir um að framleiða jepping í millistærð svipaðan Skoda Enyaq og VW ID.4. Billinn er kallaður J100 eins og er og áætlað er að hann verði kynntur strax á næsta ári. Engar tækniupplýsingar hafa verið birtar um nýja bílinn en SsangYong sagði þó frá því árið 2018 að verið væri að þróa tvo rafdrifna undirvagna fyrir stærri gerðir jeppinga. SsangYong var komið á hálan ís fyrir ári síðan fjárhagslega en orðið hefur viðsnúningur eftir að áætlanir um framleiðslu rafbíla voru gerðar kunnugar. SsangYong hefur einnig staðfest að von sé á rafdrifnum pallbil en ekki er vitað hvort það er útgáfa af J100 bílnum.

Ásamt því að tilkynna um þessa bíla hefur SsangYong frumsýnt rafdrifna útgáfu Korando jeppingsins,



SsangYong hefur birt nokkrar tölvumyndir af bílnum sem sýna jeppa með hlíf fyrir varadekk á afturhlera.

en hún kallast e-Motion. Billinn mun fara í sölu í Evrópu í ágúst en ekki er vitað hvenær billinn kemur hingað til lands. Búast má við að hann verði verðlagður í samkeppni við ódýrari rafjeppinga eins og MG ZS EV. Útlitslega lítur billinn nánast eins út og aðrar útgáfur Korando með lítills háttar breytingum. Aðeins ein útgáfa verður í boði með 187 hestafla rafmótor og 61,5 kWst rafhlöðu með 420 km drægi. ■



Útlitsbreytingin er meiri en búist var við og afturljósinn verða á fleiri Lexus bílum í framtíðinni.

## Nýr Lexus NX kemur í tengiltvinnútgáfu

Lexus hefur nú frumsýnt nýja kynslóð Lexus NX jeppingsins og verður NX450h+ tengiltvinnútgáfa með 65 km drægi á rafhlöðunni.

njall@frettabladid.is

Nýr Lexus NX 450h+ verður fyrsti tengiltvinnbillinn frá Lexus. Fyrsta kynslóð hans kom á markað árið 2014 en alls hafa selst 170.000 ein-tök í Evrópu. Þessi önnur kynslóð bílsins er byggð á TNGA-K undirvagninum sem er sá sami og er undir Toyota RAV4 til dæmis. Lexus NX hefur stækkað nokkuð og er 20 mm lengri, 20 mm breiðari og 5 mm hærra en billinn sem hann leysir af hólmi. Auk þess er hjólhafið 30 mm lengra þökk sé nýja undirvagninum. Alls er billinn 60 mm lengri en RAV4 en annars mjög svipaður í öllum tölum.

Sama 2,5 lítra bensínvél er í NX og í RAV4 sem ásamt rafmótorum



Í tengiltvinnútgáfunni kemur billinn með stórum 14 tommu upplýsingaskjá með smáforriti við síma eigandans.

skilar 302 hestöflum. Rafhlaðan er 18,1 kWst og drægi hennar fullhlaðinnar er 65 km. Ódýrari útgáfa er NX 350h en hann er tvinnbill sem skilar 239 hestöflum. Það er talsvert betra en eldri gerðin skilaði og dugar það honum til að vera aðeins

7,7 sekúndur í hundradið. Hægt er að velja um bæði framdrif eða fjórhjóladrif í þessari útgáfu. Ekkert hefur verið gefið upp um hvort að rafdrifin útgáfa sé í kortunum en það er ekki ólíklegt ef horft er til litla bróður hans, Lexus UX. ■

## Nýr Bugatti Chiron Super Sport

njall@frettabladid.is

Bugatti hefur sett á götuna nýja útgáfu af ofurbíl sínum sem kallast einfaldlega Chiron Super Sport. Eins og áður en billinn búinn átta lítra W12 vél en með stærri forþjöppum og endurhönnuðum heddum skilar vélin nú 98 hestöflum í viðbót. Það þýðir að hámarksafl hennar er 1.578 hestöfl og tugið 1.600 Nm. Er það nóg til að koma bílnum úr 0-200 km hraða á aðeins 5,8 sekúndum. Til samanburðar er það hálfri sekúndu fyrr en nýr Volkswagen GTI er að fara í 100 km hraða. Að sögn Bugatti er hámarksbraðinn 440 km á klst.

Til að ráða við afluð er billinn búinn fjórhjóladrifi og hefur fengið nýja dempara og stífari gorma. Auk þess hefur Michelin sérhannað sérstök Pilot Sport Cup 2 dekk undir bílinn sem ráða við þennan hámarksbraða. Það eru einu dekkinn sem eiga að þola að ekið sé á þeim á 500 km hraða. Billinn hefur einnig verið endurhannaður með tilliti til loftflæðis en það er aðallega afturendinn sem hefur fengið yfirhalingu. Billinn er 250 mm lengri að aftan og búinn enn stærri loftdreifara. Komið er stærðarinnar þústkerfi með fjórum stútum. Loks er búið að endurhanna loftskiptinn að framan, auk þess að breyta loftgöngum við framvæg til að beina ókyrru lofti frá hjólaskálunum. ■



Verðmiðinn á nýjum Bugatti Chiron Super Sport er litlar 463 milljónir króna.



Búið er að breyta afturendanum mikið, sem er 250 mm lengri og með nýjum loftdreifara.



100% rafdrifinn Hyundai

# KONA EV

Ný hönnun og  
enn meiri drægni



## Frábær í borginni og fullkominn í ferðalagið

Með nýrri hönnun, fullkomnari búnaði og meiri drægni er þessi frábæri rafdrifni borgarjeppi orðinn enn meira aðlaðandi. Komdu og reynsluaktu nýjum og endurbættum Hyundai KONA EV sem nú er einnig á betra verði en áður.

Hyundai KONA EV Style. Verð 5.990.000 kr.  
Drægni allt að 484 km\*

Skoðaðu nýjan KONA á [hyundai.is](http://hyundai.is).

Opið í dag frá 12–16



Hyundai | Kaupþúni 1 | Sími 575 1200 | [www.hyundai.is](http://www.hyundai.is)



Hyundai býður eina víðtækustu ábyrgð sem til er. Ábyrgð á öllum nýjum Hyundai bílum er sjö ár/150.000 km akstur, hvort sem kemur á undan. Átta ár/160.000 km ábyrgð er á rafhlöðum. Staðbundnir skilmálar gilda. Kynntu þér allt um ábyrgðina á [hyundai.is](http://hyundai.is)



Tónskáldið Benjamin Britten.

## Jökla með fyrstu tónleika sína

kolbrunb@frettabladid.is

Kammerhópurinn Jökla heldur fyrstu tónleika sína undir yfirskriftinni Jökla blæs sumarvinda, í Hannesarholti sunnudaginn 20. júní klukkan 14.

Á efnisskrá eru verk eftir J. C. Bach, Gísla Magnússon, Benjamin Britten og Bernhard Henrik Crusell. Hópin skipa Julia Hantschel, óbó, Grímur Helgason, klarínett, Gunnhildur Daðadóttir, fiðlu, Guðrún Hrund Harðardóttir, lágfíðlu og Guðný Jónasdóttir, selló. ■

## Styrkur sem er góð hvatning

Svanhildur Lóa Bergsveinsdóttir, slagverks- og trommu-leikari, hlaut nýlega styrk úr Minningarsjóði Kristjáns Eldjárns gítarleikara.

kolbrunb@frettabladid.is

„Þetta er mikill heiður, hvatning og virkilega skemmtilegt,“ segir Svanhildur.

Hún byrjaði í tónlistarskóla sex ára gömul, þá á blokkflautu. „Þegar ég var átta ára, um leið og ég mátti, byrjaði ég í Skólahljómsveit Grafarvogs að læra á trommur og slagverk.“

Spurð hvað hafi heillað hana við trommurnar segir hún: „Þegar ég var fjögurra ára var ég búin að ákveða mig. Þetta var hljóðfærið sem heillaði mig mest. Ég var bankandi í allt bæði heima og í skólanum.“

Svanhildur hefur komið víða við í tónlistinni og leikið með fjölmörgum listamönnum. Hún er í hljómsveitinni sem spilar í Karde-mómmubænum sem Þjóðleikhúsið hefur sýnt við miklar vinsældir. „Ég hef alltaf verið heilluð af leikhúsumhverfinu og það er mjög gaman að fá að starfa í því, enda var það lengi draumur hjá mér.“

COVID hefur sannarlega sett sitt mark á tónlistarlífið í landinu. „Ég byrjaði að kenna síðastliðið haust, það kom sér vel þegar verkefnið byrjuðu að falla niður. Ég nýtti tímann líka vel í að æfa mig og taka upp alls konar tónlist með mismunandi tónlistarfólki. Þannig að ég náði að gera slatta. Nú er allt að fara í gang



Ég hef alltaf ætlað mér að vinna við þetta, segir Svanhildur Lóa.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

”

Ég var bankandi í allt bæði heima og í skólanum.

og ég er byrjuð að spila fyrir fólk aftur, sem ég hef saknað mikið.“

Hún segir ýmislegt fram undan. „Leikhúsið er að byrja aftur, svo er margt fram undan með til dæmis söngkonunni Salóme Katrínu og Cell7 rappara, meðal annars nokkrar stuttar ferðir erlendis að spila. Það er nokkuð pakkaður vetur

fram undan, sem er mjög gaman.“

Svanhildur er 24 ára og spurð hvort hún ætli að gera tónlistina að lífsstarfi segir hún: „Algjörlega. Ég hef alltaf ætlað mér að vinna við þetta. Þess vegna er þessi styrkur svo góð hvatning. Hann minnir mig á að það sé hægt og að ég sé að gera eitthvað sem skiptir máli.“ ■

## Afro-Cuban kvintett á Jómfrúnni

kolbrunb@frettabladid.is

Hin árvissa djasssumartónleikaröð veitingahússins Jómfrúarinnar við Lækjargötu hefst í dag, laugardaginn 19. júní. Þetta er tuttugasta og sjötta árið í röð sem Jómfrúin býður þeim sem heyra vilja upp á ókeypis sumarskemmtun á laugardagseftirmiddögum. Eins og undanfarin ár er dagskrárgerð og kynning í höndum Sigurðar Flosasonar.

Á fyrstu tónleikum sumarsins leikur hljómsveitin Afro-Cuban kvintett Einars Scheving. Karabísk stemning mun svífa yfir vötnum en kvintettinn leikur lög Einars í bland við útsetningar hans af tókulögum úr ýmsum áttum.



Kvintett Einars Scheving spilar.

Auk Einars Scheving, sem leikur á trommur, skipa hljómsveitina þeir Phil Doyle á saxófón, Ari Bragi Kárason á trompet, Eypór Gunnarsson á píanó og slagverk og Róbert Þórhallsson á bassa. Tónleikarnir fara fram utandrya á Jómfrúartorginu. Þeir hefjast kl. 15 og standa til kl. 17. Aðgangur er ókeypis. ■

## Þau leika Emil og Ídu

kolbrunb@frettabladid.is

Búið er að velja fjögur börn sem fara með hlutverk Emils og Ídu í sýningunni Emil í Kattholti sem frumsýnd verður í nóvember í Borgarleikhúsinu.

Með hlutverk Emils fara þeir Gunnar Erik Snorrason og Hlynur Atli Harðarson sem báðir eru tíu ára. Ída verður leikin af Sóley Rún Arnarsdóttur, níu ára og Þórunni Obbu Gunnarsdóttur, átta ára.

Æfingar á Emil í Kattholti hefjast í september og frumsýning verður í lok nóvember. Leikstjóri er Þórunn Arna Kristjánsdóttir og tónlistarstjóri er Agnar Már Magnússon. ■



Þórunn Obba, Gunnar Erik, Hlynur Atli og Sóley.

 **vodafone**



+



+

Mömmustrákur, barnabók Guðna Kolbeinssonar, hefur verið endurútgefin. Nú kemur hún út með myndum eftir Kristínu Bertu Guðnadóttur, dóttur höfundar.

Mömmustrákur kom út árið 1982, var endurprentuð nokkrum sinnum og hefur lengi verið ófáanleg.

Mömmustrákur fjallar um Helga, sem býr með einstæðri móður sinni og þráir að hitta föður sinn. Sagan segir frá ýmsum ævintýrum hans.

Hvað kom til að Guðni ákvað að skrifa bókina? „Ég var byrjaður að þýða barnabækur og mér datt í hug hvort ég gæti ekki skrifað eina slíka og gerði það. Ég samdi hana með upplestur í útvarp í huga og þess vegna voru allir kaflarnir jafnlangir. Svo prófaði ég hana á krökkunum mínum og sagði að þetta væri bók sem ég væri að þýða. Þeim leist mjög vel á, en þegar ég upplýsti þau um sannleikann undir lokin neituðu þau að trúa mér.“

En af hverju valdi hann þetta söguefni? „Ég hygg að það sé skárra að höfundur þekki sem best þær aðstæður sem hann setur sögupersónur sínar í. Ég var afrakstur sambands sem síðan leystist upp og fylgdi einstæðri móður minni í vistum hennar allvíða um land fyrstu fimm ár ævinnar eða rúmlega það. Þetta var vitaskuld fyrir daga helgarpabba og þess háttar, þannig að ég hitti föður minn ekki oft á bernskuárunum. Aðstæður mínar voru því um margt líkar og hjá Helga litla í sögunni. Stöku atburði sækir ég í eigin reynslu en geri þá reyndar oftast talsvert sögulegri en þeir voru í raun, aðra í reynslu annarra barna, til dæmis úr ætt konu minnar, og sumir atburðir eru að öllu leyti uppdiktaðir.“

Þessi frumraun Guðna hlaut Barnabókaverðlaun Fræðsluráðs Reykjavíkur. „Svo skrifaði ég aðra bók um köttinn Kela og fékk engin verðlaun og þá hætti ég þessu,“ segir Guðni og hlær.

#### Fallegur prentgripur

Ragnar Lár myndskreytti Mömmustrák á sínum tíma en nýja útgáfan er með myndum eftir dóttur Guðna, Kristínu Bertu. „Bókin seldist upp og alltof mörg barnabörn mín áttu hana ekki. Ég ætlaði að gefa hana út sjálfur og spurði Jónas Sigurgeirsson hjá Bókafélaginu ráða og honum fannst einfaldast að gefa hana út fyrir mig. Mér finnst gaman að fá hana gefna út aftur. Hún er fallegur prentgripur. Björn H. Jónsson, sem braut hana um og hannaði kápu og útlit, er snillingur,“ segir Guðni.

#### Sögur um pabba

Kristín Berta segist muna vel eftir því þegar faðir hennar las söguna fyrir þau systkinin á sínum tíma.



Bók Guðna Kolbeinssonar, Mömmustrákur, hefur verið endurútgefin. Kristín Berta, dóttir hans, gerði myndirnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Mömmustrákur að nýju




Kolbrún Bergþórsdóttir  
kolbrunb  
@frettabladid.is

„Ég hef lesið hana margofter síðan. Þegar ég var unglíngur áttaði ég mig á því að þarna voru alls konar sögur um pabba. Hann hafði sagt okkur frá æsku sinni og ýmislegt sem gerist þarna er hans saga í bland við skáldskapinn. Þessi bók hefur alltaf átt sinn stað í hjörtum okkar systkinanna.“

Hún segir að það hafi verið skemmtilegt verk að gera myndirnar í bókina. „Pabbi sagði mér að hann hefði í hyggju að gefa hana út þegar hann yrði 75 ára. Ég mála en er ekki mikill teiknari og sagði honum að ég kynni ekki að teikna fólk. Hann sagði að ég skyldi bara teikna það sem ég vildi. Fyrsta myndin sem ég gerði var af silungi og hann sagði: Hann er svolítið eins og lax. Þá leiðrétti ég það bara strax fyrir veiðimanninn. Svo kom þetta allt saman og gekk vel.“

#### Gamall glæpur

Nú er þessi vinsæla en lengi ófáanlega bók komin út að nýju. Guðni ljóstrar um leið upp um gamlan glæp: „Eiginmaður Kristínar Bertu, tengdasonur minn, viðurkenndi



þegar ég hafði þekkt hann um hríð, að hann hefði á sínum yngri árum „stolið“ Mömmustrák af Amtsbókasafninu á Akureyri þar sem hann hafði gleymt að skila bókinni. Hann reyndi síðan að fela glæpin með því að klippa bókasafnsmerkið af kápunni. Þetta hefur vakið nokkra kátínu í fjölskyldunni.“ ■



Svo prófaði ég hana á krökkunum mínum og sagði að þetta væri bók sem ég væri að þýða.



Diddú syngur á sunnudag.

## Diddú í Saurbæ

Kolbrún Bergþórsdóttir

Sumartónleikar Hallgrímskirkju í Saurbæ, Hvalfirði, hefjast á sunnudaginn 20. júní. Alls verða níu tónleikar í sumar hvern sunnudag kl. 16 frá 20. júní til 15. ágúst. Allur ágóði rennur til styrktar staðnum.

Tónleikaröðin hefst sunnudaginn 20. júní kl. 16.00 þegar Diddú og drengirnir, ásamt kór Saurbæjarprestakalls, flytja sönglög úr ýmsum áttum. Drengirnir eru Sigurður Ingvi Snorrason og Kjartan Óskarsson á klarínnettur, Frank Hammarin og Þorkell Jólsson á horn og Brjánn Ingason og Snorri Heimisson á fagott. ■



Gengið verður um Viðey á mánudag.

## Sumarsólstöður verða í Viðey

Kolbrún Bergþórsdóttir

Farin verður sumarsólstöðuganga í Viðey mánudagskvöldið 21. júní en á sólstöðum er sólargangur lengstur hér á norðurhveli jarðar og hádegis-sólin hættir að hækka dag frá degi.

Gestur göngunnar verður Hafðís Hrönn Hafsteinsdóttir, lögfræðingur og stjórnaformaður Félags Sameinuðu Þjóðanna á Íslandi, sem flytur þáttakendum ávarp.

Farin verður gönguleið um vesturhluta Viðeyjar en á leiðinni mun sérfræðingur frá Listasafni Reykjavíkur segja gestum frá verkinu Áföngum eftir bandaríska listamanninn Richard Serra, sem er á þessum hluta eyjarinnar.

Sumarsólstöðugangan hefur nú verið stunduð árlega síðan 1985. Siglt verður frá Skarfabakka kl. 20 og til baka ekki seinna en kl. 23. ■



+



= 19.990 kr.

ALLT ÓTAKMARKAÐ

# Í kvöld á Hringbraut



## UNDIR YFIRBORÐIÐ

Sérstakur þáttur um þolendur ofbeldis í umsjá **Ásdísar Olsen** í tilefni **Kvenréttindagsins**.

Sláandi lýsingar þolenda sem hafa upplifað ofbeldi á eigin skinni.

„Ég fékk stimpil á mig að ég væri **drusla** þegar ég var **15 ára** af því að ég var með stór brjóst.“

„Ég reyndi **að ýta þeim af mér** til skiptis en það var allt einhvern veginn í móðu.“

„Ég er flutt úr landi. Hann er ennþá lögreglumaður og kennir börnum á bíl.“

„Mig **langar ekki** að vera í þessum líkama og oft langar mig ekki til að lifa.“

Ekki missa af þessum mögnuðu frásögnum á Hringbraut í kvöld **kl. 19.00** – og aftur kl. 21.00.

Fylgstu með!



## DAGSKRÁ

19. júní 2021 LAUGARDAGUR

# Laugardagur

### Hringbraut

- 18.00 433.is (e)** 433.is er fréttar- og viðtalsþáttur um íþróttirnar heima og erlendis.
- 18.30 Sir Arnar Gauti (e)** Lífstílsþáttur með Arnari Gauta sem fjallar um heimili, hönnun, matar- og veitinga- húsamenningu, arkitektúr og margt fleira.
